FRÉTTABLAÐIÐ
212. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 8. SEPTEMBER 2018



# 9% hafa reynt sjálfsvíg

Af 10.539 nemendum í framhaldsskóla höfðu 963 gert tilraun til sjálfsvígs árið 2016. Sérfræðingar rýna í ástæður og úrræði og segja það gríðarlega mikilvægt að innleiða geðrækt á öllum skólastigum. → 30

**1.714** stúlkur höfðu einhvern tímann um ævina hugleitt sjálfsvíg af alvöru.

Þunglyndi, reiði og lítill stuðningur frá foreldrum þekktir forspárþættir fyrir sjálfsvígshegðun.

**1.120** drengir höfðu einhvern tímann um ævina hugleitt sjálfsvíg af alvöru.

Aðgerðaáætlun starfshóps til að fækka sjálfsvígum til skoðunar hjá ráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Nýr þjálfari landsliðsins

Erik Hamrén í opnu viðtali. → 44



## KALDA á tískuvikunni í London

Skóhönnuðurinn Katrín Alda. → 32

## Nokkra vantar á skrá horfinna

Engar skýrslur finnast. → 40











## Veður




Suðaustan og austan 5-13 og rigning á Suðausturlandi í dag, rigning með köflum sunnan og vestan til. Úrkomulítið í öðrum landshlutum. Hiti 8 til 16 stig. Hlýjast fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 48

# Þingsetning undirbúin



149. löggjafarþing verður sett þriðjudaginn 11. september næstkomandi. Dagskrá verður með hefðbundnu sniði. Guðsþjónusta verður í Dómkirkjunni klukkan 13.30 og forseti Íslands ávarpar þingheim rúmum hálftíma síðar. Þá verða ættjarðarlögin á sínum stað. Að því loknu draga þingmenn um sætaskipan og fjárlagafrumvarpi verður útbýtt. Starfsfólk Alþingis var í óðaönn að undirbúa þingfundinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Papadopoulos dæmdur í 14 daga fangelsi

**BANDARÍKIN** George Papadopoulos, fyrrverandi ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, var í gær dæmdur í fjórtán daga fangelsi fyrir að ljúga í yfirheyrslum hjá FBI.

Papadopoulos var fyrsti ráðgjafi Trumps sem var handtekinn af FBI í tengslum við rannsókn FBI á afskiptum Rússa af forsetakosningunum í Bandaríkjunum árið 2016. Í yfirheyrslum sagði hinn dæmdi ekki satt og rétt frá ferðum sínum til og frá Moskvu. Hann játti sök í október í fyrra.

Auk fangelsisvistarinnar þarf Papadopoulos að halda skilorð í tólf mánuði og sinna 200 klukkustunda samfélagsþjónustu. Þá var hann dæmdur til greiðslu 9.500 dollara sektar, andvirði rúmlega milljón íslenskra króna á gengi dagsins í dag. – **jóe**




Frá Loftslagsgöngunni í Reykjavík árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Loftslagsgangan farin í dag

**UMHVERFISMÁL** Loftslagsgöngur verða gengnar víða um heim í dag. Í Reykjavík verður gengið fyrir loftslagið í þriðja sinn frá Hallgrímskirkju klukkan 14.00 og niður Skólavörðustíg, Laugaveg og Bankastræti að Lækjartorgi.

Að sögn skipuleggjenda er krafa göngunnar í ár einföld, að tafarlaust verði gripið til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

„Við teljum að það sé stjórnvalda að skapa og leggja leikreglur fyrir samfélagið sem draga úr losun, við köllum eftir aðgerðaáætlun frá stjórnvöldum,“ segir Hildur Knútsdóttir, einn skipuleggjenda. „Ríkisstjórnin verður að draga vagninn og greiða götuna fyrir sjálfbæru samfélagi,“ segja skipuleggjendur. – **khn**






# Býst við erfiðum leik gegn íslenska liðinu

**Ísland mætir Sviss í fyrsta leik Þjóðadeildarinnar ytra í dag og segir Gylfi Þór Sigurðsson að leikmenn taki þessu fagnandi frekar en æfingaleikjum. Þjálfari Sviss segir það magnað hversu marga frábæra leikmenn á Ísland eigi.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið hefur leik í nýrri keppni, Þjóðadeild UEFA, í dag þegar það mætir Sviss á Kybunpark-vellinum í St. Gallen. Er þetta ný keppni sem Evrópska knattspyrnusambandið setti á laggirnar til að fækka þýðingarlausum æfingaleikjum.

Góður árangur Íslands á undanförnum árum, ferðirnar tvær á lokamót HM og EM þýða að við erum í deild með stóru strákunum. Belgía vann til bronsverðlauna á nýafstöðnu HM og Sviss hefur verið meðal 20 efstu þjóða á heimslista FIFA undanfarin tíu ár.

Talsverð skakkaföll hafa orðið á liðinu vegna meiðsla, Alfreð Finnbogason, Aron Einar Gunnarsson og Jóhann Berg Guðmundsson eru fjarverandi vegna meiðsla og mun Gylfi Þór Sigurðsson bera fyrirliðabandið í fjarveru Arons. Aðspurður segist Gylfi taka því fagnandi að fá strax keppnisleiki í stað æfingaleikja og að honum lítist vel á Þjóðadeildina.

„Þessi keppni hljómar vel, þetta er skemmtilegra en vináttuleikir því í þessari keppni er eitthvað undir í hverjum leik. Þetta er annar möguleiki fyrir minni liðin til að komast inn á Evrópumótið og á sama tíma fáum við að prófa okkur gegn tveimur frábærum liðum.“

Þetta verður í sjöunda skiptið sem þessi lið mætast og hefur Íslandi aldrei tekist að vinna Sviss. Þrátt fyrir það er greinilegt að Vladimir Petkovic, þjálfari Sviss, ber mikla virðingu fyrir Íslandi og afrekum liðsins síðustu ár.

„Ísland hefur náð frábærum árangri undanfarin ár, vann riðilinn í undankeppni HM með silfurliði Króatíu og var svo óheppið að fara ekki áfram í




Gylfi Þór Sigurðsson mun bera fyrirliðabandið í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Að eiga marga góða leikmenn frá jafn lítilli eyju og Íslandi er ansi hreint magnað.**
>
> Vladimir Petkovic, landsliðsþjálfari Sviss

riðlakeppninni. Íslenska liðið er með góða blöndu af ungum og eldri leikmönnum og nýjan þjálfara sem ég þekki vel og veit hvað hann getur. Framtíðin er björt hjá íslenska landsliðinu og við eigum von á erfiðum leik þó að við förum í hann til að vinna.“

Honum finnst magnað að lítil eyja á borð við Ísland eigi jafn marga leikmenn í fremstu röð og raun ber vitni.

„Að eiga marga góða leikmenn frá jafn lítilli eyju og Ísland er, er ansi hreint magnað. Undanfarin ár hafa sífellt fleiri íslenskir leikmenn verið að koma fram og hafa þegar öðlast reynslu í fremstu röð.“

**kristinnpall@frettabladid.is**


RÝMINGARSALA
50-60% afsláttur af allri SEJS línunni
YFIR 3.000 VÖRUNÚMER Á LÆKKUÐU VERÐI
62% afsláttur
FULLT VERÐ: 39.950
14.950
PRO GAME LEIKJASTÓLL
Stillanlegur bakpúði sem gefur betri stuðning. Innbyggð gaspumpa sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Blár/svartur. Vnr. 8880001016
Allt að 58% afsláttur
KAUPTU FLEIRI OG SPARAÐU
1 STK. FULLT VERÐ: 14.950
7.995
ANDY STÓLL
Fæst í 4 litum. 1 stk. 7.995 nú 4 stk. 25.000
Fætur úr gegnheilli, lakkaðri eik.
Vnr. 8880000790
60x180 cm 2.495 nú 995
60x250 cm 2.995 nú 995
Allt að 66% afsláttur
AINO RÚMRENNINGUR
Grár og svartur.
Vnr. 550-31120, 550-31119, 550-3121, 550-31122
995
PURE DEAD SEA SNYRTIVÖRUR
Vnr. 331-11-1060
Sjampó 500 ml 895 nú 399
Hárnæring 500 ml 895 nú 399
Sturtusápa 500 ml 895 nú 399
Fótakrem 150 ml 795 nú 399
Handáburður 75 ml 499 nú 249
Body lotion 180 ml 795 nú 399
Baðsalt 900 ml 895 nú 399
Allt að 55% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
249
MINIA
BONNIE
Allt að 49% afsláttur
KAUPTU FLEIRI OG SPARAÐU
1 STK. FULLT VERÐ: 5.900
3.995
MINIA OG BONNIE STÓLAR
MINIA hvítur. BONNIE hvítur og grár. 1 stk. 3.995 nú 4 stk. 12.000
Vnr. 8880001098, 8880001101, 8880001102
Hæð 150 cm
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 14.950
7.475
PANDORA SKARTGRIPASKÁPUR
Skartgripaskápur með spegli. Hvítur og svartur.
Vnr. 329-15-1008, 329-14-1012
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
KAUPTU FLEIRI OG SPARAÐU
Allt að 66% afsláttur
1 STK. FULLT VERÐ: 499
249
TURE BOLLI
1 stk. 249 nú 6 stk. á 1.000 Vnr. 321-16-1129
RENE FLOKKUNARPOKAR
Góðir pokar fyrir enduvinnanlegt sorp. 3 stk. í pakka. Með frönskum rennilás sem heldur þeim saman.
1 pakki 895 nú
2 pakkar á 1.200
Vnr. 324-15-1029
KAUPTU FLEIRI OG SPARAÐU
Kauptu 2 pakka og sparaðu 33%
1 PAKKI
895

TÖLUR VIKUNNAR 02.09.2018 - 08.09.2018

**133.000 krónur**

á mánuði er hækkun grunnlauna borgarfulltrúa, eða 22,4 prósent, síðan borgarstjórn ákvað í apríl í fyrra að binda laun kjörinna fulltrúa við þróun launavísitölu.

**6.000**

störfuðu í leikskólum landsins í desember í fyrra. Konur voru tæp 94 prósent. Tæpur helmingur barna fæddra 2016 var í leikskóla í desember en alls sóttu þá rúmlega 19.000 börn leikskóla.

**12%**

af þeim rúmlega 15 þúsundum nýrra fólksbíla sem seldust fyrstu 8 mánuði ársins voru rafmagnsbílar.

**466.800**

voru gistinætur á hótelum í júlí síðastliðnum sem er 1,4% samdráttur frá sama mánuði árið áður. Um 51% allra gistinátta var á höfuðborgarsvæðinu eða 238.700.

**213 m**

of stutt var brautin í maraþoninu í ágúst. Tilfærsla grinda er sögð ástæðan. Úrslit standa en tímar eru ógildir.

**25 milljörðum króna**

nam hagnaður sjö stærstu útgerðarfélaga landsins í fyrra. Hagnaður Samherja nam 14,4 milljörðum og mun félagið greiða 1.270 milljónir í arð til hluthafa.

## Þrjú í fréttum
### Lax, lífsháski og plast

**Sturla Birgisson**
*stangveiði- og matreiðslumaður*



gekk úr Klúbbi matreiðslumeistara vegna samnings við Arnarlax.

**Ásta Stefánsdóttir**
*sveitarstjóri í Bláskógabyggð*



sagði ferðamenn sem hunsa varúðarskilti við Gullfoss vera í lífsháska. Um væri að ræða algjört vanmat á aðstæðum og ofmat á eigin getu. Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, sagði fólk alltaf þurfa að láta ljósmynda sig á mörkum lífs og dauða. Merkilegt væri að ekki hefðu orðið fleiri slys.

**Jóhanna Gísladóttir**
*formaður átaksins Plastlaus september*



segir að það sem hafi virkað vel fyrir hana sé að vera vel undirbúin fyrir hvern dag eins og til dæmis að muna eftir fjölnota pokanum og fjölnota kaffimálinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Óttast að malbikaður stígur sé kominn til að vera á Austurvelli

**Nýr vegur sem lagður hefur verið vegna framkvæmda á Landssímareitnum vekur ugg um að Austurvöllur verði aldrei endurheimtur allur. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, segir öfgar ríkjandi í skipulagsmálum í Reykjavík og dregið úr því sem geri miðbæinn sérstakan og aðlaðandi.**



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og malbikaði vegurinn fyrir neðan sem teygir sig inn á Austurvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SKIPULAGSMÁL** „Maður vill trúa því að þetta eigi að vera tímabundið en hversu lengi á það tímabundna ástand að vara?“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, um malbikaða leið við Austurvöll meðfram Landssímahúsinu.

Framkvæmdir standa nú yfir á Landssímareitnum þar sem meðal annars verður nýtt hótel. Veggur er risinn utan við lóðina og nýr vegur hefur verið malbikaður þar austan við og nær hann inn á Austurvöll.

„Hvers vegna er verið leggja þarna veg og malbika hann?“ spyr Sigmundur. „Er það til marks um það að þetta verði svona í mörg ár? Svo er hættan líka sú að það sem kynnt er sem bráðabirgðaráðstöfun í upphafi reynist á endanum varanlegt.“

Jóhannes Stefánsson, framkvæmdastjóri Lindarvatns sem stendur að uppbyggingunni á Landssímalóðinni, segir vegargerðina vera samkvæmt athafnaleyfi frá borginni og að kröfu slökkviliðsins og Alþingis. Slökkviliðið þurfi aðgengi að Vallarstræti og Alþingi að skrifstofum við Austurvöll. Þar sé Alþingi með skóla fyrir börn sem meðal annars fatlaðir nemendur sæki.

„Það þurfti líka að vera almennileg gönguleið fyrir þingmenn,“ segir Jóhannes sem kveður allt verða sett í fyrra horf að framkvæmdum loknum. „Þetta verður ekkert þarna.“

Sigmundur segist sjá málið sem hluta af „ótrúlegum“ framkvæmdum sem séu í gangi í miðbænum í Reykjavík, kannski ekki síst þeim við Austurvöll, sem honum þyki algjörlega óskiljanlegt að hafi verið leyfðar.

„Ef við byrjum á því jákvæða þá held ég að það sé alveg borðleggjandi að hafa opið og einhverja þjónustu í Landssímahúsinu og það er til bóta. En að fara að byggja annað stórhýsi við húsið þar sem ekki er pláss fyrir það og gera það með því að grafa burt hluta af gamla kirkjugarðinum og malbika svo yfir hluta af Austurvelli eru skýr merki um þær öfgar sem eru ríkjandi í skipulagsmálum og framkvæmdum í miðbænum í Reykjavík,“ segir hann.

Að sögn Sigmundar tengjast margar þær skipulagsöfgar sem hann nefnir svo hótelbyggingunum.

„Þær eiga það sameiginlegt að ganga á umhverfið á ýmsan hátt og draga úr því sem gerir miðbæinn í Reykjavík aðlaðandi og sérstakan en setja í staðinn eitthvað sem ætti kannski heima í Borgartúni en er ekki til þess fallið að bæta miðbæinn.“

**gar@frettabladid.is**

> **Hvers vegna er verið leggja þarna veg og malbika hann?“ spyr Sigmundur. „Er það til marks um það að þetta verði svona í mörg ár?“**
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins

**RAM 3500. NÝ SENDING VAR AÐ LENDA.**

ramisland.is



**TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.**
**RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 5.960.000 ÁN VSK.**
KR. 7.390.400 MEÐ VSK.



**RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM



Rafmagnaður
Audi Q7 e-tron quattro
Q7 e-tron
5 ára ábyrgð
Aukahlutir umfram staðalbúnað:
‣ Sportsæti með leður-/alcantara- áklæði
‣ Samlitir brettakantar og stuðarar
‣ Audi Connect tenging fyrir SIM kort
‣ Google Map tenging með StreetView
‣ Snjallsímatenging fyrir Google Play og Apple Carplay
‣ Dökkar rúður
‣ Leðurklætt sport aðgerðastýri, fjögurra arma með flipaskiptingu
‣ Bakkmyndavél
‣ LED inniljósapakki
‣ Lykillaust aðgengi með snertilausri opnun á afturhlera
‣ Ambient inniljósapakki (stemningslýsing)
‣ Lengri hleðslukapall
‣ 20” álfelgur 10-Spoke Star Design
‣ Dráttarbeisli með bakkaðstoð
‣ Hæðastillanleg loftpúðafjöðrun
Nokkrir Audi Q7 e-tron quattro hlaðnir aukahlutum á einstöku tilboðsverði.
Á rafmagninu kemstu flestra þinna daglegra ferða en í lengri ferðum tekur dísilvélin við.
Meðal staðalbúnaðar eru LED framljós, MMI Navigation Plus, íslenskt leiðsögukerfi og Audi Virtual stafrænt mælaborð. Q7 e-tron getur lagt sjálfur í stæði, bakkað með kerru og ýmislegt fleira en enginn annar fjöldaframleiddur bíll býður upp á fleiri aðstoðarkerfi. Með Audi Connect í símanum getur þú tengst bílnum, stýrt miðstöð, skoðað stöðu á rafhlöðu og fleira og þú þarft aldrei að setjast inn í kaldan bíl.
Listaverð ~~11.730.000~~ kr.
Tilboðsverð 10.990.000 kr.
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Efling vill kanna samflot með VR

**KJARAMÁL** Stjórn Eflingar hefur samþykkt ályktun þar sem formanni og forystu félagsins er falið að kanna grundvöll þess að efna til samflots í komandi kjaraviðræðum.

Er þar horft til tveggja stærstu hópa launafólks á landinu, almenns verkafólks innan Starfsgreinasambandsins og verslunarfólks innan VR og Landssambands verslunarmanna.

Í ályktuninni segir að það sé mat stjórnar Eflingar að samflot þessara aðila myndi færa verkalýðshreyfingunni mikinn styrk og slagkraft í viðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld.

Haft er eftir Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar, að mjög gott samband hafi myndast með nýrri forystu VR og í því felist miklir möguleikar. Með samfloti þessara aðila yrði mögulega til öflugasta bandalag sem sést hefur í kjarasamningum. **– sar**

## Silungur endaði í fráveitukerfinu

**UMHVERFISMÁL** Rekstraraðilar eldisstöðvarinnar N-lax að Auðbrekku í Húsavík eru til skoðunar hjá Fiskistofu eftir að hafa ekki tilkynnt um slysasleppingu á regnbogasilungi í síðasta mánuði. Lögum samkvæmt er skylda að tilkynna slík slys.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun segir að við slátrun úr einu keri fyrirtækisins hafi rist losnað af niðurfallsröri í kerinu og fiskar komist í frárennsli stöðvarinnar sem rennur í fráveitukerfi Húsavíkur.

„Fyrir liggur að eldisfiskar bárust í fráveitu bæjarins.“

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er umfang slyssins óljóst en talið óverulegt. N-lax áætlar að 300 regnbogasilungar hafi verið í kerfinu þegar atvikið átti sér stað og uppgefnar sláturtölur gefi til kynna að hátt hlutfall þeirra hafi skilað sér í slátrun.

„Engin hreinsun er í fráveitukerfinu og því ekki hægt að útiloka að lifandi fiskur hafi borist til sjávar. Eldisfiskurinn er ófrjór og getur ekki fjölgað sér í íslenskri náttúru.“ **– smj**

# Segir áherslurnar kolrangar í samræmdu íslenskuprófi

**Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði, gagnrýnir kynningarpróf fyrir samræmd próf í íslensku fyrir 9. bekk. Hann telur kolrangar áherslur vera í prófinu sem sé ekki í samræmi við námskrá. Spurningar snúist ekki um kunnáttu og þekkingu heldur máltilfinningu.**



Þessar stúlkur, og fleiri, lentu í vandræðum með próf í vegna tæknilegra erfiðleika. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MENNTAMÁL** „Ég hef gert athugasemdir við þessi próf undanfarin fimm ár en þær hafa greinilega engin áhrif. Mér finnst þau fara heldur versnandi ef eitthvað er. Á meðan ekkert breytist held ég áfram, því þetta er virkilega alvarlegt mál,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði, um kynningarpróf vegna samræmds prófs í íslensku fyrir 9. bekk.

Umrætt könnunarpróf er að finna á vef Menntamálastofnunar en fram undan er endurfyrirlögn samræmdra prófa í íslensku og ensku í tíu grunnskólum. Nemendur lentu í tæknilegum vandræðum þegar prófin voru haldin í mars síðastliðnum en 130 skólar völdu að leggja prófin fyrir aftur síðastliðið vor.

Eiríkur telur það klárt mál að prófin undanfarin ár hafi ekki verið í samræmi við námskrá. Meðal annars hafi verið sýnt fram á það í nýlegri meistararitgerð Ýrar Þórðardóttur. Það sem Eiríkur gagnrýnir sérstaklega er málnotkunarhluti prófsins.

„Ég hef auðvitað ekki séð sjálft prófið en maður hlýtur að ætla að kynningarprófið gefi rétta mynd. Annars væri verið að leiða nemendur á villigötur. Það eru kolrangar áherslur í þessum hluta prófsins.“

Að sögn Eiríks er framsetningin bæði alvarleg gagnvart tungumálinu og málnotendum. „Það er viðurkennt að viðhorf málnotenda, ekki síst ungs fólks, til tungumálsins skiptir miklu máli fyrir framtíðarhorfur tungumálsins. Ef þeir eru neikvæðir gagnvart tungumálinu er það ekki til þess fallið að styrkja það. Ég held að próf af þessu tagi skapi ekki jákvætt viðhorf til íslenskunnar.“

Hann segir það sérstaklega slæmt að beinlínis sé verið að veiða nemendur í gildrur, meðal annars með

> Það er verið að athuga hvað nemendur kunna ekki, frekar en hvað þeir kunna.
>
> Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði



því að lauma tveimur villum í sömu spurningu. „Það er verið að athuga hvað nemendur kunna ekki, frekar en hvað þeir kunna.“

Þá telur Eiríkur að með prófinu sé ekki verið að prófa kunnáttu og þekkingu nemenda heldur máltilfinningu þeirra, sem sé allt annað.

„Máltilfinning barna mótast af því málumhverfi sem þau alast upp í. Það má líkja þessu við trúna. Börn taka oft þá trú sem foreldrarnir hafa og það má ekki mismuna eftir því. Börn sem eiga menntaða foreldra sem tala „rétt mál“ standa betur að vígi því þau heyra þetta viðurkennda mál á máltökustigi.“

sighvatur@frettabladid.is

## Dæmi um spurningar í könnunarprófinu

### Hvað telst gott mál?

- ☐ Mig syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.
- ☐ Honum syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.
- ☐ Mér syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.
- ☐ Henni syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.

### Hvað telst gott mál?

- ☐ Ég saknaði engans.
- ☐ Það var beðið mig að vaska upp.
- ☐ Mér var sagt upp vinnunni í gær.
- ☐ Ég vill heimsækja afa.

### Hvað telst gott mál?

- ☐ Kristín og Guðrún litu hvor til aðrar.
- ☐ Kristín og Guðrún litu til hvorrar annarrar.
- ☐ Kristín og Guðrún litu hvor til annars.
- ☐ Kristín og Guðrún litu hvor til annarrar.

### Hvað telst ekki gott mál?

- ☐ Fargið ekki öllu fiðurfénu strax.
- ☐ Við skulum ferja heyið því brátt rignir.
- ☐ Fergið ætlaði mig lifandi að drepa.
- ☐ Það var þungu fargi af mér létt.




# RISA

# TAX FREE

# DAGAR

## 6.-10. september

**Taxfree* af öllum fatnaði,**
**öllum skóm, öllum leikföngum,**
**öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði**
**og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga



**Hópur ferðamanna á Þingvöllum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjárfesta í Guide to Iceland fyrir 2,2 milljarða

**FERÐAÞJÓNUSTA** Bandaríska eignastýringar- og ráðgjafarfyrirtækið State Street Global Advisors hefur fjárfest í ferðasölufyrirtækinu Guide to Iceland fyrir 20 milljónir dala sem er jafnvirði 2,2 milljarða króna.

Í fréttatilkynningu segir að fjárfesting State Street Global Advisors verði notuð til að styrkja starfsemi íslenska félagsins og fjármagna sókn þess á erlenda markaði. Er þetta í fyrsta sinn sem Guide to Iceland sækir sér fjármagn erlendis.

Guide to Iceland var stofnað árið 2012 og rekur vefsíðuna guidetoiceland.is sem er eins konar markaðstorg fyrir íslenska ferðaþjónustu. Þar koma yfir 500 íslensk ferðaþjónustufyrirtæki vörum sínum á framfæri gegn þóknun.

Davíð Ólafur Ingimarsson, aðstoðarforstjóri Guide to Iceland, segir í tilkynningunni að fjárfestingin marki ákveðin tímamót.

„Þessi fjárfesting gerir okkur kleift að halda áfram að markaðssetja Ísland sem áfangastað. Á sama tíma er mjög spennandi að geta sannreynt viðskiptalíkan og hugbúnað okkar á erlendum mörkuðum í samvinnu við alþjóðlegan fjárfesti. **– khn**

# Varar við notkun samfélagsmiðla

**SKÓLAMÁL** Persónuvernd hefur að gefnu tilefni beint tilmælum til leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og íþróttafélaga um notkun á samfélagsmiðlum.

Er því beint til þessara aðila að nota ekki Facebook eða sambærilega miðla fyrir miðlun persónuupplýsinga um ólögráða börn. Gildir það bæði um viðkvæmar og almennar persónuupplýsingar.

Sé þörf talin á að miðla upplýsingum um ólögráða börn með rafrænum hætti er æskilegt að nota hugbúnað sem tryggir ábyrgðaraðilum fulla stjórn yfir þeim upplýsingum sem miðlað er. Tryggja þurfi að upplýsingum verði ekki miðlað til óviðkomandi aðila, þær verði ekki unnar í öðrum tilgangi en lagt var upp með og að öryggis þeirra sé gætt með fullnægjandi hætti. **– sar**



**Landeigendur hafa kvartað til umhverfisráðuneytisins og segja Umhverfisstofnun sýna Arnarlaxi meðvirkni.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Bíða með áminningu á meðan Arnarlax sækir um undanþágu

Landeigendur í Arnarfirði hafa margítrekað krafist viðbragða af hálfu Umhverfisstofnunar vegna meintra brota Arnarlax á svæðinu. Þeir segja stofnunina vera meðvirka með fyrirtækinu og að hún sé í raun að aðstoða það við að finna svigrúm til að brjóta reglur. Landeigendurnir hafa kvartað til umhverfisráðuneytisins.

**FISKELDI** Tveir landeigendur í Arnarfirði hafa ítrekað krafist aðgerða af hálfu Umhverfisstofnunar vegna meintra brota á starfsleyfi Arnarlax á svæðinu. Þeir hafa nú kvartað til umhverfisráðuneytisins vegna þeirrar málsmeðferðar sem brot Arnarlax á starfsleyfi hafa fengið hjá stofnuninni.

Arnarlax tæmdi sjókvíar við Hringsdal í Arnarfirði 7. mars síðastliðinn og hóf útsetningu seiða þar á ný þremur mánuðum síðar, 6. júní. Þetta fer í bága við starfsleyfi fyrirtækisins en í því segir að eldissvæði skuli hvíla milli eldislota að lágmarki í sex til átta mánuði. Hvorki virðist deilt um brotin af hálfu Umhverfisstofnunar né Arnarlax.

Í svörum Umhverfisstofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að stofnunin hafi sent fyrirtækinu áform um áminningu vegna þessa atviks þann 16. júlí síðastliðinn. Rekstraraðili hafi sent inn úrbótaáætlun í kjölfarið sem miðaði að því að sótt yrði um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um hvíldartíma svæðisins og var hún send inn þann 30. júlí.

> **Það sem okkur finnst svo sérkennilegt er að eftirlitsstofnanir skuli ekki bregðast við.**
>
> Ari Wendel, annar landeigendanna

Ari Wendel, annar landeigendanna, hefur staðið í stappi við Umhverfisstofnun vegna málsins frá því seiðin voru sett út í vor. Þeir hafa krafist þess að starfsemin verði stöðvuð og seiðin verði flutt burt úr kvíum tafarlaust til að svæðið fái fullan hvíldartíma samkvæmt starfsleyfinu. Ari segir að eitt stærsta æðarvarp á Vestfjörðum sé nokkur hundruð metra frá kvíastæðinu og aukin botnmengun og brot á hvíldartíma geti haft neikvæðar afleiðingar fyrir æðarfuglinn, fæðu hans og annað lífríki á svæðinu.

„Það sem okkur finnst svo sérkennilegt er að eftirlitsstofnanir skuli ekki bregðast við heldur sýna þeim meðvirkni sem stofnunin á að hafa eftirlit með og vera í rauninni að hjálpa þeim við að finna svigrúm til að brjóta reglurnar og starfsleyfið,“ segir Ari en þeir hafa kvartað undan málsmeðferð stofnunarinnar til Umhverfisráðuneytisins en ekki enn fengið viðbrögð.

Í úrbótaáætlun Arnarlax kemur fram að auk beiðni um undanþágu frá tilskildum hvíldartíma svæðisins hafi fyrirtækið sent Skipulagsstofnun matsskyldufyrirspurn vegna breytinga á starfsleyfi þess efnis að hvíldartími verði að lágmarki 90 dagar. Matsskyldufyrirspurnin sé í vinnslu og reikna megi með að sú vinna taki 3-6 vikur og fyrirtækið muni láta Umhverfisstofnun vita þegar fyrirspurnin verði send.

Samkvæmt svari Umhverfisstofnunar hefur Arnarlax ekki sent matsfyrirspurn til Skipulagsstofnunar og beiðni um undanþágu ekki verið afgreidd í ráðuneytinu. Á meðan aðhefst Umhverfisstofnun ekkert í málinu og seiðin eru enn í kvíum við Hringsdal í trássi við starfsleyfi fyrirtækisins.

**adalheidur@frettabladid.is**


# BANNER-UP STANDAR



Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is


# Eldisandstæðingar spari stóryrtar yfirlýsingar

**UMHVERFISMÁL** „Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, þá er Hafrannsóknastofnun búin að staðfesta að um eldisfisk er að ræða en ekki hvaðan hann er,“ segir Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, um laxinn sem veiddist í Vatnsdalsá þann 31. ágúst síðastliðinn.

Kristján segir því ekki rétt að draga of stórar ályktanir af málinu fyrr en það sé komið á hreint.

„Eldisfiskur er ekki bara fiskur úr sjókvíaeldi heldur eru líka aldar milljónir seiða í seiðastöðvum sem sleppt er í íslenskar ár. Hann getur því verið úr seiðaeldi eða eldisstöð án þess að vera sjókvíaeldisfiskur. Það ætti því að bíða með stórar fullyrðingar þar til það er staðfest,“ segir Kristján. „Þá þarf að hafa annað í huga, að samkvæmt áhættumati Hafró og erlendum rannsóknum sem gefnar hafa verið út, þá þarf áreiti frá eldisfiski í villtan stofn að vera langvarandi, síendurtekið og í miklum mæli til að hafa eitthvað að segja. En einn fiskur segir auðvitað ekkert um það. Menn ættu því að bíða með stóryrtar yfirlýsingar.“



**Eldislaxinn sem veiddist í Vatnsdalsá í lok ágúst.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Einn fiskur segir auðvitað ekkert um það.**
>
> Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri LF



Aðspurður hvort seiði myndu bera sömu einkenni og eldisfiskurinn sem vísað er til í niðurstöðu Hafró, á borð við skemmda ugga eins og á umræddum laxi, segir Kristján að svo sé. „Oft eru seiði í körum að rekast utan í veggina og hvert annað. Það getur verið hvort heldur sem er.“ **– smj**




# Vinnufélagi sem skilur þínar þarfir.

## Nýr Sprinter frumsýndur í dag kl. 12–16.

Við frumsýnum nýjan Mercedes-Benz Sprinter sem hefur aldrei verið tæknivæddari, fjölhæfari eða sparneytnari. Hann er nú fáanlegur með 9 þrepa sjálfskiptingu og framhjóladrifi sem eykur burðargetu bílsins. Sprinter er búinn fullkomnu margmiðlunarkerfi, fæst í fjölmörgum grunnútfærslum og með 8 mismunandi yfirbyggingum. Sprinter er sérsniðinn fyrir þig, hvert sem starfið er. Komdu í heimsókn og reynsluaktu.

Hlökkum til að sjá þig.

Sprinter sendibíll, 214 cdi, framhjóladrifinn, 143 hestöfl

**Verð frá 4.350.000 kr. án vsk.**

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

**ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is**
**Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi**

**Þú finnur okkur á Facebook**
**„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“**

# Hnífstungurásin sögð tryggja Bolsonaro brasilíska forsetastólinn

**BRASILÍA** Brasilíski forsetaframbjóðandinn Jair Bolsonaro liggur enn þungt haldinn á spítala eftir að hafa orðið fyrir stunguárás á stuðningsfundi í Ríó á fimmtudaginn.

Bolsonaro, sem nýtur mikillar hylli meðal brasilískra kjósenda, var fluttur með hraði undir læknishendur eftir að maður, sem lögregluyfirvöld lýsa sem andlega vanheilum, stakk hann í magann með stórum steikarhníf.

„Árásarmaðurinn sagðist vera að framfylgja vilja guðs," sagði Luis Boudens, yfirmaður brasilísku alríkislögreglunnar.

Bolsonaro gekkst undir skurðaðgerð og er ástand hans nú alvarlegt, en stöðugt, að sögn lækna í Ríó. Bolsonaro þarf að dvelja á spítalanum í að minnsta kosti viku. Brasilíumenn ganga til kosninga 7. október.

Brasilískir fjölmiðlar greina frá því að morðtilræðið við Bolsonaro komi til með að hafa meiriháttar áhrif á kosningabaráttuna og endanleg úrslit kosninganna. Mikil reiði ríkir meðal kjósenda í Brasilíu sem eru orðnir langþreyttir á ítrekuðum fregnum af spillingu í æðstu röðum brasilísks samfélags. Bolsonaro hefur heitið því að taka hart á spillingu og glæpum með því að veita lögreglu víðtækari rannsóknarheimildir. Hann hefur mælst efstur í skoðanakönnunum undanfarið.



**Bolsonaro hvatti stuðningsmenn sína til dáða eftir að hann var stunginn í Ríó á fimmtudaginn. Hann þykir líklegur til afreka á kjördag.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stuðningsmenn Bolsonaro telja margir að árásin á fimmtudaginn muni tryggja honum forsetaembættið. „Bolsonaro er nú orðinn píslarvottur," sagði Jonatan Valente, nemandi sem sótti vöku til stuðnings Bolsonaro í São Paulo, í samtali við fréttaveitu AP. **– khn**

# Óvissan allsráðandi fyrir kosningarnar

## Landslagið í sænskum stjórnmálum er gjörbreytt eftir stökk Svíþjóðardemókrata. Þrír flokkar leiða kapphlaupið um að verða stærsti flokkur landsins.

**SVÍÞJÓÐ** Þingkosningar í Svíþjóð fara fram á morgun. Sé eitthvað að marka skoðanakannanir í aðdraganda þeirra mun landslagið í sænskum stjórnmálum breytast til muna. Óvissan er þó nokkur en nýjustu skoðanakannanir benda til þess að tæplega þrír af hverjum tíu hafi ekki gert upp hug sinn.

Þrír flokkar eru líklegastir til að vera stærsti flokkurinn þegar talið hefur verið upp úr kjörkössunum. Flest bendir til þess að Sósíaldemókrataflokkurinn, sem forsætisráðherrann Stefan Löfven fer fyrir, muni verða stærstur. Sömu kannanir benda hins vegar til að flokkurinn muni tapa tæplega fjórðungi fylgis síns frá kosningunum fyrir fjórum árum. Verði það raunin verður það versta kosning flokksins frá árinu 1912. Jafnaðarmenn hafa setið í minnihlutastjórn undanfarið með Græningjum.

Að óbreyttu verða hinir umdeildu Svíþjóðardemókratar hástökkvarar kosninganna. Flokkurinn fékk tæp þrettán prósent síðast en hefur undanfarið mælst með á bilinu 17-20 prósent. Hægriflokkurinn, Moderaterna, mælist á svipuðu bili og Svíþjóðardemókratar.

Á kjörtímabilinu sem brátt er á enda hafa átta flokkar skipt á milli sín þingsætunum 349 sem í boði eru. Til að fá þingsæti úthlutað þurfa flokkar annaðhvort að ná fjögurra prósenta kjörfylgi á landsvísu eða tólf prósentum í stöku kjördæmi. Möguleiki er á að tveir flokkar gætu farið niður fyrir þröskuldinn. Um miðjan síðasta mánuð mældust Kristilegir demókratar með rúmlega þriggja prósenta fylgi en hafa í könnunum undanfarið stokkið upp. Útlit er fyrir að þeir sleppi fyrir horn með um sex prósent. Meiri óvissa er um afdrif Græningja. Í könnun YouGov fyrir viku, sem þó er nokkuð á skjön við aðrar kannanir, mældist flokkurinn úti. Þá hefur það oft fylgt flokknum að fá eilítið færri atkvæði en kannanir segja til um. Það má fylgja sögunni að fyrir fjórum árum var könnun YouGov sú sem komst næst úrslitum kosninganna.



**Átta flokkar eiga sæti á sænska þinginu og hafa þeir tekist á um hylli kjósenda undanfarnar vikur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Kannanir undanfarið

| Rauða blokkin | Kosningar 2014 | Kannanir nú | YouGov |
|---|---|---|---|
| Jafnaðarmenn | 31,0% (113 þingmenn) | 22-26% | 23,8% |
| Vinstriflokkurinn | 5,7% (21 þingmaður) | 9-11% | 9,4% |
| Græningjar | 6,9% (25 þingmenn) | 4-6% | 3,6% |
| **Alliansen** | | | |
| Hægriflokkurinn | 23,3% (85 þingmenn) | 17-19% | 16,5% |
| Miðflokkurinn | 6,2% (21 þingmaður) | 7-10% | 6,0% |
| Kristilegir demókratar | 4,6% (16 þingmenn) | 5-7% | 4,8% |
| Frjálslyndir | 5,4% (19 þingmenn) | 5-7% | 5,7% |
| Svíþjóðardemókratar | 12,9% (49 þingmenn) | 17-20% | 24,8% |

Vinsældir Svíþjóðardemókrata hafa litað kosningabaráttuna mjög. Flokkurinn hefur verið hálfgert eyland í sænskum stjórnmálum og aðrir flokkar hafa forðast að starfa með honum. Flokkurinn er yfirlýstur andstæðingur veru Svíþjóðar í Evrópusambandinu og þá er flokkurinn harður í andstöðu sinni við innflytjendastefnu stjórnvalda. Innflytjendur og málefni þeirra hafa því verið í forgrunni. Umhverfis- og orkumál hafa einnig verið í brennidepli í kjölfar hitabylgju og þurrka í landinu í sumar. Staða uppistöðulóna í landinu er slæm og sá möguleiki fyrir hendi að flytja þurfi inn raforku í vetur.

Helstu kandídatar í stól forsætisráðherra eru formenn stærstu flokkanna þriggja. Stjórnarmyndunarviðræður að kosningum loknum gætu reynst þrautaganga en líklegasta útkoman, miðað við kannanir undanfarið, er að Löfven muni mynda minnihlutastjórn.

**joli@frettabladid.is**







# Haustfögnuður Garðheima

— ★ ★ ★ —

HELGINA 8. TIL 9. SEPTEMBER

ÆTLUM VIÐ Í GARÐHEIMUM AÐ FAGNA HAUSTKOMUNNI OG NJÓTA ÞESS AÐ GERA HUGGULEGT Í KRINGUM OKKUR

— ★ ★ ★ —



## Sýnikennsla og ráðgjöf

**LAUGARDAG MILLI KL 14:00 OG 16:00**

**HAUSTKRANSAR:** ÞÓRDÍS ZOPHIA VERÐUR MEÐ SÝNIKENNSLU Í GERÐ HAUSTKRANSA.

**POTTAPLÖNTUR:** ÓLÖF ÁGÚSTA VERÐUR MEÐ RÁÐGJÖF Í UMÖNNUN POTTAPLANTNA, KENNSLU Í UMPOTTUN O.FL.

**SAMPLANTANIR:** GUNNHILDUR ÓSK VERÐUR MEÐ RÁÐGJÖF OG SÝNIKENNSLU Í GERÐ SAMPLANTANA.



## INNBLÁSTUR AÐ UTAN

SJÁIÐ FRUMLEGAR BLÓMASKREYTINGAR UNNAR Á NÁMSKEIÐI HJÁ HINUM ÞEKKTA BLÓMAHÖNNUÐI OG LISTAMANNI **FRANCOISE WEEKS.**

FRANCOISE VERÐUR TIL SKRAFS OG RÁÐAGERÐAR Í GARÐHEIMUM Á **LAUGARDAG MILLI 14 OG 16.**




## Gríptu blómvönd

HAUSTVENDIR 3.900KR

EUCALIPTUSBÚNT 2.900KR





## Plöntur bæta andrúmsloftið

**20% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM POTTUM OG POTTAPLÖNTUM

BRUNCH HLAÐBORÐ
Á SPÍRUNNI
FRÁ 11 TIL 15
UM HELGAR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Hnullungarnir margir á stærð við bíl

**Hópur fjallgöngufólks kleif Mont Blanc, eða Hvítafjall, á dögunum. Ferðin upp þetta hæsta fjall Vestur-Evrópu gekk vonum framar, þó að þau hafi orðið nokkuð áhyggjufull á leið niður þegar mikið grjóthrun varð. Þau héldu dagbók í ferðinni sem Fréttablaðið birtir hér.**

Vilborg Arna Gissurardóttir, Heimir F. Hallgrímsson, Hrafn Svavarsson og Sigurður Bjarni Sveinsson náðu á dögunum toppi Hvítafjalls, sem er hæsta fjall Alpanna og er 4.810 metra hátt. Ferðalag þeirra hófst í fjallaþorpinu Chamonix í Frakklandi og tók í heildina níu daga, þar af sex daga í klifri. Gangan gekk vonum framar þó að leiðin niður hafi valdið þeim nokkrum áhyggjum, þegar mikið grjóthrun varð og hnullungar á stærð við bíla þeyttust niður fjallið. Fjórmenningarnir héldu dagbók í ferðalaginu.



Heimir, Hrafn og Vilborg með Cosmiques-skálann, Midi-stöðina (kláfinn) og tignarlegan fjallgarð Alpanna í bakgrunni.

## Dagur 1

- Lendum í hádeginu í Genf og förum þaðan til Chamonix.
- Röltum um fallegan bæinn í geggjuðu veðri, sól og hita.
- Fáum lykla að íbúðinni og erum með frábært útsýni af svölunum upp á topp Mont Blanc.
- Undirbúum næstu daga á svölunum. Lesum fréttir um að tveir klifrarar hafi látist í fjallinu þessa sömu helgi. Alveg ljóst að það er ekkert annað í boði en að nálgast þetta fjall af mikilli varkárni og virðingu.

## Dagur 2

- Vöknum klukkan 9. Ætluðum að vakna klukkan 8 en Hrafni tókst á undraverðan hátt að slökkva á vekjaraklukkunni.
- Tökum kláf upp í Aiguille de Midi (3.842 m) og höfum fyrsta dag í hæðaraðlögun.
- Klifrum yfir hrygginn frá Aiguille de Midi og yfir í Cosmiques-skálann. Borðuðum og klifruðum til baka, og þaðan aftur til Chamonix.
- Hittum Sigga og spjölluðum. Siggi ákveður að sofa á dýnu úti á svölum – alvöru náttúrubarn þar á ferð. Enginn kvartar enda íbúðin lítil og þá meira pláss fyrir aðra.

## Dagur 3

- Vöknum um klukkan 8 og Siggi hringir í Gouter-skálann til að reyna að redda skálagistingu. Það gengur illa, enda búið að takmarka aðgengi að fjallinu vegna slysa.
- Tökum saman búnað fyrir tvo daga og stefnum á að klifra upp í Cosmiques-skálann, gista þar og klifra síðan upp á topp Mt. Tacul í 4.248 metrum og niður.
- Förum í skálann og fylgjumst með miklu íshruni úr jöklinum. Magnað sjónarspil sem fær mann til þess að hugsa meira út í þær hættur sem leynast í fjallinu.
- Ákveðum að vakna klukkan 4.30 því spár gerðu ráð fyrir þrumum og eldingum um klukkan 14 næsta dag.

## Dagur 4

- Stefnan sett á Mc. Tacul (4.248 m).
- Laumumst út úr fullu herbergi af klifrurum frá öllum heimshornum klukkan 04.30. Ekki til neitt sem heitir persónulegt svæði í svona skálum og þú lærir að kunna að meta eyrnatappa alveg upp á nýtt.
- Gangan upp á hrygg Tacul gekk vel. Gengum yfir þó nokkuð af djúpum sprungum en vorum í línum allan tímann.
- Reynum að eyða sem minnstum tíma á þessu svæði því kvöldinu áður sáum við stórt ísstykki hrynja úr einni sprungunni, sem var í um 150 metra fjarlægð frá stiganum okkar. Hrafn fann aðeins fyrir súrefnisleysinu og smá flökurleiki gerði vart við sig.
- Hittum franska leiðsögumenn og þeirra hóp á leiðinni niður. Einn skar sig úr því hann var í léttum skóm í gallabuxum, og toppaði sig svo með sígarettu á toppnum. Ekki beint það sem við erum vön.
- Komum til baka upp í Aigulle du Midi stöðina um kl. 14.20. Ákveðum þá að fresta klifri á Mont Blanc um einn dag.

## Dagur 5

- Tökum því rólega, borðum vel og röltum í búðir.
- Endum kvöldið á að hlusta á tónlist og horfa á Friends-þætti.

## Dagur 6

- Byrjum klifur klukkan 12.55.
- Þegar við erum nánast komin upp að Tete Rousse hittum við Nepalbúa sem vinnur í skála á fjallinu. Hann og Vilborg ná strax vel saman og hann bauðst til að kanna fyrir okkur gistingu í Gouter-skálanum.
- Eftir stutt símtal erum við komin með gistingu og því minna stress á okkur að fara niður samdægurs eftir toppadag.
- Komum upp í Tete Rousse um klukkan 16. Förum að sofa um klukkan 21 enda planið að vakna snemma og ná toppnum.

## Dagur 7

- Leggjum af stað klukkan 06.00 upp Grand Couloir. Planið er að vera snemma á ferðinni til að forðast grjóthrun.
- Þegar á síðasta hrygginn, fyrir uppgöngu á toppinn, var komið var mikilvægt að vanda hvert skref. Hryggurinn ekki nema tvær skrefastærðir á breidd og brattar snjóhlíðar beggja vegna. Auðvelt að reka broddana í ef ekki er haldið í einbeitingu.
- Þreytan virtist hverfa úr líkamanum þegar síðustu metrarnir á toppinn voru teknir. Spennan og eftirvæntingin svo mikil enda búin að vinna hart að þessu markmiði.
- Stöndum á toppnum um klukkan 14.00 með afar fallegt útsýni yfir Alpana. Frekar mögnuð tilfinning að standa í 4.810 metra hæð og horfa niður á öll þessu stóru fjöll í kring.
- Gleðivíma í hópnum og nutum útsýnisins af hæsta tindi Vestur-Evrópu.
- Eftir um 20 mínútur var kominn tími til að fara aftur niður því þrumum og eldingum hafði verið spáð. Röskleg ganga niður. Fylgdumst með skýjunum þéttast og sáum þrumuveðrið nálgast.
- Við áttum um 200 metra eftir þegar þrumurnar byrjuðu. Þegar við stóðum loks fyrir utan Gouter-skálann byrjaði þung og mikil rigning, tímasetningin gat varla verið betri.
- Förum í háttinn um klukkan 21.



Hópmynd tekin á tindi Mont Blanc du Tacul. Ferðin niður reyndist erfið.

## Dagur 8

- Leggjum af stað niður um klukkan 06.00.
- Þegar við erum hálfnuð niður heyrum við mikil læti fyrir ofan okkur. Sjáum gríðarstóra skriðu fara af stað. Teljum okkur á nokkuð öruggum stað en sú öryggistilfinning hvarf fljótt þegar risahnullungar komu í áttina að okkur. Náum að henda okkur bakvið klettasyllur og grúfðum okkur niður á meðan við fylgdumst með hundraða kílóa hnullungum skjótast yfir okkur.
- Á þessum tímapunkti var málið að gera sig sem allra minnstan. Það var óþægileg tilfinning að hafa ekki yfirsýn á alla í hópnum en náðum að kallast á milli.
- Það er erfitt að lýsa kraftinum í fjallinu. Stærstu grjóthnullungar voru á stærð við meðalstóra bíla og adrenalínið er þarna í efstu mörkum. Sekúndur urðu eins og mínútur. Hjartað pumpar á ógnarhraða.
- Við tók nokkur bið á meðan fjallið var að hreinsa sig. Það var enginn áhugi á að hanga lengur en þörf var á og byrjuðu menn að koma sér yfir.
- Þegar við komum niður í skálann var okkur sagt að þetta hafi verið með stærri skriðum í einhvern tíma. Við horfðum upp í fjallið og sáum hvar stórt stykki hafði rifnað úr fjallinu. Nú skil ég hvers vegna Grand Couloir er oft kallað Death Couloir.
- Stoppum stutt í skálanum og höldum áfram að ganga niður.
- Förum í íbúðina, borðum góðan mat og rifjum upp vikuna og vel heppnaða ferð á topp Mont Blanc.

## Dagur 9

- Vöknum klukkan 8 og tékkum okkur út.
- Keyrum frá Chamonix til Genf og tökum flug heim til Íslands.
- Frábær ferð og mikið ævintýri á enda. Við höfðum látið drauminn rætast. Vorum ekki lent á Íslandi

HONDA 70 YEARS

HONDA
The Power of Dreams

# MEIRI AFKÖST
# MEIRI BÚNAÐUR
# MEIRI CIVIC



## COMFORT

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **2.990.000**

- 16" álfelgur
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörn
- LKAS akreinaaðstoð
- Vitræn hraðatakmörkun
- Vitrænn aðlaganlegur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- EPS hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle Stop tækni
- Loftkæling
- Rökkurstilling á aðalljósum
- Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
- Hiti í sætum (framan)
- 5" skjár fyrir hljómtæki
- USB / AUX tengi (iPod samhæft)†
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður*
- LED dagljós

## ELEGANCE

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.360.000**

- 17" álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Tvísktipt tölvustýrð loftkæling
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- Skyggðar rúður að aftan
- LED dagljós

## SPORT PLUS

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.990.000**

- 17" álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- 8 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- Sport-listar (Framan / Hliðar / Aftan)
- Skyggðar rúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- Opnanlegt glerþak
- ADS stillanleg fjöðrun

## PRESTIGE

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **4.060.000**

- 17" álfelgur
- Leðurklædd innrétting
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinavari
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýri
- ADS stillanleg fjöðrun
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan og aftan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýrishjóli
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi†
- Skyggðar hliðarrúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Krómað framgrill og hurðarhúnar
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- Opnanlegt glerþak
- Lykillaust aðgengi

## TYPE-R

**2.0 VTEC TURBO - 320 hestöfl**
6-gíra beinskipting

frá kr. **5.995.000** STAÐGREITT

- 20" Piano black álfelgur
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Type-R sportsæti með innbyggðum höfuðpúða og rússkinsáferð
- Type-R leðurklætt sportstýri
- Áklæði og mælaborð með rauðum saumi
- Merkt serialnúmer eintaks
- Ál gírstangarhnúður og pedalar
- Comfort / Sport / Type-R akstursstilling
- Þyngdaraflsmælir (G-force)
- Hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle stop tækni
- Stillanleg fjöðrun (framan og aftan)
- Rafstýrðar rúður (framan og aftan)
- Hæðarstillanglegt ökumannssæti
- Hágæða upplýsingaskjár fyrir ökumann
- Honda CONNECT
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður
- Bakkmyndavél
- Carbon sportlistar (framan/hliðar/aftan)
- Type-R vindskeið
- Type-R þrefalt púst
- Type-R merki (framan og aftan)

**Einnig fáanlegur með GT LINE aukahlutapakka**

## OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.540.000



**Honda Civic**
verð frá kr. 2.990.000



**Honda HR-V**
verð frá kr. 3.870.000



**Honda CR-V**
verð frá kr. 4.840.000

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

HONDA


Heimir og Vilborg að njóta úrsýnis að De Bionnassay-skriðjöklinum frá Tete Rousse-skálanum.

# Í hrikalegri náttúrufegurð Mont Blanc

Fjallgönguhópurinn náði einstökum myndum á ferð sinni á topp Mont Blanc, hæsta tind Vestur-Evrópu. Leiðin niður reyndist erfið, og sannarlega hættuleg enda varð mikið grjóthrun í hlíðum hins mikla Hvítafjalls. Fjallið, sem er rúmlega 4.800 metra hátt, er mannskæðasta fjall Evrópu.


Hópmynd af ánægðum klifrurum á toppi Mont Blanc.


Siggi búinn að tryggja línu, Heimir á leiðinni yfir sprunguna og Hrafn bíður átekta.


Sólarupprás í Ölpunum séð frá Grand Couloir.


Hópmynd á hvíldardegi þar sem Chamonix var skoðuð og klárað að kaupa það sem þurfti fyrir toppun.

# SEPTEMBER TILBOÐ BRIMBORGAR

Tryggðu þér bíl á septembertilboði Brimborgar. Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
***– við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

GEGGJUÐ TILBOÐ!

GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 FEEL
1,2 bensín, 82 hö, beinskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 2.305.000 kr.
**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.985.000 KR.**
**AFSLÁTTUR: 320.000 KR.**

-320.000 kr.



### MAZDA3 VISION
2,0 bensín, 120 hö, beinskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 3.260.000 kr.
**SEPTEMBERTILBOÐ: 2.960.000 KR.**
**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**

-300.000 kr.



***Kauptu Volvo V60 CC fyrir 15. september og þú færð að auki vetrardekk frítt með***

30 ÁR HJÁ BRIMBORG

### VOLVO V60 CROSS COUNTRY
Inscription D3 FWD 2,0 dísil, 150 hö, sjálfskiptur

**Aukabúnaður:** Málmlitur, rafdrifið farþegasæti, dökkar rúður í farþegarými, nálægðarskynjari einnig að framan, bakkmyndavél, varadekk á stálfelgu og Edition aukahlutapakki

Verð með aukabúnaði: 6.104.000 kr.
**SEPTEMBERTILBOÐ: 5.340.000 KR.**
**AFSLÁTTUR: 764.000 KR.**



-764.000 kr.




# ALLT Á EINUM STAÐ

## PEUGEOT 308 SW ACTIVE

1,6 dísil, 120 hö, sjálfskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 3.680.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 3.280.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 400.000 KR.**

**-400.000 kr.**



## FORD KA+ ULTIMATE SPORT

1.2i bensín, 85 hö, 5 dyra og 5 gíra

Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmlitur

Verð með aukabúnaði: 1.955.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.790.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 165.000 KR.**

**-165.000 kr.**

**TAKMARKAÐ MAGN!**



***Kauptu Ford KA+ fyrir 15. september og þú færð að auki vetrardekk frítt með***

**ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL!**

***SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Dýrkeyptar lexíur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Enn einu sinni er allt á suðupunkti í Hvíta húsinu eftir röð atburða í síðustu viku. Fyrst bárust fregnir af væntanlegri bók Watergate-blaðamannsins Bobs Woodward um forsetann Trump og síðan birtist grein eftir ónefndan háttsettan embættismann í Hvíta húsinu í stórblaðinu The New York Times.

Rétt eins og bók Michaels Wolff, Fire and Fury, gerði fyrr á árinu sýna þeir útdrættir úr bók Woodwards sem ratað hafa í fjölmiðla forsetann í vægast sagt furðulegu ljósi. Bréfið sem birtist í The New York Times rímar svo ágætlega við bækurnar tvær.

Í bréfinu segir huldumaðurinn að einhugur sé um það í Hvíta húsinu að forsetinn sé óhæfur til að gegna embættinu. Innan ríkisstjórnarinnar starfi hópur fólks sem stundi þögult andóf gegn forsetanum, hundsi eða leiði hjá sér verstu tilskipanir hans og reyni að takmarka það tjón sem hann getur valdið. Hópinn segir hann þreyja þorrann þar til forsetinn neyðist loks til að segja af sér eða verður felldur í vantraustskosningu.

Í bók Woodwards koma fram svipaðar bollaleggingar. Ráðgjafi hans í efnahagsmálum, Goldman Sachs-bankamaðurinn Gary Cohn, stundaði það víst að láta skjöl hverfa af skrifborði forsetans. Trump á einnig að hafa viljað standa fyrir stórkostlegum árásum á Sýrland. Embættismennirnir gripu hins vegar í taumana og aðgerðirnar urðu að endingu mun vægari.

Stefið er alltaf það sama. Forsetinn er að því er virðist snarruglaður og gersamlega óhæfur til starfans. Her fagfólks er því í fullri vinnu við að draga úr þeim skaða sem hann veldur.

Hvað Trump varðar er þó ekki laust við að kjósendur hafi fengið það sem þeir eiga skilið. Hann sýndi engin merki um það í kosningabaráttunni að hann myndi ráða við verkefnið. Því þarf þessi glundroði kannski ekki að koma á óvart.

Bretland í kjölfar Brexit er svo önnur sorgarsaga. Nú rúmum tveimur árum eftir kosninguna erum við engu nær um hvernig Brexit mun líta út. Lýðskrumurunum og tækifærissinnunum sem voru í forsvari Brexit hefur gersamlega mistekist að vinna úr stöðunni. Skyldi engan undra. Þeir hugsuðu einungis um eigin hag, lugu að kjósendum og mátu stöðuna þannig að þeir myndu hvort sem er aldrei vinna Brexit-kosninguna. Svo fór hins vegar og fordæmalaus óstöðugleiki ríkir í breskum stjórnmálum.

Þessi tvö mál bera vott um að sú mýta er ekki sönn að stjórnmál og kosningar skipti engu máli. Ef kjósendur láta hestahvíslara plata sig og kjósa án nokkurrar yfirlegu getur það haft voveifleg áhrif á líf okkar frá degi til dags.

Vonandi mun Brexit og Trump duga sem lexía í þessum efnum. Við Íslendingar ættum að minnsta kosti að leggja við hlustir nú þegar í alvöru virðist sem til sé að verða hér hreyfing um útgöngu Íslands úr Evrópusamstarfinu.

**Ef kjósendur láta hestahvíslara plata sig og kjósa án nokkurrar yfirlegu getur það haft voveifleg áhrif á líf okkar frá degi til dags.**

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags

Opinn félagsfundur um kjaramál og undirbúning kröfugerðar

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 13. september kl. 20:00.

Fundurinn verður haldinn í húsakynnum Eflingar, 4. hæð, Guðrúnartúni 1.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Kjaramál og undirbúningur kröfugerðar
2. Önnur mál

*Félagar fjölmennið.*

*Stjórn Eflingar-stéttarfélags*

EFLING STÉTTARFÉLAG

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Máttleysi minnisins

Ég var á leiðinni út í sjoppu að kaupa mér dagblað þegar ég rakst á auglýsingaplakat sem hékk á ljósastaur. „Við megum aldrei gleyma“ er heiti danssýningar Enska listdansflokksins sem sýnd er í hverfisleikhúsinu mínu hér í London. Sýningin fjallar um þjáningar hermanna og óbreyttra borgara í fyrri heimsstyrjöldinni en Bretar minnast þess nú með ýmsum hætti að hundrað ár eru liðin frá lokum stríðsátakanna sem kostuðu sautján milljónir manna lífið – tíu milljónir hermanna og sjö milljónir óbreyttra borgara sem létust vegna átaka, hungursneyðar og sjúkdóma.

„Lest we forget“ eða „við megum aldrei gleyma“ eru einkunnarorð sem höfð hafa verið um hin ýmsu voðaverk í mannkynssögunni. Varnaðarorðin komust í almenna notkun í Bretlandi að fyrri heimsstyrjöldinni lokinni – stríðinu sem átti að binda enda á öll stríð. Í dag eru þau ekki síður notuð sem móralskt ákall til áminningar um Helförina og óhæfuverk nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Þegar ég gekk inn í sjoppuna blasti hins vegar við mér á forsíðum blaðanna hve máttlítil fögur fyrirheit geta verið.

### Gorbatsjov og Clancy

Í vikunni nafngreindu bresk lögregluyfirvöld tvo rússneska ríkisborgara sem sakaðir eru um að bera ábyrgð á taugaeiturárás í mars síðastliðnum gegn Sergei Skrípal og dóttur hans, Júlíu Skrípal. Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sagðist hafa fyrir því sannanir að mennirnir væru njósnarar og að rússnesk stjórnvöld hefðu fyrirskipað árásina. Hét hún því að „beita öllum úrræðum til að tryggja öryggi þegna sinna“. Segja heimildarmenn að breska leyniþjónustan undirbúi meðal annars nethernað á hendur Rússum. Fjöldi þekktra tilvitnana um mátt minnisins sýnir hve útbreidd sú trú er að leiðin að betrun sé að gleyma ekki misgjörðum okkar og göllum og læra af reynslunni. „Þeir sem kjósa að gleyma fortíðinni eru dæmdir til að endurtaka hana.“ „Sagan endurtekur sig kannski ekki en hún rímar.“

En er máttur minnisins svo mikill að hann geti komið í veg fyrir sjálfskapaðar hörmungar?

Árið 2014 var því fagnað að aldarfjórðungur var liðinn frá falli Berlínarmúrsins. Skugga bar á hátíðarhöldin er þau stóðu sem hæst þegar Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, sagði á málþingi í Berlín að veröldin væri á barmi nýs kalds stríðs. „Sumir segja að það sé nú þegar hafið,“ bætti hann við. Gorbatsjov reyndist sannspár. Að lesa bresk dagblöð þessa dagana er eins og að lesa kaldastríðsspennutrylli eftir meistara njósnaskáldsagnanna, Tom Clancy. Hið nýja kalda stríð sem nú geisar er þó ekki eina forsíðufréttin í Bretlandi sem rennir stoðum undir máttleysi minnisins.

### Bresk kaldhæðni

„Ég er sannfærð um að Helförin geti gerst aftur,“ sagði Miep Gies, ein þeirra sem aðstoðuðu fjölskyldu Önnu Frank við að fela sig fyrir nasistum í Amsterdam í síðari heimsstyrjöldinni. „Hún er nú þegar búin að gerast aftur: Kambódía, Rúanda, Bosnía.“ Það hriktir í stoðum breska Verkamannaflokksins vegna ásakana um að gyðingahatur fái að þrífast innan hans. Gyðingum innan flokksins hefur fundist að sér vegið síðustu mánuði. Í lok sumars sauð rækilega upp úr þegar breska dagblaðið Daily Mail birti myndband af Jeremy Corbyn, leiðtoga flokksins, þar sem hann gagnrýndi „breska síonista“ fyrir að skilja ekki breska kaldhæðni þrátt fyrir að hafa alist upp í landinu. „Gyðingar hafa búið í Bretlandi frá árinu 1656,“ sagði Jonathan Sacks, fyrrverandi rabbíni, í sjónvarpsviðtali um síðustu helgi. „Í fyrsta sinn í þessi 326 ár spyr stór hluti gyðinga sig eftirfarandi spurningar: Er okkur óhætt að ala börnin okkar upp í þessu landi?“

### Lærdómur sögunnar

Ekki liðu nema rétt rúm tuttugu ár á milli fyrri heimsstyrjaldarinnar og þeirrar seinni. Tuttugu og fimm ár liðu frá falli Berlínarmúrsins uns hilla tók undir annað kalt stríð. Voðaverk endurtaka sig í hringrás tímans þegar sagan rímar; ekki vegna þess að við gleymum – heldur þrátt fyrir að við munum. Svo virðist sem það eina sem við getum lært af sögunni sé að við lærum ekkert af sögunni.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




## satt

Verið velkomin á sönn jól á Satt. Við bjóðum upp á hátíðlegt jólahlaðborð allar helgar á aðventunni þar sem þekktustu jazzarar landsins leika sér með jólalögin undir borðhaldi og koma þér í jólaskap.
Við bjóðum einnig notalega aðstöðu fyrir stóra sem smáa hópa og hjálpum fyrirtækjum að skipuleggja ógleymanlega jólaupplifun í mat, drykk og skemmtun.

**Sími 444 4050, satt@sattrestaurant.is**
**www.sattrestaurant.is**





## SLIPPBARINN
CAFÉ • RESTAURANT • BAR

Við erum strax farin að skreyta í huganum og getum ekki beðið eftir að stinga jóla-seríunum í samband og taka á móti þér í jólahádegisverð, jólakvöldverð, jólabröns og jólaglögg.
Komdu með vinahópnum, vinnufélögum eða fjölskyldunni og við setjum saman ómótstæðilega jólamáltíð í mat og drykk úr öllu því besta sem við eigum.

**Sími 560 8080, slippbarinn@icehotels.is**
**www.slippbarinn.is**




## VOX

Jólahlaðborð á Hilton Reykjavík Nordica eða jólakvöldverður á VOX er fullkomin uppskrift að hátíðarstemningu á aðvent-unni. Dýrindis veitingar í hátíðlegu umhverfi með tónleikadagskrá yfir borðum og dans-leik á eftir í boði frábærra skemmtikrafta.
Hjá okkur er líka fjölbreytt aðstaða fyrir jólaboð fyrir hópa, allt frá stórfjölskyldunni til stórfyrirtækja.

**Sími 444 5050, vox@vox.is**
**www.vox.is**




## GEIRI SMART
RESTAURANT

Við verðum með slifsi, slaufur og borða í hárinu á aðventunni. Pantaðu borð á Geira Smart þegar þú ætlar í miðbæinn að hjálpa til við að búa til jólastemninguna, skoða í búðir og kíkja á fólk.
Hópar geta bókað Dönsku stofuna auk þess sem við bjóðum alls konar króka og kima til að halda upp á jólastarfsandann og gleðjast með góðum vinnufélögum.

**Sími 528 7050, geiri@geirismart.is**
**www.geirismart.is**





**EITT GJAFABRÉF – FJÓRIR VALMÖGULEIKAR**

**Gefðu gjafabréf út að borða í jólagjöf. Viðtakandi getur valið á milli VOX, Geira Smart, Slippbarsins eða Satt. Kynntu þér fjölbreytt úrval gjafabréfa á icelandairhotels.is.**

Icelandair Hotels

# Allir klárir í slaginn

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir Sviss í fyrsta leik sínum í Þjóðadeildinni og fyrsta leik liðsins undir stjórn Eriks Hamrén. Eftir að hafa misst marga leikmenn í meiðsli í aðdraganda leiksins eru allir klárir í slaginn og segir Gylfi að leikmenn séu komnir niður á jörðina eftir HM í Rússlandi.



Kristinn Páll Teitsson
skrifar frá St. Gallen
kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Tíð hins sænska Eriks Hamrén með íslenska karlalandsliðið hefst klukkan 18.00 að staðartíma í St. Gallen í Sviss þegar heimamenn taka á móti Strákunum okkar. Hann flutti jákvæð tíðindi á blaðamannafundi liðsins í gær eftir að hafa þurft að horfa upp á lykilleikmenn meiðast í aðdraganda leiksins – fyrir utan Emil Hallfreðsson eru allir leikmennirnir klárir í slaginn.

„Staðan á leikmannahópnum er góð, þetta var erfitt í byrjun vikunnar þegar margir voru með smávægileg meiðsli en starfsfólkið hefur gert vel og það gátu allir æft á fullu síðustu tvo daga. Emil er sá eini sem getur ekki byrjað en aðrir eru tilbúnir,“ sagði Hamrén sem virtist afar hrifinn af starfsfólki KSÍ og leikmönnum við fyrstu kynni.

„Ég er orðinn mjög spenntur fyrir leiknum en við vitum að þeir eru með frábært lið sem tapar ekki mörgum leikjum þó að þeir hafi tapað, mér til mikillar gleði, fyrir Svíþjóð á HM,“ sagði Hamrén léttur.

Hann talaði strax á fyrsta blaðamannafundi um það að hann myndi ekki vilja breyta of miklu undir eins. „Ég hef sagt það áður, ég mun reyna að breyta einhverju hjá liðinu en byggja á því góða starfi sem Heimir og Lars unnu.“

Leikmennirnir virtust fegnir því er þeir ræddu við fjölmiðla í vikunni og tók Gylfi Þór Sigurðsson, fyrirliði liðsins í leiknum í dag, undir það.

„Vikan hefur verið mjög fín, svipuð og við höfum vanist undanfarin ár. Erik kom með nokkra nýja hluti inn en engar stórvægilegar breytingar sem var gott fyrir okkur leikmennina. Það verður gaman að sjá hvort strákunum sem hafa verið inn og út úr liðinu undanfarin ár tekst að grípa tækifærið,“ sagði Gylfi og hélt áfram:

„Það var erfiðara að koma niður á jörðina eftir EM en núna. Í Frakklandi gekk betur og það var strax gerð krafa um að komast á næsta stórmót. Við þekkjum það betur að byrja á nýrri keppni svona strax. Við ætlum okkur á næsta stórmót og Þjóðadeildin er leið inn á EM.“

Gylfi talaði um mikilvægi þess að stöðva Xherdan Shaqiri, leikmann Liverpool og eitt þekktasta nafn andstæðinganna.

„Þeir eru með frábært lið, erfitt að spila gegn þeim og liðsheildin sterk. Þeir eru snöggir fram á við og með öflugan sóknarleik þar sem Shaqiri er hættulegur, við þurfum að hafa góðar gætur á honum.“

Talið er nokkuð víst að Guðlaugur Victor Pálsson muni byrja leikinn á miðjunni við hlið Gylfa og fylli í það gríðarstóra skarð sem Aron Einar Gunnarsson skilur eftir sig.

Það hefur verið vandamál hjá liðinu að finna staðgengil Arons þegar þess hefur þurft en Guðlaugur virðist vera tilbúinn að axla þá ábyrgð.

Hann hefur þurft að bíða eftir tækifæri sínu í langan tíma og er undir honum komið að grípa það með báðum höndum.

Þá er líklegt að Ari Freyr taki sér stöðu á ný í vinstri bakvarðarstöðunni sem Hörður Björgvin hefur leikið í undanfarin ár en Hörður kvaðst sjálfur vera tilbúinn ef kallið kæmi.



Erik Hamrén stýrir íslenska landsliðinu í fyrsta sinn í dag gegn sterku liði Svisslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gylfi Þór Sigurðsson verður fyrirliði í St. Gallen í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Líklegt byrjunarlið Íslands**




**1** Hannes Þór Halldórsson **2** Birkir Már Sævarsson **5** Sverrir Ingi Ingason **6** Ragnar Sigurðsson **23** Ari Freyr Skúlason **19** Rúrik Gíslason **4** Guðlaugur Victor Pálsson **10** Gylfi Þór Sigurðsson **8** Birkir Bjarnason **22** Jón Daði Böðvarsson **17** Björn Bergmann Sigurðarson.

# Breiðablik getur sett níu fingur á bikarinn

**FÓTBOLTI** Breiðablik og Þór/KA mætast í toppslag Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu á Kópavogsvelli klukkan 14.00 í dag. Breiðablik getur þar stigið ansi stórt skref í átt að því að hrifsa Íslandsmeistaratitilinn frá Þór/KA sem er ríkjandi meistari. Breiðablik situr fyrir leikinn makindalega í toppsæti deildarinnar með 40 stig á meðan Þór/KA er sæti neðar með 38 stig þegar þrjár umferðir eru eftir af deildinni.

Fréttablaðið fékk Hólmfríði Magnúsdóttur, margreynda landsliðskonu, til þess að spá um þennan stórleik.

„Þetta verður mjög jafn leikur og það er bara spurning um hvort liðið á betri dag. Bæði lið hafa haft betur í síðustu leikjum á sannfærandi hátt. Breiðablik er sigurstranglegra að mínu mati þar sem þær eru á heimavelli og í hefndarhug eftir tapið í leik liðanna fyrir norðan í fyrri umferð deildarinnar,“ segir Hólmfríður.

„Breiðablik hefur heillað mig mest af öllum liðum í sumar. Þær hafa sýnt stöðugleika á yfirstandandi leiktíð þrátt fyrir að hafa misst Fanndísi [Friðriksdóttur], Rakel [Hönnudóttur], Ingibjörgu [Sigurðardóttur] og Svövu Rós [Guðmundsdóttur] sem eru allt landsliðsmenn og voru lykilleikmenn hjá þeim í fyrra,“ segir Hólmfríður þegar hún var beðin um að nefna það lið sem hefur heillað hana hvað mest í sumar.

„Þær fengu í staðinn unga og efnilega leikmenn auk þess sem uppaldir leikmenn sem voru hjá félaginu fyrir hafa axlað aukna ábyrgð með sóma. Þær fengu stærra hlutverk hjá þjálfarateyminu og mig langar að hrósa Þorsteini [Halldórssyni], þjálfara Blika, sérstaklega fyrir það hversu vel honum hefur tekist að þróa og þroska þessa leikmenn. Hann veitir þeim trú og færir þeim traust á að þær geti spilað vel þrátt fyrir ungan aldur,“ sagði Hólmfríður enn fremur um Blikaliðið.

„Ég tel að Sonný Lára Þráinsdóttir, markvörður Breiðabliks, verði lykillinn að sigri liðsins. Nái hún að halda hreinu hef ég engar áhyggjur af því að Blikaliðið skori ekki. Hinum megin verður Sandra María Jessen að eiga góðan leik ætli Þór/KA að fara með sigur af hólmi. Þá er það mikilvægt að Donni nái að halda leikmönnum einbeittum á eitt verkefni í einu. Ég hef engar áhyggjur af því þar sem hann er afar fær þjálfari,“ sagði þessi fyrrverandi framherji um það sem lagt gæti grunn að sigri liðanna. **– hó**



Blikar hafa unnið alla sjö heimaleiki sína í Pepsi-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Valur - FH 4-0**
1-0 Elín Metta Jensen (5.), 2-0 Hlín Eiríksdóttir (36.), 3-0 Hlín (84.), 4-0 Hlín (89.).

*FH er fallið úr Pepsi-deildinni.*

**Stjarnan - KR 3-0**
1-0 Megan Lea Dunnigan (76.), 2-0 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (82.), 3-0 Guðmunda Brynja Óladóttir (85.).

**Inkasso-deild karla**

**Þór - Selfoss 2-1**
1-0 Ignacio Gil Echevarria (37.), 1-1 Hrvoje Tokic (41.), 2-1 Jóhann H. Hannesson (82.).

**Haukar - ÍR 1-1**
0-1 Axel Sigurðarson (6.), 1-1 Gunnar Gunnarsson, víti (85.).

**Fram - HK 1-4**
0-1 Bjarni Gunnarsson (12.), 0-2 Máni Austmann Hilmarsson (49.), 0-3 Brynjar Jónasson (52.), 0-4 Brynjar (70.), 1-4 Frederico Bello Saraiva (90.).

**Inkasso-deild kvenna**

**Afture./Fram - Keflavík 0-1**
0-1 Natasha Moraa Anasi (58.).

**Þjóðadeildin**

**A-deild**

**Riðill 3**

**Ítalía - Pólland 1-1**
0-1 Piotr Zielenski (40.), 1-1 Jorginho, víti (78.).

**B-deild**

**Riðill 2**

**Tyrkland - Rússland 1-2**
0-1 Denis Cheryshev (13.), 1-1 Serdar Aziz (41.), 1-2 Artem Dzyuba (49.).

**C-deild**

**Riðill 1**

**Albanía - Ísrael 1-0**
1-0 Taulant Xhaka (55.).

**Riðill 4**

**Litháen - Serbía 0-1**
0-1 Dusan Tadic, víti (38.).

**Rúmenía - Svartfjallal. 0-0**

**D-deild**

**Riðill 3**

**Aserbaídsjan - Kósovó 0-0**

**Færeyjar - Malta 3-1**
1-0 Jóan Edmundsson (31.), 2-0 René Joensen (38.), 2-1 Michael Mifsud (42.), 3-1 Hallur Hansson (52.).

# Ólafía sautjánda

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er í 17. sæti eftir fyrstu tvo hringina á Lacoste Ladies Open de France mótinu sem er hluti af LET-mótaröðinni í golfi.

Ólafía er á þremur höggum undir pari. Hún var á pari eftir fyrsta hringinn en lék á þremur höggum undir pari í gær.

Valdís Þóra Jónsdóttir lék einnig á þremur höggum undir pari í gær. Það dugði henni þó ekki til að komast í gegnum niðurskurðinn.

Valdís lék fyrsta hringinn á sjö höggum yfir pari, endaði á fjórum höggum yfir pari og lauk leik í 75. sæti. Niðurskurðurinn miðaðist við tvö högg yfir pari. **– iþs**




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# Handboltinn hefst á nýjan leik

**Olís-deild karla hefst á morgun með þremur leikjum. Deildin var gríðarlega sterk í fyrra og er jafn góð, ef ekki betri, í ár. Fréttablaðið spáir um gengi liðanna.**



Kári Kristján og félagar unnu allt á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**1. Valur**
Eftir vonbrigði síðasta tímabils náðu Valsmenn í ⅔ af útilínu Íslandsmeistara ÍBV og markvörðinn Daníel Frey Andrésson. Helstu veikleikar Vals í fyrra voru markvarslan og skortur á skotógn fyrir utan. Þeir löguðu það í sumar. Valsmenn eru með öfluga vörn, mikla breidd og spennandi unga leikmenn. Kröfurnar eru miklar en Valur er með lið til að standa undir þeim. Árangurinn á heimavelli verður að vera betri en í fyrra.

**2. Haukar**
Eftir tvö ár án titils eru Hafnfirðingar hungraðir. Haukar hafa litið vel út á undirbúningstímabilinu og Ásgeir Örn Hallgrímsson styrkir liðið gríðarlega mikið. Breiddin er góð og vörnin sterk. Björgvin Páll Gústavsson er farinn og ungir og efnilegir markverðir þurfa að fylla hans stóra skarð. Haukar verða að vera sterkari á ögurstundum en undanfarin tvö tímabil.

**3. ÍBV**
Eyjamenn unnu þrefalt í fyrra og byrjuðu þetta tímabil á því að vinna Meistarakeppnina. Róbert Aron Hostert og Agnar Smári Jónsson fóru til Vals en Fannar Þór Friðgeirsson og Kristján Örn Kristjánsson komu í þeirra stað. Erlingur Richardsson er tekinn við af Arnari Péturssyni og á að halda ÍBV á sigurbraut. Markvarslan gæti reynst hausverkur.

**4. Selfoss**
Strákarnir frá Selfossi slógu í gegn í fyrra og voru í baráttu um alla titla. Þeir eru árinu eldri og komnir með meiri reynslu. Pressan er jafnframt meiri. Markakóngur síðasta tímabils, Teitur Örn Einarsson, er farinn í atvinnumennsku og leikmenn á borð við Elvar Örn Jónsson og Hauk Þrastarson spila ekki mikið lengur hér á landi. Nýi markvörðurinn frá Póllandi á að leysa helsta vandamál Selfyssinga í fyrra og reynist hann góður getur liðið farið alla leið.

**5. FH**
Silfurlið síðustu tveggja ára missti fjóra lykilmenn í sumar. FH verður varla sterkara en í fyrra en liðið verður alltaf sterkt, vel skipulagt og leikmenn með sín hlutverk á hreinu. FH-ingar eru byrjaðir að spila í Evrópukeppni og komnir með smá forskot á önnur lið. Mikið mun mæða á Bjarna Ófeigi Valdimarssyni sem þarf að fylgja góðu tímabili í fyrra eftir.

**6. Afturelding**
Mosfellingar tóku skref aftur á bak í fyrra eftir að hafa barist um titla fyrstu þrjú árin eftir að þeir komu upp. Markvarslan var ekki góð í fyrra en Arnór Freyr Stefánsson á að bæta úr því. Liðið er með frábæra hornamenn en breiddin vinstra megin fyrir utan er ekki mikil. Afturelding þarf að nýta línumanninn Einar Inga Hrafnsson miklu betur en í fyrra. Og lykilmenn þurfa að haldast heilir.

**7. ÍR**
Breiðhyltingar áttu ágætt tímabil í fyrra en markið er sett hærra í ár. Sterkir leikmenn hafa bæst við hópinn og ef Björgvin Hólmgeirsson er heill heilsu er það mikil búbót fyrir ÍR. Breiðhyltingar unnu ekki leik gegn liðunum sem enduðu fyrir ofan þá í fyrra og það þarf að breytast í vetur.

**8. Stjarnan**
Það vantar ekki hæfileikana hjá Stjörnunni og liðið er afar vel mannað. En stemningin fyrir liðinu er við frostmark og Stjarnan vann aðeins þrjá heimaleiki á síðasta tímabili. Sveinbjörn Pétursson þarf að eiga betra tímabil og Egill Magnússon og Aron Dagur Pálsson að sýna meiri stöðugleika. Rúnar Sigtryggsson er fær þjálfari sem mun setja sitt mark á liðið.

**9. Fram**
Síðan Guðmundur Helgi Pálsson tók við Fram hefur liðið komist í undanúrslit um Íslandsmeistaratitilinn og bikarúrslit. Spilamennska Fram er hins vegar eins og skapsveiflur Kanye West; stöðugleikinn er enginn. Arnar Birkir Hálfdánsson skilur eftir sig risastórt skarð en Fram ætti að vera með nógu gott lið til að halda sjó.

**10. KA**
Í fyrsta sinn frá tímabilinu 2005-06 er KA með lið í deild þeirra bestu. Það er mikil nostalgía sem fylgir því að fá þá gulu upp í efstu deild og stemningin á leikjum liðsins í Grill 66 deildinni í fyrra var fín. Liðið er með nokkuð öfluga útlendinga og leikmenn með reynslu í efstu deild. KA-menn munu samt eiga fullt í fangi með að halda sér uppi.

**11. Grótta**
Líkt og fyrir síðasta tímabil hafa orðið miklar breytingar hjá Gróttu, bæði á leikmannahópnum og svo er kominn nýr maður í brúna (Einar Jónsson). Liðið virðist veikara en í fyrra og þá slapp það naumlega við fall.

**12. Akureyri**
Vann Grill 66 deildina í fyrra en það er ekki sami meðbyr með liðinu núna. Akureyringar hafa verið að safna liði á síðustu dögum og það gæti tekið tíma að sjóða alla bitana saman. Akureyri vann alla heimaleiki sína í fyrra og heimavöllurinn verður að gefa vel í vetur.




## Fylgstu með þessum í Olís-deildinni í vetur



**Dagur Gautason** KA
Gríðarlega flinkur hornamaður og öflugur í hraðaupphlaupum. Mætir væntanlega fullur sjálfstrausts til leiks eftir að hafa verið valinn í úrvalslið EM U-18 ára þar sem Ísland endaði í 2. sæti.

**Sveinn Andri Sveinsson** ÍR
Leikstjórnandinn átti prýðisgott fyrsta tímabil í efstu deild og þarf nú að taka annað skref fram á við. Fílhraustur, með mikinn sprengikraft og leikskilning. Afbragðs varnarmaður. Má skila fleiri stoðsendingum.





**Bjarni Ófeigur Valdimarsson** FH
Var góður með Gróttu í fyrra og átti stóran þátt í að liðið hélt sæti sínu í Olís-deildinni. Þarf að fylla stórt skarð hjá FH og pressan á honum verður meiri en hjá Gróttu. Öflugur jafnt í vörn sem sókn.

**Tumi Steinn Rúnarsson** Afturelding
Gekk í raðir Aftureldingar frá Val í sumar. Lykilmaður í U-18 ára landsliðinu sem vann silfur á EM. Skynsamur leikstjórnandi sem gerir fá mistök og samherja sína betri. Gæti sprungið út í vetur.





**Sveinn Jóhannsson** ÍR
Meiðsli gerðu Sveini erfitt fyrir í fyrra. Eftir tímabilið fór hann til ÍR þar sem hann ætti að geta tekið skref fram á við. Gríðarlega efnilegur línumaður sem sýndi góða takta á HM U-20 í sumar.

**Birgir Már Birgisson** FH
Stóð upp úr hjá Víkingi í fyrra og fór svo til FH þar sem hann á að fylla skarð Óðins Þórs Ríkharðssonar. Spilaði afar vel á EM U-20. Snöggur fram, klárar færin sín vel og á alla möguleika á að springa út hjá FH.




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
28. SEP 19:30
29. SEP 17:00
UPPISTAND!
ARI ELDJÁRN OG SINFÓ
Á uppistandstónleikum Ara Eldjárns og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fléttast saman óborganleg kímnigáfa og meistaraverk tónlistarinnar svo að úr verður sannkölluð eðalskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.
Tryggðu þér sæti!
TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS
Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50
@icelandsymphony / #sinfó
Aðalstyrktaraðili :
GAMMA




## Helstu nýjungar í nýjum Tucson.

Meðal helstu nýjunga í Hyundai Tucson eru nýjar sparneytnari og umhverfisvænni vélar og SmartSence öryggisbúnaðarkerfi sem inniheldur meðal annars skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun. Innréttingin hefur verið endurhönnuð og ný LED aðalljós setja fallegan svip á nýjan Tucson.

**Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 4.890.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.




ENNEMM / SÍA / NM89738

## Frumsýning í dag frá 12–16
## Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

**HYUNDAI**

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Sýningin mun að öllum líkindum verða eitthvað fyrir augað og samkvæmt Flugmálafélaginu verður öllu því besta tjaldað til. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Saga Þristsins

Á vef Þristavinafélagsins kemur fram að vélin kom úr verksmiðju þann 1. október 1943. Snemma eftir afhendingu vélarinnar var hún tekin í þjónustu Norður-Atlantshafsdeildar flutningaþjónustu Bandaríkjahers (Air Transport Command – North Atlantic Division) og fljótlega var hún komin á Keflavíkurflugvöll.

Flugvélin var notuð hér við margvísleg flutningastörf á vegum hersins. Meðal annars hafa fundist gögn sem sýna að vélin var notuð til að fljúga með hermenn, sem hér voru staðsettir, í skemmtiferðir til Akureyrar og var þá lent á Melgerðismelum. Einnig var vélin notuð til að flytja háttsetta herforingja milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Flugfélag Íslands eignaðist síðar vélina en svo fékk Landgræðslan hana og var hún þá nefnd eftir fyrrverandi landgræðslustjóra, Páli Sveinssyni.

# Flugveisla í borginni

**Flugsýningin í Reykjavík fer fram á Reykjavíkurflugvelli í dag og hefst í hádeginu. Forseti Flugmálafélagsins segir öllu því besta úr flugsamfélaginu tjaldað til. Þúsundir sækja flugsýninguna á ári hverju.**

Sýningin verður með glæsilegasta móti. Tugir flugvéla af öllum stærðum og gerðum taka þátt í lofti og fjöldi véla verður á jörðu niðri sem gestir geta skoðað hátt og lágt. Þotur verða í loftinu, þyrlur, listflugvélar, fisflugvélar, svifflugur, einkavélar, fallhlífarstökkvarar, drónar og svo mætti lengi telja. Þetta verður flugveisla,“ segir Matthías Sveinbjörnsson, forseti Flugmálafélagsins.

Þá verður verður 757-þota Icelandair til sýnis fyrir áhorfendur en Þristurinn svokallaði mun jafnframt fljúga yfir svæðið. „Þota Icelandair mun lenda á meðan á sýningu stendur en það er sjaldgæft að geta séð þau átök sem sér eiga sér stað þegar farþegaþota lendir í miklu návígi. Rjóminn úr grasrót flugs á Íslandi verður bæði til sýnis á jörðinni og á lofti.“

Flugsýningin er jafnan haldin í byrjun sumars, en fresta þurfti henni vegna veðurs. „Veðrið var ekki með okkur. Samkvæmt núverandi spám mun veðrið vera í lagi einmitt um það leyti sem sýningin verður,“ segir Matthías, bjartsýnn. **olof@frettabladid.is**



**Flugsýning á Reykjavíkurflugvelli árið 2014 þar sem margt fólk gerði sér glaðan dag og barði vélarnar augum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Hér etja Porsche-sportbíll og Pitts M12-flugvél kappi á flugbrautinni í Reykjavík. Hvort ætli hafi haft betur?** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DISCOVERY SPORT SE+

# FÁGAÐUR SPORTJEPPI Á EINSTÖKU VERÐI

landrover.is

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn búnaði bíls á auglýstu verði

## LAND ROVER DISCOVERY SPORT SE+
## VERÐ: 7.490.000 kr.

Búnaður SE+ útgáfu: 18" álfelgur, 9 þrepa sjálfskipting, stillanlegt Terrain Response drifkerfi, leður-/tausæti, leiðsögukerfi, upphitað stýrishjól, sæti og framrúða, rafdrifin framsæti, þokuljós, bakkmyndavél, armpúðar á milli framsæta og dráttarkrókur.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

ENNEMM / SÍA / NMxxxxx

# Sláandi tölur um tilraunir ungmenna til sjálfsvígs

350 drengir og 613 stúlkur sögðust hafa gert tilraun til sjálfsvígs einhvern tímann á ævinni samkvæmt nýrri skýrslu Embættis landlæknis. Sérfræðingar kalla á geðrækt á öllum skólastigum barna og aukið aðgengi að heilbrigðisþjónustu í nærumhverfi.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is






„Þetta er færni sem ekki allir eiga auðvelt með en er alveg hægt að kenna. Við þyrftum að vera með námsefni á hverju einasta stigi en mikilvægt er að þar sé notast við gagnreyndar aðferðir,“ segir Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ný skýrsla frá Embætti landlæknis um sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna kom út fyrir helgi og verður kynnt á málþinginu Stöndum saman gegn sjálfsvígum á mánudag, alþjóðlegum degi sjálfsvígsforvarna. Niðurstöður koma á óvart en þar kemur fram að rúmlega 9% ungmenna á Íslandi hafa gert tilraun til sjálfsvígs.

„Frá því um 2010-2012 höfum við séð vaxandi vanlíðan meðal íslenskra ungmenna. Þetta kemur líka fram í þessari skýrslu í auknum sjálfsvígshugsunum og gríðarlega mikilli aukningu í sjálfsskaða meðal stúlkna í framhaldsskólum. Þar er þróunin frá 2010 úr 4% í 13%,“ segir Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis. „Miðað við þessar niðurstöður er þetta eitthvað sem hefur aukist meðal stúlkna. Það eru fleiri stúlkur í dag sem segjast hafa hugleitt sjálfsvíg en árið 2000 og sérstaklega er aukningin mikil frá árinu 2010.“

Fleiri drengir en stúlkur eru á skrá yfir dauðsföll vegna sjálfsvíga á þessum aldri, 16-20 ára. Hlutfall drengja í framhaldsskólum sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs hefur hins vegar haldist stöðugt í kringum 5-7% frá 2000-2016. Greina má breytingar hjá stúlkum yfir tímabilið. Hlutfall þeirra sem höfðu gert tilraun til sjálfsvígs var 9% árið 2000, 11% árið 2004, 7% árið 2010 og hækkaði í 12% árið 2016.

Tekið er tillit til skekkjumarka og spurninga sem tengdust tilraunum til sjálfsvígs, spurt á mismunandi vegu til að draga úr efasemdum. Auk þess svaraði ekki nema 71% framhaldsskólanema könnuninni árið 2016 en 29% voru fjarverandi. Til dæmis var skólasókn 16 ára nemenda 94,7% haustið 2016 samkvæmt Hagstofu og því 5,3% sem voru ýmist ekki í skóla, á vinnumarkaðnum eða annað. Skekkjan er því líklega vegna.

Þátttakendur í rannsókninni voru framhaldsskólanemar sem voru mættir þann dag sem könnunin var gerð. Taka þarf mið af nemendum sem voru fjarverandi, nemendum sem mæta illa í skólann af einhverjum ástæðum og nemendum sem líður jafnvel svo illa að þeir vilja ekki svara.

**Sjálfsvíg annarra áhrifamikil**

„Þessar niðurstöður komu mér á óvart og mér finnst tölurnar sláandi,“ segir Ingibjörg Eva. „Þetta er ekki eitthvað sem ég hef heyrt mikið um. Við viljum ekki að það sé til staðar eitthvert falið vandamál. Hvað veldur vitum við ekki nákvæmlega, því ekki var spurt um það í rannsókninni og þyrfti líklega að gera með viðtölum en það er hægt að finna svona meginþemu. Ég hugsa að ástæðurnar séu hins vegar ofboðslega margar og ólíkar.“

Nemendur sem höfðu upplifað það að einhver greindi þeim frá sjálfsvígshugsunum voru tæplega tvöfalt líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og til að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg. Nemendur sem áttu góðan vin eða einhvern nákominn sem hafði gert tilraun til sjálfsvígs voru tæplega þrefalt líklegri til að hafa sjálf gert tilraun til sjálfsvígs og 1,5 sinnum líklegri til að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg.

Aðrir sterkir áhrifaþættir fyrir tilraun til sjálfsvígs voru þunglyndi, reiði, af hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og að hafa reykt kannabis um ævina.

Sterkustu sjálfstæðu áhættuþættirnir fyrir sjálfsvígshugsanir voru einkenni þunglyndis, reiði, sjálfsvígshugsanir annarra, það er ef einhver hafði sagt viðkomandi frá hugleiðingum um sjálfsvíg, kynferðisofbeldi, og lítill stuðningur foreldra, í þessari röð.

Fjölskyldumynstur skiptir miklu máli, hvort það megi tala um hlutina eða hvort allt sé þaggað niður. Samskipti innan fjölskyldunnar og uppeldisskilyrði sem börn búa við eru áhrifaþáttur. Þá eru börn af erlendum uppruna í áhættuhóp sem mætti horfa betur til.

**55%** stúlkna þekkja einhvern sem hefur reynt sjálfsvíg.

**38%** drengja þekkja einhvern sem hefur reynt sjálfsvíg.

**12%** stúlkna höfðu gert tilraun til sjálfsvígs árið 2016.

**1/10** átti góðan vin eða einhvern nákominn sem hafði svipt sig lífi. Lítil breyting hefur orðið á þessu hlutfalli yfir tíma.

**71%** er svarhlutfall framhaldsskólanema sem voru mættir í skólann og svöruðu könnuninni árið 2016.

**7%** drengja höfðu gert tilraun til sjálfsvígs árið 2016.

**2.828** nemendur höfðu í alvöru hugleitt sjálfsvíg árið 2016, 56% höfðu sagt einhverjum frá því.

## Málþing á mánudag

Mánudaginn 10. september er alþjóðlegur dagur sjálfsvíga og í tilefni þess verður haldið málþing í húsnæði Decode við Sturlugötu 8, milli kl. 15.00–17.00 sem er opið öllum.

Kyrrðarstundir til minningar um þá sem hafa fallið fyrir eigin hendi verða í Dómkirkjunni, Akureyrarkirkju, Egilsstaðakirkju og Ísafjarðarkirkju að kvöldi mánudagsins 10. september og í Útskálakirkju að kvöldi sunnudagsins 9. september.

Embætti landlæknis, Geðhjálp, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Hugarafl, geðsvið Landspítalans, Minningarsjóður Orra Ómarssonar, Ný dögun, stuðningur í sorg, Pieta samtökin, Rauði krossinn og Þjóðkirkjan standa að dagskrá dagsins.

**Heilsugæslan býður nú upp á ókeypis sálfræðiviðtöl fyrir börn og unglinga, og sums staðar fullorðna. Ef vandinn er bráður má leita bæði á bráðamóttöku BUGL og göngudeild geðsviðs Landspítalans.**

**Geðrækt bjargar mannslífum**

Sigrún fór fyrir öflugum starfshópi sem skilaði aðgerðaáætlun til ráðherra í apríl síðastliðnum um að fækka sjálfsvígum á Íslandi og dregur fram gagnreyndar aðferðir og leiðir til þess. Samkvæmt slíkri aðgerðaáætlun er skynsamlegra að beina sjónum að æviskeiðinu í heild þar sem tíðni sjálfsvíga hér á landi er lægst meðal unglinga en annars svipuð yfir öll fullorðinsárin. Á síðastliðnum áratug hafa flest sjálfsvíg, eða um 22%, orðið í aldurshópnum 30-39 ára og um 17% í aldurshópnum 20-29 ára, 40-49 ára og 50-59 ára.

Sigrún segir mikilvægt að huga að geðrækt og forvörnum í samfélaginu. Grípa þurfi inn í miklu fyrr með snemmtækri íhlutun og segir hún að geðrækt á öllum skólastigum barna ætti að verða fastur liður í skólastarfi. Einnig er mikilvægt að efla þennan þátt í mæðravernd og í ungbarnaeftirliti.

„Börn eru markvisst þjálfuð í hreyfiþroska og þjálfuð í þoli og styrk en það ætti líka að þjálfa þau í félagsfærni og tilfinningafærni. Að þekkja og skilja eigin tilfinningar, kunna góð samskipti, kunna að eignast og halda vinum, kunna að leysa ágreining á góðan hátt og þar fram eftir götunum. Þetta er færni sem ekki allir eiga auðvelt með en er alveg hægt að kenna. Við þyrftum að vera með námsefni á hverju einasta stigi en mikilvægt að þar sé notast við gagnreyndar aðferðir,“ segir hún.

Salbjörg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis, var hluti af teyminu á bak við aðgerðaáætlunina til ráðherra í apríl.

Hún segir mikinn barning hafa verið um árið 2000 að innleiða geðrækt. Lífsleikni var komin víða inn í skólakerfið, en sumir töldu það vera uppfyllingu eða höfðu litlar forsendur til að kenna. Miklar breytingar hafa orðið síðan hvað aðgengilegt námsefni í geðrækt varðar. „Það er til dæmis frábært námsefni sem heitir Vinir Zippýs og er kennt í 28 löndum og í nokkrum skólum hér á landi. Ástralar og fleiri þjóðir eru mjög framarlega á þessu sviði og við horfum til þeirra,“ segir Salbjörg.

**Fólkið á bak við einstaklinginn**

„Annað sem við sjáum er að um helmingur stúlkna og rúmur þriðjungur drengja í framhaldsskólum árið 2016 hefur upplifað að einhver hafi sagt þeim frá því að hafa íhugað sjálfsvíg. Við þurfum að fræða krakka um það hvernig eigi að bregðast við ef svona gerist,“ segir Sigrún.

Á Íslandi eru í kringum 35-40 skráð sjálfsvíg á ári í heildina. Fjölskyldunetið á bak við hvern einstakling getur verið mjög stórt og stór hópur fólks sem verður fyrir áhrifum þegar einstaklingur því nákominn fellur frá.

Ef miðað er við allra nánustu fjölskyldu og vini og gengið út frá því að á bak við þessa 963 nemendur sem hafa reynt sjálfsvíg séu allt að 10 manns, þ.e. tveir foreldrar, tvær ömmur, tveir afar, eitt til tvö systkini, og tveir til þrír vinir, þá er hægt að reikna út að um 8.667 manns verði fyrir áhrifum.

Hvert sjálfsvíg er harmleikur, ótal spurningum er ósvarað og sorgarferlið flókið. Búast má við að á hverju ári séu um 35-40 sjálfsvíg, oftast fólk á besta aldri sem hefur verið komið í öngstræti með líf sitt. Reikna má með að um 2-3.000 manns fari í jarðarfarir tengdar sjálfsvígum ár hvert.

„Það eru í kringum þrír til átta sem syrgja verulega mikið og sjálfsvíg nákomins ættingja eða vinar hafa áhrif á allt lífið. Sumir hætta í skóla, aðrir eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði. Við viljum ekki sjúkdómsgera sorgina en það eru um það bil 150-200 manns sem þyrftu að fá sorgarúrvinnslu en eru ekki að fá þá þjónustu sem skyldi, meðal annars vegna þess að þeir vita ekki hvert eigi að leita og/eða að þjónustan er af skornum skammti. Þessi hópur einstaklinga er oft falinn og með mikla vanlíðan í langan tíma. Öðrum aðstandendum og vinnufélögum finnst oft erfitt að nálgast þá, þar sem dauðinn og þá einkum sjálfsvíg eru tabú að ræða um. Ef ekki er unnið með sorgina er hætta á einangrun, kvíða og þunglyndi sem hægt væri að milda með snemmtækri íhlutun,“ segir Salbjörg.

„Ef sjálfsvígstilraun verður í skólaumhverfinu er það fljótt að spyrjast út í skólanum og sögusagnir fara út um víðan völl. Það getur verið erfitt fyrir ungmenni að koma í skólann á nýjan leik og mikilvægt er að taka vel á móti viðkomandi. Þess vegna er mikilvægt að viðbragðsáætlun sé til staðar inni í skólanum, þar sem námsráðgjafi, umsjónarkennari og einhver þriðji aðili taka á málunum. Ef um sjálfsvíg er að ræða þá er mjög mikilvægt að vinna vel með bekkinn og nánustu vini til að forðast smitáhrif.“

**Innleiða heilsueflandi skóla**

„Við bíðum spennt eftir því hvað ráðherra segir á mánudag og vonumst til að hún komi með eitthvað tengt þessari aðgerðaáætlun,“ segir Salbjörg. „Það sem við vitum er að það eru yfir 80-85% ungmenna sem líður vel, en það eru í kringum 15% sem þarf að hlúa mun betur að. Þetta er ekki bara á ábyrgð heilbrigðisþjónustunnar, heldur þarf allt samfélagið að vinna að því að leyfa fólki að vaxa og dafna og líða vel. Það er gríðarlega mikilvægt að staldra við og skoða hvað við getum gert betur. Einnig þarf að fá foreldra betur inn í foreldrastarf í skólanum með tilliti til þess að fjölskyldur eru mismunandi. Það er engin ein lausn sem hentar öllum.“

Hér áður var ekki talað um heilsueflandi skóla, sem þykir núna eðlilegt. Salbjörg segir að nú sé kominn tími á að innleiða slíka hugsun í allt samfélagið. Sum sveitarfélög séu orðin heilsueflandi samfélög og er það vel.

„Heilsueflandi skóli og heilsueflandi samfélag. Við þurfum líka að skoða fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar árið 2016 sem er ekki enn búið að samþykkja á Alþingi. Við þurfum fjölskyldustefnu til að ná til allra barna og fjölskyldna. Vinnumarkaðurinn þarf einnig að koma til móts með sveigjanlegum vinnutíma. Þetta er stór pakki en þarf að ráðast í hann strax. Ef við gerum þetta almennilega þá fáum við heilsteyptan einstakling út úr skólakerfinu,“ segir Salbjörg.

„Þá var einnig þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára samþykkt á Alþingi í apríl 2016. Það er liðið á seinnihluta 2018 og einungis hluti hennar orðinn að veruleika. Það er byrjað á sumu en annað er brotakennt. Það þarf að spýta í lófana með ákveðna hluti. Við verðum að sinna forvörnum, snemmtækri íhlutun og allri meðferð mun betur. Horfa á styrkleika fólks og getu þess og gefa öllum tækifæri til að njóta sín í umhverfinu.“

Sigrún tekur í sama streng. „Geðheilbrigðisþjónusta er ekki nógu aðgengileg sem gengur þvert á það sem við erum að segja unga fólkinu okkar. Ef við viljum hvetja það til að leita sér hjálpar þá verðum við að tryggja að það sé auðvelt og einfalt að gera það. Það er mikilvægt að fólk leiti sér hjálpar og að þá sé hjálpin til staðar. Við leggjum til lausnir í aðgerðaáætluninni sem verður vonandi tekin í notkun von bráðar,“ segir Sigrún.

## Aðstoðin þarf að vera aðgengileg og ekki með löngum biðlistum

Menntaskólinn við Hamrahlíð er einn af þeim framhaldsskólum sem hafa ráðið inn sálfræðing til að þjónusta nemendur. Nemendur geta því fengið innan skólans ókeypis sálfræðiþjónustu á sínum forsendum. Bóas Valdórsson sálfræðingur siglir nú inn í þriðja árið sitt þar. Þarna skarast heilbrigðis- og menntamál. „Þessi mál hafa verið að þróast í skólakerfinu á síðastliðnum þremur árum. Það virðist vera skilningur og áhugi fyrir að þessi tvö ráðuneyti starfi saman og verði samstíga,“ segir Bóas. „Það hefur verið að aukast að sálfræðingar séu aðgengilegir í framhaldsskólum og sýnt sig að þörf er á þessari þjónustu.“

Bóas segir að margir nemendur nýti sér þjónustuna. „Mér finnst þetta frábær kynslóð sem er að alast upp. Þau eru meðvituð um að takast á við sína hluti og eru meðvitaðri um að takast á við tilfinningar sínar. Forvarnir og fræðsla síðustu árin hefur miðað að því að hvetja fólk til að leita sér aðstoðar ef fólki líður illa eða glímir við erfiðleika en þá þarf aðstoðin að vera opin og aðgengileg og ekki með of löngum biðlistum,“ segir Bóas.

„Auðvitað eru nemendur inn á milli sem eru að takast á við erfiðleika sem eru krefjandi og svo vísum við nemendum áfram í heilbrigðiskerfið ef þörf er á frekari úrræðum vegna flóknari og stærri erfiðleika. Hvar byrjar maður? er viðamikil spurning þegar maður er ungur.“


# Sölu-sýning

**Í dag**, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4, frá kl. 10 til 16.

Framúrskarandi fyrirtæki 2017




Þar gefst þér tækifæri til að skoða allt hið nýjasta sem við höfum á boðstólum. Meðal annars nýju VarioStyle kæli- og frystiskápana sem skipta má um framhlið á hvenær sem er og eru hvorki fleiri né færri en nítján litir í boði. Veldu lit sem hentar innréttingunni þinni, lit sem poppar upp eldhúsið eða náðu þér í lit sem hæfir árstíðinni. Fagnaðu haustinu með haustlit og jólunum með gylltri eða rauðri framhlið. Mjög auðvelt er að skipta um framhliðina. Það tekur í raun aðeins nokkrar sekúndur. VarioStyle-skáparnir frá Bosch hlutu þýsku hönnunarverðlaunin (German Design Award) nú í ár, 2018.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins.
Veittur verður afsláttur af öllum vörum sem ekki eru nú þegar á Tækifærisverði.

**Komdu og njóttu dagsins með okkur!**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



## KENNEDY

Klassískt sófasett frá La-Z-Boy. Grátt, slitsterkt áklæði.

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*

2ja sæta, stærð: 177 x 100 x 97 cm
**139.990 kr.** ~~169.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 196 x 100 x 97 cm
**149.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

Stóll
**99.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

## DIMA

Borðstofustóll. Svartur með viðarlitum fótum.



**9.990 kr.** ~~12.990 kr.~~

## BATILDA

Borðstofu-stóll. Blátt eða grátt áklæði og svart eða koníakslitt PU-leður.



**11.990 kr.** ~~14.990 kr.~~




**1.** EightMood Mermaid púðar (breytipúðar), þrjár gerðir **9.390-9.990 kr.** **2.** Nordal Indian blómapottur á fótum, þrjár stærðir 60/79/98 cm háir **8.990/9.990/11.990 kr.** **3.** Nordal hitakanna (bleik, blá eða grá) 1L **3.990 kr.** **4.** Riverdale Urban kertalukt 47 cm **9.990 kr.** **5.** Sophia Hygeia stytta 16 cm **4.990 kr.** **6.** Broste led perur, margar gerðir. Líftími um 35.000 klst **5.790-8.390 kr.**



## CONNECT

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit eða svart leður. Stærð: 311 x 205 x 88 cm

Antrazit áklæði
**239.990 kr.** ~~279.990 kr.~~

Svart leður
**379.990 kr.** ~~439.990 kr.~~



## CONNECT

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

**SPARAÐU 20.000 KRÓNUR**

**149.990 kr.** ~~169.990 kr.~~



## RELIEVE

Hægindastóll með eða án skemils. Nokkrar útfærslur í áklæði eða leðri.

Brons- eða bláberjalitt áklæði, álfótur
**189.990 kr.** ~~222.990 kr.~~

Skemill
**54.990 kr.** ~~62.990 kr.~~

Svart Fantasy leður
**224.990 kr.** ~~264.990 kr.~~

Skemill
**64.990 kr.** ~~76.990 kr.~~





CONFORM

Grátt eða dökkblátt bolzano leður
**229.990 kr.** ~~274.990 kr.~~

Skemill
**69.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*




# Ævintýralegt haust í Höllinni

## SPENNANDI SEPTEMBER

**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm
**94.990 kr.** ~~114.990 kr.~~



**BRAVO**
Hægindastóll og skammel. Svart eða koníakslitt leður og álfætur.
Stóll
**179.990 kr.** ~~209.990 kr.~~
Skammel
**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



**HERNING**
Soleda svart leður.
Stærð 76 x 78 x 107 cm
**139.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

**SICILIA**
2ja og 3ja sæta sófar, sófaskemlar og stólar. Grænt eða ljósgrátt áklæði og brúnt og koníaksbrúnt bonded leður.



2ja sæta bonded leður
**109.990 kr.** ~~129.990 kr.~~

3ja sæta bonded leður
**129.990 kr.** ~~149.990 kr.~~

Stóll bonded leður
**79.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

Skemill bonded leður
**33.990 kr.** ~~39.990 kr.~~








**PASCALL**
Hægindastóll með klassísku útliti. Slitsterkt áklæði, 5 litir; rauður, grár, ljósblár, bleikur og mintugrænn.
**39.990 kr.** ~~49.990 kr.~~

**Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is**

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Héldu að ég væri klikkaður



Það tók Erik Hamrén tíma að klífa metorðastigann í þjálfun. En hann gafst aldrei upp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Knattspyrnuferill Eriks Hamrén entist ekki lengi og höfðu ekki margir trú á honum þegar hann ákvað að gerast þjálfari. Eftir gott gengi við að þjálfa félagslið kom tilboðið að þjálfa sænska landsliðið sem var eitthvað sem hann dreymdi ekki einu sinni um. Hann fann eldmóðinn að nýju í Suður-Afríku.**

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is



Erik Hamrén mun stýra sínum fyrsta landsleik sem þjálfari íslenska karlalandsliðsins þegar flautað verður til leiks á Kybunpark-vellinum í St. Gallen í dag. Það er ef til vill viðeigandi að frumraun þess sænska komi á heimavelli St. Gallen þar sem fyrir endanum á vellinum er risavaxin IKEA-búð. Sviss er andstæðingurinn í fyrsta leik Íslands í efstu deild í Þjóðadeildinni og verður Michael Oliver á flautunni. Þetta verður sjöundi leikur þjóðanna í karlaflokki og bíður Ísland enn eftir fyrsta sigrinum.

Sviss hefur unnið fimm leiki en einum leik lauk með jafntefli. Þrátt fyrir það virtist Hamrén vera nokkuð bjartsýnn þegar undirritaður fékk að ræða við hann á hóteli landsliðsins í æfingabúðum í Austurríki. Þar eru sígarettureykingar enn leyfðar og fengum við okkur sæti í vindlaherbergi en hann virtist afar léttur í lundu og tilbúinn að ræða við íslenska fjölmiðla, eitthvað sem hann átti erfitt með sem þjálfari sænska landsliðsins og bakaði honum óvinsældir þar í landi.

„Það er erfitt að finna lýsingarorð til að lýsa sjálfum sér, að mínu mati er ég opinská persóna, glaðbeittur og auðvelt að fá mig til að hlæja," segir Erik þegar hann er spurður hvers konar persónuleiki hann sé. Hann segist þó njóta sín vel á golfvellinum þegar frítími gefst og hefur unnið í að lækka forgjöfina eftir að hann hætti sem þjálfari sænska landsliðsins.

### Meiðsli bundu enda á ferilinn

Erik kemur úr litlu bæjarfélagi í Svíþjóð, Ljusdal, þar sem meiri áhersla var lögð á íshokkí. Hann lék knattspyrnu sem ungur drengur en þurfti að hætta vegna meiðsla.

„Ég er uppalinn í Ljusdal, næsti stóri bær er Sundsvall og allt frá því að ég var ungur dreymdi mig um að verða atvinnumaður í fótbolta. Það voru margar íþróttir stundaðar í bænum, íshokkí var afar vinsælt og ég æfði íshokkí en ég var efnilegri í fótbolta. Ég fékk eldskírn mína sem sextán ára unglingur í fjórðu deildinni í Svíþjóð en meiddist illa þegar ég var átján ára. Ég fór í aðgerðir og náði einu ári en þá tóku meiðslin sig upp á ný í hnénu og ég hætti að leika knattspyrnu fyrir tvítugt."

Honum fannst erfitt að meðtaka að draumurinn um atvinnumennsku væri úti fyrir tvítugt.

„Þetta var erfiður tími og það eru margir sem upplifa þetta, dreymir um atvinnumennsku en meiðsli koma í veg fyrir það. Þáverandi kærasta mín var í fótbolta og ég fór að aðstoða við þjálfun hjá liðinu hennar. Ég elskaði ennþá að vera í kringum fótbolta og þetta var nýr vinkill. Ég hóf þjálfaraferilinn mjög ungur, ég hafði ekkert hugsað út í það að verða þjálfari en ég elskaði fótbolta. Ég fann það strax hvað mér fannst þetta gaman, ég reyndi eitthvað að komast sjálfur inn á völlinn en fann strax að það var ekki í boði og hellti mér þá út í þjálfun."

### Ætlaði komast í fremstu röð

Fyrir vikið þurfti Erik að einbeita sér að þjálfarastörfum og hóf ferilinn sem aðalþjálfari í neðri deildum Svíþjóðar.

„Ég byrjaði í fjórðu deild og fann að þetta var eitthvað sem hentaði mér vel. Markmiðin á þeim tíma voru ekki háleit, ég hugsaði ekki út í að þetta yrði seinna meir starf mitt, hvað þá sem þjálfari íslenska landsliðsins," segir Hamrén og hlær.

„Árið 1985 skráði ég mig í háskóla í Stokkhólmi til að læra að kenna leikfimi, þar kynntist ég starfsemi knattspyrnusambandsins og kynntist þjálfurum úr mismunandi íþróttum og fann um leið að þetta yrði minn starfsvettvangur og að ég ætlaði mér að verða þjálfari í fremstu röð. Ég lærði margt, bæði úr skólanum og af samnemendum mínum," segir Erik sem er ekki lengi að svara hver starfsvettvangur hans í dag væri ef hann hefði ekki orðið þjálfari.

„Ég held að ég væri kennari, mér hefur alltaf liðið vel í samskiptum við fólk. Ég vann sem kennari þegar ég var í neðri deildunum og mér líkaði það vel. Ég tók stutta törn í sænska hernum og kunni ágætlega við það, það hentar mér að vinna með fólki."

### Var aldrei stórt nafn

Þegar Erik sagðist stefna að því að verða þjálfari í efstu deild í Svíþjóð, Allsvenskan, efaðist fólk um drauma hans.

„Ég stefndi strax að því, ég ætlaði mér að verða þjálfari í Allsvenskan árið 1985 og fólk hélt að ég væri klikkaður og hló að mér. Ég var ekki stórt nafn sem fyrrverandi leikmaður og það tók tíu ár að vinna mig upp metorðastigann. Ég vissi að ég þyrfti að byrja í neðri deildunum og vinna mig upp með því að vera sigursæll. Það liðu níu ár áður en ég varð þjálfari í fullu starfi."

Árið 1995 fékk hann starf í efstu deild í Svíþjóð með AIK. Hann átti síðar eftir að stýra liðum Örgryte í Svíþjóð, AaB í Danmörku og Rosenborg í Noregi.

„Eftirminnilegast í þessu öllu saman er þegar þú vinnur bikara, ég man enn vel eftir því þegar unglingaliðið Sundsvall undir minni stjórn varð meistari. Það er enn eina liðið norðan Stokkhólms sem hefur náð því, sem sýnir hvað það var magnað afrek. Að vinna titla er það sem maður gleymir aldrei," segir Hamrén og heldur áfram:

> MIG DREYMDI ALDREI UM AÐ VERÐA ÞJÁLFARI SÆNSKA LANDSLIÐSINS. ÉG HÉLT AÐ ÉG HEFÐI EKKI BAKGRUNNINN Í ÞAÐ, ÉG VÆRI EKKI NÆGILEGA ÞEKKTUR EFTIR FERILINN.

„Undir minni stjórn vannst sænski bikarinn, við mættum Barcelona í Evrópukeppni og ég vann titla með bæði AaB og Rosenborg. Þetta eru frábærar minningar og ég upplifði mismunandi hluti. Í Noregi var krafa um að Rosenborg ynni titilinn en hjá AaB tók ég við liði sem hafði ekki roð við stærstu liðunum fjárhagslega en okkur tókst að vinna titilinn."

### Nágranninn ennþá brjálaður

Þegar Hamrén stýrði liði Rosenborg kom kall frá sænska knattspyrnusambandinu. Lars Lagerbäck var að yfirgefa landsliðið eftir tíu ár og bar sænska sambandið víurnar í Erik sem segir að það hafi komið sér í opna skjöldu.

„Það var mikill heiður, þegar ég var búinn að upplifa drauminn um að stýra liði í efstu deild í Svíþjóð fór ég að hugsa hvert næsta markmið væri. Þá varð markmiðið að verða þjálfari í stöðugu liði í Svíþjóð og afla mér virðingar innan Svíþjóðar sem þjálfari en svo fann ég að ég vildi taka nýtt skref eftir tíu ár í Svíþjóð," segir Erik og bætir við:

„Mig dreymdi aldrei um að verða þjálfari sænska landsliðsins. Ég hélt að ég hefði ekki bakgrunninn í það, ég væri ekki nægilega þekktur eftir ferilinn. Ég sá ekki fyrir mér að taka við landsliðinu og þetta kom mér á óvart þrátt fyrir að ég væri að gera góða hluti með félagslið."

Nágranni hans í Svíþjóð varð strax viss um að hann yrði landsliðsþjálfari en Erik var ekki á sama máli.

„Þegar það kom í ljós að Lars væri að hætta kom upp orðrómur um að ég myndi taka við. Nágranni minn ætlaði að veðja á að ég yrði næsti þjálfari, hann hefði það á tilfinningunni en ég stöðvaði hann og sagði að ég yrði ekki næsti þjálfari. Hann ætlaði að setja þúsund sænskar krónur á þetta og hélt að þetta yrði gott veðmál en ég stöðvaði hann, hann er enn reiður út í mig," segir Hamrén hlæjandi en hann varð þó afar stoltur þegar tilboðið kom.

„Þegar tilboðið kom fannst mér ég ekki geta yfirgefið Rosenborg strax, ég var búinn að vera með liðið í átján mánuði og stýrði Rosenborg með sænska landsliðinu um tíma."

DACIA

# Stærri bíll á smábílaverði




## Nýr Dacia Sandero
## 1.990.000 kr.

ATH: TAKMARKAÐ MAGN Á ÞESSU VERÐI!

**Staðalbúnaður:** Svart „Ambiance“ tauáklæði, hiti í sætum, geymsluhólf í framhurðum, ABS hemlakerfi, ESC stöðugleikastýring, brekkuaðstoð, Stopp/Start ræsibúnaður, Eco akstursstillingarkerfi, loftpúði fyrir ökumann, loftpúði fyrir farþega, ISOFIX barnabílstólafestingar, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, sex aðgerða akstursttölva, þokuljós að framan, upphituð afturrúða, LED dagljós, aðgerðahnappar í stýri, útihitamælir, útvarp, geislaspilari, 4 hátalarar, útihitamælir, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, USB- og AUX-tengi fyrir MP3 spilara/iPod.

www.dacia.is

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12-16**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Hamrén segir mikla áskorun að halda íslenska landsliðinu í fremstu röð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Alltaf pressa í Svíþjóð**

Hann tók við liðinu af Lars Lagerbäck og var strax undir pressu sem þjálfari sænska landsliðsins.

„Ég hugsaði um tíma: Er þetta rétti tímapunkturinn til að taka við sænska landsliðinu? Liðið var búið að komast á fimm stórmót í röð en komst ekki inn á HM í Suður-Afríku og það voru ákveðin kynslóðaskipti fram undan. Þess vegna hugsaði ég hvort þetta væri rétti tíminn því að það var krafa um jákvæð úrslit strax. Svo hugsaði ég að þetta gæti orðið eina tækifæri mitt til að taka við landsliðinu svo að ég stökk á það. Svíþjóð komst ekki á HM það árið sem dró aðeins úr væntingunum og það voru margir farnir að kalla eftir breytingum, sérstaklega fjölmiðlarnir, en það er alltaf pressa á þjálfaranum. Á þessu stigi þarf þjálfari að skila úrslitum og þú þarft að takast á við það,“ segir Hamrén sem segir það einnig mikilvægt fyrir leikmennina.

„Ef þú nærð góðum úrslitum snemma, þá ertu að selja leikmönnum hugmyndafræðina. Þó að þú sért besti þjálfari heims munu leikmennirnir efast um aðferðir þínar ef úrslitin eru ekki rétt.“

Hann er því vanur að væntingarnar séu miklar hjá stuðningsmönnunum.

„Þetta er annað en þegar Lars tók við liðinu, þá voru væntingarnar ekki miklar en eftir frábært gengi undanfarin ár undir stjórn Lars og Heimis fara væntingarnar á annað stig.“

Hann stýrði sænska landsliðinu í sjö ár og er ánægður með starf sitt þar þegar litið er til baka.

„Þegar ég lít til baka er ég ánægður með árangur minn í heildina. Við komumst tvisvar í lokakeppni EM og vorum nálægt því að komast á HM 2014, lentum í öðru sæti á eftir Þýskalandi og mættum Portúgal í umspilinu. Við mættum þeim í bráðfjörugum leik en tókst ekki að yfirstíga þá hindrun,“ segir Hamrén sem var þó svekktur yfir árangrinum í lokakeppni EM.

**Fann eldmóðinn í Suður-Afríku**

Eftir að hafa hætt með sænska landsliðið aðstoðaði hann Örgryte í stuttan tíma sem ráðgjafi áður en hann tók stóra U-beygju. Tók hann við starfi tæknilegs ráðgjafa hjá Mamelodi Sundowns í Suður-Afríku.

„Ég þurfti á hvíld að halda eftir að hafa stýrt sænska landsliðinu. Ég stýrði því í sjö ár og það tók á, líkamlega og andlega, og ég þurfti á smá hvíld að halda og vann ekki í 18 mánuði. Eftir það fann ég að ég hefði enn eldmóðinn til að vinna í knattspyrnu áfram,“ segir Hamrén sem fékk mörg tilboð eftir að hafa hætt með sænska landsliðið.

„Það voru þjálfaratilboð í Skandinavíu og fleiri tilboð en þetta var eitthvað nýtt og ég var að leita eftir því. Ég var búinn að þjálfa í Skandinavíu, auðvitað voru mörg tilboð freistandi fjárhagslega en ég sagði nei við mörgum þar til ég fékk tilboðið frá Suður-Afríku. Þar fór ég í nýtt umhverfi og nýja stöðu og ég ákvað að stökkva á tækifærið.“

Hann sinnti því starfi í rúmt ár.

„Það voru langir vinnudagar, sérstaklega fyrstu mánuðina þegar ég var einsamall í Suður-Afríku. Ég var að koma í nýja stöðu og vildi læra allt saman undir eins en þar fann ég líka eldmóðinn á ný. Þar fann ég að ég saknaði þess að þjálfa lið en ekki í Svíþjóð þar sem mér fannst ég hafa náð öllu því sem hægt væri.“

**Getur aðstoðað aldraða foreldra**

Skyndilega kom tilboð frá Íslandi, þar fékk hann tækifæri til að snúa aftur í þjálfun og á sama tíma huga að fjölskyldumálum.

„Þegar það kemur upp fæ ég tækifæri til að stýra liði í fremstu röð í Evrópu og búa í Svíþjóð og vera nær fjölskyldunni. Þá get ég aðstoðað foreldra mína sem eru orðnir gamlir og þurfa á aðstoð að halda, systir mín sá lengi vel um það og gerði það vel en nú gat ég aðstoðað. Þegar ég var í Suður-Afríku hitti ég þau einu sinni á ári en þarna fékk ég spennandi tækifæri sem hentaði vel, ég get búið í Svíþjóð og þjálfað í fremstu röð,“ segir Hamrén sem heillaðist í fyrstu heimsókn.

„Ég fann það strax þegar ég kom á fund hjá KSÍ að þetta væri starf sem ég væri til í. Ég er afar ánægður með að þeir kusu að ráða mig.“

**Ráðlagt að taka ekki við liðinu**

Hann var varaður við því að taka við íslenska liðinu á þessum tímapunkti.

„Ég fékk strax að heyra það frá mörgum aðilum að þetta væri ekki besti tíminn til að taka við íslenska liðinu eftir velgengnina undanfarin ár og það eru miklar væntingar gerðar til liðsins. Það eru ekki margar þjóðir sem komast í lokakeppni þrjú skipti í röð og þetta verður erfitt en mér líkar þessi áskorun. Ég hef trú á því að við getum það ef leikmennirnir haldast heilir og þeir sýna sama vilja og þeir hafa gert undanfarin ár.“

Hamrén vann með tveimur íslenskum leikmönnum sem þjálfari félagsliðs, Brynjari Birni Gunnarssyni og Atla Sveini Þórarinssyni, og hann heillaðist um leið af íslenska viðhorfinu.

„Ég heillaðist strax af þeim, Atli kom upp úr unglingastarfinu hjá Örgryte og ég hugsaði oft um hann sem sænskan leikmann en Brynjar kom inn sem leikmaður til að styrkja aðalliðið og heillaði mig undir eins,“ segir Hamrén og heldur áfram með bros á vör:

„Ég man ennþá eftir fyrsta leiknum hans Brynjars. Æfingarleikur á La Manga og ég sá strax hvað við værum með frábæran leikmann í okkar herbúðum, hann var við það að drepa andstæðinginn í leiknum og átti eftir að gera hvað sem er til að vinna leiki fyrir félagið,“ segir Hamrén glottandi.

**Hefði þegið æfingaleiki**

Fyrstu leikir Íslands undir stjórn Hamréns eru afar erfiðir. Sviss og Belgía í Þjóðadeild UEFA, lið sem eru meðal tíu bestu í heiminum samkvæmt styrkleikalista FIFA.

„Þetta verða virkilega erfiðir fyrstu leikir, ef ég á að vera hreinskilinn, ég hefði kosið að fá æfingaleiki til að skoða leikmennina og koma mínum hugmyndum að en þessu verður ekki breytt. Ég er afar spenntur að sjá hvað leikmennirnir gera og hvert við getum farið saman sem lið. Við erum í efsta styrkleikaflokki í Þjóðadeildinni og þá mætirðu liðum af þessum styrkleikaflokki og það er okkar að halda sæti okkar. Ef litið er til styrkleikalistans ættum við að vera í þriðja sæti en Ísland hefur sýnt það áður að það er hægt að vinna stærri þjóðir ef leikáætlunin gengur upp,“ segir sá sænski.

Verður þetta í sjöunda skiptið sem Ísland og Sviss mætast í karlaflokki en síðast lauk leiknum með 4-4 jafntefli. Jóhann Berg Guðmundsson, sem nú er fjarverandi vegna meiðsla, skoraði þrjú mörk og bjargaði stigi fyrir Ísland í Bern.

„Ég þekki tilfinninguna, við náðum að vinna upp fjögurra marka forskot gegn Þýskalandi með Svíþjóð og vonandi getum við náð að leika það eftir án þess að leka fjórum mörkum.“

Hamrén hefur skoðað leikmenn sem eiga leiki að baki fyrir U21 árs liðið en ætlar að gefa sér tíma til að skoða aðra leikmenn á næstu vikum. Tíminn var af skornum skammti hjá honum og Frey Alexanderssyni við að velja leikmannahópinn í þetta skiptið.

**Erfitt að taka við kyndlinum**

„Ég hef skoðað leiki með U21 árs liðinu en ekki náð að sjá marga leika með félagsliðum sínum. Síðustu vikur hafa einkennst af því að skoða ótalmarga leikmenn en það er skylda mín að fylgjast með yngri landsliðum Íslands sem þjálfari landsliðsins. Það verður erfitt fyrir komandi kynslóðir að taka við kyndlinum af gullkynslóðinni, sérstaklega þegar mengið er lítið eins og á Íslandi en flestir af núverandi leikmönnum liðsins eiga að mínu mati nokkur góð ár eftir,“ segir Hamrén sem segist ekki ætla að fara að þvinga fram endurnýjun strax.

„Við getum ekki valið leikmenn í hópinn bara vegna aldurs, þeir verða að hafa eitthvað fram að færa og ég mun fylgjast með því. Vonandi hefur gott gengi liðsins jákvæð áhrif á komandi kynslóðir. Í Svíþjóð ætluðu yngri kynslóðir sér að ná sama árangri og farsælir íþróttakappar. Yngri leikmenn hafa séð hvaða möguleikar eru fyrir hendi, að Ísland geti komist í lokakeppni í stórmóti.“

ÉG FÉKK STRAX AÐ HEYRA ÞAÐ FRÁ MÖRGUM AÐILUM AÐ ÞETTA VÆRI EKKI BESTI TÍMINN TIL AÐ TAKA VIÐ ÍSLENSKA LIÐINU EFTIR VELGENGNINA UNDANFARIN ÁR OG ÞAÐ ERU MIKLAR VÆNTINGAR GERÐAR TIL LIÐSINS.

## Zlatan er auðmjúkur og frábær einstaklingur

„Það eina sem ég er ekki sáttur við eru úrslitin á EM, við unnum bara einn leik árið 2012 og töpuðum fyrstu tveimur leikjunum. Fjórum árum seinna, í Frakklandi, fengum við bara eitt stig. Það var margt líkt með því og því sem Ísland upplifði á HM í Rússlandi í sumar. Það var margt jákvætt en úrslitin duttu ekki með liðinu.“

Hjá sænska liðinu stýrði hann stórstjörnunni Zlatan Ibrahimovic.



„Hann er heimsklassa leikmaður og var í raun mun stærri stjarna en nokkur annar leikmaður í liðinu. Þrátt fyrir það reyndist hann mér frábærlega og ég get ekki annað en hrósað honum sem frábærum manni. Hann hætti um tíma með landsliðinu en kom aftur og átti bestu ár sín með liðinu undir minni stjórn, þar sýndi hann sænsku þjóðinni hvað í honum bjó. Liðið nýtti hæfileika hans til hins ýtrasta og hann hagnaðist á því sem fyrirliði liðsins.“

Undirritaður er forvitinn um persónuleikann. Zlatan er afar litríkur karakter innan sem utan vallar.

„Maður sér eina hlið á honum í fjölmiðlunum og hann hefur nýtt sér það vel til að stækka viðskiptaveldi sitt en í mínum augum er hann frábær og auðmjúkur einstaklingur. Ég fæ oft spurningar um hvort það sé erfitt að þjálfa leikmenn eins og hann en leikmenn í þessum gæðaflokki vita hvað til þarf og leggja hvað mest á sig. Ég ber ómælda virðingu fyrir honum og gæti sagt margar sögur af því hversu fagmannlegur hann er, stærra vandamál er að vinna með leikmönnum sem halda að þeir séu á þessu gæðastigi en eru það ekki.“

# PIER

## FEGRUM SVEFNHERBERGIÐ



**20%**
**AFSLÁTTUR AF SPEGLUM**










## FRÁBÆR VIKUTILBOÐ!



**CELAYA náttborð**
17.990,- **10.000,-**

**ADELINE snyrtiborð**
79.900,- **50.000,-**

**ADELINE kommóða**
89.900,- **50.000,-**

**CELAYA kommóða**
34.900,- **20.000,-**

**www.pier.is**

**KORPUTORG - SMÁRATORG - AKUREYRI - SELFOSS**

Gildir 6. sept - 12. sept. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Hver eru þau og hvar?

Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að komast á skrá lögreglunnar um horfna menn? Til hvers er skráin og hverja vantar á hana? Fréttablaðið rýnir í horfinnamannaskrá og þekkt mannshvörf sem ekki komast á skrána.

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



Ein ástsælasta sögupersóna Arnaldar Indriðasonar, Erlendur Sveinsson, er heilluð af mannshvörfum á sama hátt og svo margir Íslendingar, með blöndu af forvitni og samlíðan. Erlendur drekkur í sig allt um skipskaða, fjallgöngumenn sem aldrei koma aftur til byggða og fólk sem heldur sig mest í þéttbýli en hverfur sporlaust án nokkurra skýringa.

Um allt Ísland eru sjálfskipaðir einkaspæjarar sem liggja á timarit.is og grúska í gömlum gögnum um menn sem horfið hafa sporlaust. Þeir leita Geirfinns og reyna að skilja örlög þeirra sem hvarf hans hafði áhrif á.

**Horfinnamannaskrá lögreglu**

Haldnar eru skrár yfir horfið fólk. Ein þeirra er hin formlega horfinnamannaskrá sem kennslanefnd heldur. Hún var nýlega gerð opinber, án þess þó að nöfn þeirra sem á henni eru séu birt. Fréttablaðið grennslaðist fyrir um tilurð þessarar skrár hjá Gylfa Gylfasyni, formanni kennslanefndar Ríkislögreglustjóra.

Gylfi segist hafa fundið fyrir því að misskilnings gæti um tilgang skrárinnar. Til að kennsl verði borin á lík eða líkamsleifar sem finnast er afar mikilvægt að haldin sé fullkomin skrá um horfna menn og upplýsingum haldið um þá á einum stað. „Skráin er hjá kennslanefnd af því að við höfum það hlutverk að bera kennsl á óþekkt lík og líkamsleifar sem finnast.“

Kennslanefnd starfar eftir reglugerð 350/2009, leiðbeiningum frá Interpol og starfslýsingu Ríkislögreglustjóra. Í nefndinni sitja rannsóknarlögreglumenn, tæknimenn lögreglu, þar á meðal sérfræðingur á líftæknisviði, réttarlæknir, réttartannlæknir og meinafræðingur.

Nefndin er kölluð til þegar lík eða líkamsleifar finnast og þá fer mjög formlegt ferli í gang. Hún fer jafnvel á vettvang, er viðstödd krufningu og vinnur úr gögnum sem koma fram við rannsókn lögreglu og nefndarinnar. Nefndin kemur svo saman á fundi þar sem sérfræðingar gera grein fyrir niðurstöðum sínum. Þeir þurfa að komast að samhljóða niðurstöðu og þegar hún liggur fyrir er gefið út vottorð um að kennsl séu staðfest. Eitt þriggja aðalskilyrða fyrir því að borin séu kennsl á látinn einstakling þarf að vera fyrir hendi. Það eru upplýsingar um tennur, fingraför eða erfðaefni (DNA). Viðbótarskilyrði geta verið læknisfræðilegar upplýsingar, upplýsingar úr tæknirannsókn og upplýsingar frá ættingjum.

**Hverjir fara á skrána?**

Það er hlutverk lögreglunnar að fara með rannsókn mannshvarfa. Leiði rannsókn í ljós að viðkomandi er horfinn og talinn látinn er kennslanefnd tilkynnt um hvarfið. Nefndin færi ítarlegar upplýsingar um viðkomandi sem skráðar eru á sérstakt eyðublað sem byggir á stöðlum Interpol.

Lögregla aflar umræddra upplýsinga hjá ættingjum hins horfna. Eyðublaðið er margar blaðsíður og á það eru skráðar upplýsingar sem nýtast kennslanefnd við að bera kennsl á viðkomandi: nafn, fæðingardagur, sérkenni eins og húðflúr, ör, gervilimir og upplýsingar um hver var læknir og tannlæknir viðkomandi. Í dag er líka tekið DNA-strok, helst hjá móður.

Á listanum er fólk af ýmsum þjóðernum sem týnst hefur hér á landi. Tveir eru skráðir á listann sem hurfu erlendis; annar árið 2013 og hinn fyrr á þessu ári. Gylfi skýrir þetta þannig að í ríkjum sem hafa ekki trausta innviði, til dæmis þar sem stríð hafa geisað, sé ekki unnt að treysta því að haldið sé með fullnægjandi hætti utan um þessar upplýsingar. Því sé talið öruggara að halda upplýsingum um viðkomandi í skrám hér á landi. Orsakir þeirra mannshvarfa sem skráð eru hjá kennslanefnd eru ýmsar; sjóslys, slæm veður og voveiflegir atburðir. Á listanum má til dæmis finna rúmlega þrítugan karlmann sem týndist í Keflavík árið 1974. Sama ár er skráður 18 ára piltur sem hvarf í Hafnarfirði. Þeir sem þekkja til geta þarna borið kennsl á Guðmund og Geirfinn Einarssyni. Þeir eru týndir samkvæmt horfinnamannaskrá, enda hafa lík þeirra aldrei fundist. Niðurstaða Hæstaréttar breytir því ekki.

**Þeir sem ekki eru á skránni**

Hin formlega horfinnamannaskrá kennslanefndar er hins vegar ekki eina skrá landsins um horfið fólk. Bjarki Hall, einn þeirra einkaspæjara sem fyrr var vísað til, heldur úti síðunni mannshvorf.is. Á lista Bjarka má finna nöfn sem ekki eru á horfinnamannaskrá. Fréttablaðið spurði Gylfa hvort hann hefði séð lista Bjarka og hverju þetta misræmi gæti sætt. Gylfi segir málið flóknara en svo að safna megi saman öllum sem týnst hafa og setja saman lista. Sumir geti reynst á lífi í öðrum löndum, borin hafi verið kennsl á líkamsleifar annarra án þess endilega að greint hafi verið frá því opinberlega og einhverjir séu jafnvel skráðir í sambærilegar skrár erlendis sé talið að þeir hafi horfið þar. Kennslanefnd sé kunnugt um málin og hafi upplýsingar um hina erlendu skráningu.

„Listinn sem birtur var nýverið er ekki endanlegur og verður hann uppfærður reglulega,“ segir Gylfi. Lögreglan taki enn við ábendingum frá fólki, eftir að listinn var birtur. Unnið sé að því að sannreyna þær og að viðkomandi einstaklingar séu í raun og veru týndir. Gylfi segir þetta geta verið mikla vinnu og tímafreka. Áratugagömul mannshvörf eru erfiðust og þótt listinn byggi á eldri skrám lögreglu séu upplýsingar í mörgum tilvikum bæði gamlar og oft mjög ófullkomnar. Í sumum tilvikum hafi ef til vill aldrei verið formlega tilkynnt um mannshvarf og lögregla jafnvel bara skráð upplýsingar í dagbók sína. „Unnið hefur verið að því að færa eldri mál inn í nýja skrá og áfram er unnið í upplýsingaöflun í þeim tilgangi að bæta skrána.“

Gylfi segir að reglulega sé haft samband við lögreglu vegna líkamsleifa eða beina sem talin eru af manni. Öll bein fari í rannsókn og oft komi í ljós að um dýrabein sé að ræða. Sé niðurstaðan eftir rannsókn að líkamsleifar séu af manni eru þær sendar í aldursgreiningu og séu þær ekki of gamlar, frá miðöldum til dæmis, geti nákvæm skráning í skrá

**120**

Á skrá kennslanefndar yfir horfið fólk eru 120 manns sem horfið hafa frá árinu 1945 og aldrei fundist.

**1974**

Færeyingurinn Willy Petersen hvarf árið 1974 en er ekki á skrá lögreglu þrátt fyrir rannsókn á sínum tíma.

## Hvar er Willy Petersen?

Bjarki Hólmgeir Hall, sem legið hefur yfir mannshvörfum um árabil og heldur úti síðunni mannshvorf.is og er með bók um þau efni í smíðum, lagðist yfir lista kennslanefndar um leið og hann var birtur. Hann segist hissa á því að nokkuð mörg nöfn á hans lista séu ekki skráð hjá lögreglunni. „Ég skil ekki af hverju þeir eru ekki með Willy Petersen á sínum skrám, enda var það lögreglumál á sínum tíma.“

Willy Petersen hvarf snemma í september 1974. Vitað er að Willy hringdi í vin sinn um miðjan dag en símtalið slitnaði. Síðan hefur hvorki vinurinn né aðrir ættingjar heyrt frá Willy. Af gögnum Geirfinnsmálsins er þó ljóst að lögreglan hafði mál Willys til rannsóknar á þessum tíma því mappa um mál hans fylgdi málsgögnum Geirfinnsmáls en varð viðskila við þau síðar. Mun lögregla hafa spurt Sævar Ciesielski um Willy og nafn hans er einnig nefnt í yfirheyrslum yfir Kristjáni Viðari Júlíussyni og þess getið að Willy hafi horfið um svipað leiti og Geirfinnur og ekkert til hans spurst síðan.

Aðspurður kannast Gylfi Gylfason hjá kennslanefnd ekki við nafn Willys og segir nafn hans ekki á skrám. Það kemur Bjarka mjög á óvart.

Aðspurður segist Bjarki að sjálfsögðu upplýsa lögreglu um einstök tilfelli sem ekki eru á skrá hennar, leiti lögregla til hans með fyrirspurnir.



HVAR ER WILLY PETERSEN?

**LISTINN SEM BIRTUR VAR NÝVERIÐ Í ÁRSSKÝRSLU RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA ER EKKI ENDANLEGUR OG VERÐUR UPPFÆRÐUR REGLULEGA.**

Gylfi Gylfason, formaður kennslanefndar



### 120 einstaklingar eru skráðir horfnir hér á landi, þar af hafa 64 horfið á sjó




### Mannshvörfin eru mörg hver dularfull og engar skýringar á þeim finnast

**1** **1963**
Tveir menn hurfu í Reykjavík sumarið 1963. Vitað er að þeir tóku leigubíl heiman frá öðrum þeirra að næturlagi. Daginn eftir uppgötvaðist að trilla föður annars þeirra var horfin. Talið var að þeir hefðu ætlað út í amerískt skip sem lá við akkeri utan við Engey. Ekkert hefur sést af bátnum síðan og mennirnir eru enn týndir.

**2** **1974**
Aldraður maður hvarf á Snæfellsnesi árið 1974. Hann var með barnabarni sínu og tengdasyni í berjamó og hugðist ganga að bíl þeirra og sækja sér kaffisopa. Hann skilaði sér ekki til baka og hefur aldrei sést síðan. Sporhundar röktu spor hans upp á þjóðveg. Hvarf hans hefur alla tíð verið mönnum ráðgáta.

**3** **1978**
Fjórir piltar á aldrinum 16 til 18 ára sáust sigla út úr höfninni á Dalvík með stefnuna á Hrísey í sumarblíðu í júní 1978. Fylgst var með þeim í sjónauka sigla inn fyrir hafnargarðinn í Hrísey. Síðan hefur ekkert til þeirra spurst. Enginn varð bátsins var í Hrísey. Síðar fannst skór eins þeirra í sjónum og ár úr bátnum.

# Fólk

## Helgin

LAUGARDAGUR 8. SEPTEMBER 2018



Haukur Guðmundsson hóf snemma að veiða og áhugi á matreiðslu fylgdi í kjölfarið. Hann leggur mikla áherslu á að nýta sem mest það sem hann veiðir og hefur m.a. búið til kavíar og paté.

helgin ➜4

Acid Soothe
- ertu með brjóstsviða?







Bílaeigendur geta komið til Motormax og fengið fagmenn til að sjá um nokkurn veginn allar þarfir bílsins. MYNDIR/ANTON BRINK

# Nýtt afl á íslenskum bílamarkaði

Hjá Motormax er til mikið úrval varahluta í alla bíla. Þar er líka smurstöð, bílaþvottur og bón. Í raun geta starfsmenn Motormax séð um flest allt sem kemur að þjónustu og viðhaldi bílsins, jafnvel skotist með hann í skoðun. ➜2




Motormax leggur mesta áherslu á sölu varahluta og ísetningu þeirra. Fyrirtækið býður upp á ókeypis sendingar á varahlutum til verkstæða bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Framhald af forsíðu ➪

Motormax er nýtt afl á íslenskum bílamarkaði," segir Ingi Þór Harðarson, framkvæmdastjóri Motormax. „Nafnið okkar og merkið er gamalt, en við erum að fara af stað með alveg nýja nálgun. Við seljum varahluti, bjóðum smurningu og getum sinnt ýmiss konar annarri þjónustu fyrir bíleigendur sem koma til okkar. Við viljum vera þekktir fyrir framúrskarandi þjónustu, gæði og ábyrgð.

Í verslun okkar seljum við Westfalia dráttarbeisli fyrir flestar gerðir bíla og sjáum líka um ásetningu dráttarbeisla," segir Ingi. „Við seljum líka Brenderup gæðakerrur og Motul olíur og erum að sjálfsögðu með varahlutaþjónustu og viðgerðarþjónustu fyrir kerrurnar. Þannig að ef þú kaupir kerru hjá okkur geturðu líka fengið alla þjónustu fyrir hana hér hjá okkur.

Aðaláherslan hjá okkur er á að selja varahluti og sinna ísetningu þeirra," segir Ingi. „Við bjóðum upp á alla varahluti sem þarf til að viðhalda bílnum og seljum varahluti til verkstæða um allt land. Við bjóðum meira að segja upp á fríar sendingar til allra verkstæða, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Svo erum við líka með vandaða smurstöð og getum séð um smurningu á öllum gerðum bíla," segir Ingi.

## Spara bíleigendum hausverkinn

„Við erum með úrval af varahlutum og aukahlutum fyrir kerrur. Við eigum aukahliðar og segl og alls konar hluti fyrir kerrurnar okkar sem passa á flestallar gerðir af kerrum," segir Ingi. „Svo bjóðum við líka upp á bílaþvott. Hjá okkur er hægt að fá allt frá léttum þrifum yfir í bón og vandlegan þvott að innan.

> Við getum skipt um perur og þurrkur, smurt bílinn, þrifið hann, skaffað varahluti og aðstoðað fólk með þá þjónustu sem við bjóðum ekki sjálfir.

Motormax getur í raun sinnt öllum bílaþörfum nema viðgerðum. Þannig að ef ekki er um alvarlegar bilanir eða viðgerðir að ræða geta bíleigendur komið til Motormax, sett bílinn í hendur fagmanna og fengið alla þjónustu á einum stað," segir Ingi. „Við getum tekið við bílnum og reddað flestöllu fyrir viðskiptavini.

Við viljum halda utan um bíleigandann og erum orðin hálfgerð bílamiðstöð," segir Ingi. „Við getum skipt um perur og þurrkur, smurt bílinn, þrifið hann, skaffað varahluti og aðstoðað fólk með þá þjónustu sem við bjóðum ekki sjálfir. Ef fólk skilur til dæmis bílinn sinn eftir hjá okkur fyrir smurningu getum við líka tekið hann í skoðun eða látið skipta um dekk, ef þess þarf.

Þannig að fyrir fólk sem hefur kannski litla þekkingu eða áhuga á bílamálum getum við séð um allt sem þarf að huga að," segir Ingi. „Það getur verið rosalega gott að hafa einhvern aðila sem getur séð um þessi öll mál fyrir mann án þess að þetta sé neitt vesen og það er gott að geta fengið alla svona aðstoð á einum stað.

Við erum staðsett í Vatnagörðum 12 og það er opið hjá okkur milli 8-17 á virkum dögum," segir Ingi. „Við vonumst svo til að geta aukið opnunartímann á næstunni."



Hjá Motormax er frábær varahlutaþjónusta og smurstöð fyrir allar gerðir bíla.



Starfsfólk Motormax tekur vel á móti viðskiptavinum sem vilja spara sér vesen með bílinn.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Það er aldrei neitt bannað

Heildræn nálgun er það sem þarf til að byggja upp og viðhalda góðri heilsu. Svefninn er mikilvægastur en mataræði og góð melting leika líka lykilhlutverk til að koma á jafnvægi.



Hvað varðar bætiefni þá tekur Anna daglega inn D-vítamín, magnesíum, ómega-3, B12 og svo Digest Gold meltingarensímin sem hún er afar hrifin af.

Anna Steinsen er ein af fjórum eigendum fyrirtækisins KVAN þar sem fjöldi fólks hefur sótt námskeið til þess að þroska sig í samskiptum og samvinnu við annað fólk. Áður vann Anna lengi vel sem þjálfari og fyrirlesari hjá Dale Carnegie en vinnur nú í fullu starfi við fyrirtækið sitt og sinnir því ábyrgðarmikla hlutverki að vera fjögurra barna móðir og sjá um velferð þeirra ásamt eiginmanni sínum.

### Svefn og félagsleg samskipti

Sýn Önnu á lífið og tilveruna er afar skýr og telur hún góðan svefn vera grunninn að góðri heilsu, bæði líkamlegrar og andlegrar. „Félagsleg samskipti við fólk koma strax í kjölfarið en rannsóknir hafa sýnt fram á að mikilvægi félagslegra samskipta vega þungt þegar kemur að heilsu manna og langlífi. Mataræði og hreyfing skipta líka gríðarlega miklu máli en ekkert af þessu verður í lagi ef svefninn er ekki í lagi. Ef þú ferð seint að sofa og borðar drasl, hefur það gífurleg áhrif á heilsuna. Bara með því að laga svefninn og fara fyrr að sofa þá ertu búin að bæta andlega heilsu töluvert sem auðveldar svo að fara í aðrar lífsstílsbreytingar. Það hjálpar lítið að ætla að borða bara hollt ef það vantar svefn.“

### Stólajóga

Anna tekur sér ýmislegt fyrir hendur og hún hefur m.a. lært kundalini jóga hjá Auði Bjarnadóttur. „Í dag er ég með jóga fyrir eldri borgara en það er stólajóga þar sem elstu þátttakendur eru yfir 90 ára gamlir. Það er dansað í stólunum, tekin öndun og farið með möntrur en þetta er ótrúlega gefandi og skemmtilegt því þessi hópur er bæði þakklátur og ótrúlega skemmtilegur.“




Digest Gold Enzymedica er fyrir fólk með fjölþætt meltingarvandamál.

> Mér finnst ég finna mikinn mun þegar ég tek ensímin því það er eins og það sé alltaf eitthvað sem meltingin er ekki alveg að þola.
>
> **Anna Steinsen**

### Máttur matarins

Anna hefur alltaf verið heilsuhraust. Fyrir u.þ.b. 10 árum kynntist hún konu sem hafði tekið mataræðið afar föstum tökum vegna ristilsjúkdóms og náð að laga ýmislegt en dóttir Önnu þjáist af sama sjúkdómi. „Það varð til þess að ég hellti mér út í þau fræði, fór að kynna mér þau og læra um mátt matarins. Ég prófaði mig áfram sjálf, tók út óhollustu, unna matvöru, sykur, glútein og mjólkurvörur og þegar ég var búin að hreinsa mig, prófaði ég að taka inn aftur þessar vörur og fann muninn. Þessi þekking og reynsla nýtist mér enn í dag og nú veit ég hvað ég þarf að forðast til að mér líði sem best. En það er aldrei neitt bannað því um leið og eitthvað má ekki, þá get ég ekki hætt að hugsa um það og ég held að það eigi við um ansi marga.“ Hvað varðar bætiefni þá tekur Anna daglega inn D-vítamín, magnesíum, ómega-3, B12 og svo Digest Gold meltingarensímin sem hún er afar hrifin af. „Mér finnst ég finna mikinn mun þegar ég tek ensímin því það er eins og það sé alltaf eitthvað sem meltingin er ekki alveg að þola, ég verð útþanin og fæ óþægindi sem ég losna algerlega við þegar ég tek þau inn með matnum.“

### Finna okkar tilgang og hafa gaman

Anna hefur ákveðið lífsmottó sem hún fylgir og má yfirfæra það í nokkur heilræði sem flestir ef ekki allir geta nýtt sér.

- Fá nægan svefn og vera í félagslegum samskiptum við fólk.
- Anda djúpt og fá ferskt loft.
- Passa mataræðið og fá hreyfingu.
- Finna okkar tilgang og hafa gaman af lífinu.
- Vera fylgin okkur sjálfum – þetta er okkar vegferð.
- Melta betur og hraðar.

Meltingarensím á bætiefnaformi geta dregið úr ýmiss konar óþægindum sem fylgja neyslu á ákveðnum matvælum og dregið úr einkennum fæðuóþols. Þau geta haft afar jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina, aukið næringarupptöku og hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr. Meltingarensímin frá Enzymedica eru 100% náttúruleg og án allra aukaefna. Þau vinna á mismunandi pH-gildum og ná þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Digest Gold er sérstaklega gott fyrir fólk sem glímir við fjölþætt meltingarvandamál og einnig þá sem þurfa stuðning við starfsemi gallblöðru. Digest Gold er jafnframt söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.




# Lifir fyrir veiðar og mat

**Haukur Guðmundsson hóf snemma að veiða og áhugi á matreiðslu fylgdi í kjölfarið. Hann leggur mikla áherslu á að nýta sem mest það sem hann veiðir og hefur m.a. búið til kavíar og paté. Um þessar mundir reynir hann að skapa nýjar og góðar veiðiminningar með börnunum sínum.**



Laxasnitta með reyktum laxi sem Haukur veiddi í Hvítá við Iðu og reykti sjálfur á svölunum heima. Þarna má sjá t.d. súrdeigshrökkbrauð, lárperu, vorlauk, rauðlauk, tómat og svartan pipar svo eitthvað sé nefnt.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Veiði og mataráhugi hafa verið stór hluti að lífi Hauks Guðmundssonar, lögfræðings hjá Seðlabankanum, frá því hann man eftir sér. Í fjölskyldu hans eru miklir og vandaðir veiðimenn að hans sögn, bæði lífs og liðnir, sem hafa átt stóran þátt í að gefa honum gott uppeldi í veiðimennskunni. „Veiðin hefur vissulega breyst og þróast gegnum árin. Sem barni fannst mér allt spennandi við veiðiferðir, t.d. ferðalagið á veiðistað á „alvöru“ jeppum, græjurnar, veiðin og fiskarnir. Þetta hefur reyndar lítið breyst en annað hefur bæst við, t.d. útivera, vinskapurinn og fjölskyldulífið. Eftir að ég varð fullveðja hefur skotveiði einnig átt hug minn.“

Óhætt er að segja að Haukur stundi nær alla veiði sem algengust er hér á landi. „Ég veiði fisk í vötnum og ám, bæði lax og silung. Ég á afar góða vini úr mennta- og háskóla sem skipuleggja stangveiðiferðir á hverju ári. Þetta hafa oftar en ekki verið miklar svaðilfarir og við höfum lagt mikið á okkur til þess að komast í veiði. Við höfum alloft veitt lax í Hvannadalsá í Ísafjarðardjúpi og Eystri-Rangá svo eitthvað sé nefnt og „skroppið“ yfir helgi til að veiða sjóbleikju í Norðfjarðará.“

## Ný kynslóð veiðimanna

Þegar kemur að skotveiði hefur Haukur undanfarin ár gengið til rjúpna, aðallega á Kili, setið fyrir gæs og elt hreindýr. „Rjúpnaveiðin er afskaplega gefandi þar sem blandast saman hreyfing, útivera, fallegt landslag, einbeiting og færni. Á Kili upplifir maður ógnarlega fegurð íslenskrar náttúru og skynjar hversu afskaplega smár maður sjálfur er. Ég hef líka undanfarin haust farið austur á Hérað og setið fyrir heiðagæs og veiddi t.a.m. jólamatinn í fyrra þar auk þess sem ég hef líka farið nokkrum sinnum á hreindýraveiðar.“

Eftir að Haukur og veiðifélagar hans stofnuðu fjölskyldur og eignuðust börn hafa veiðiferðirnar breyst. „Einhverjar mínar fyrstu og bestu minningar eru af slíkum veiðiferðum og ómetanlegt að hafa tækifæri til skapa nýjar minningar með börnunum mínum. Þá kann ég ágætlega við nýtt hlutverk í veiðinni. Það mætti e.t.v. segja að ég sé farinn að ala upp næstu kynslóð veiðimanna.“

## Gjörnýtir allt

Haukur gjörnýtir það sem hann veiðir eins vel og mögulegt er enda álítur hann það skyldu sína. „Ég hef grillað, pönnusteikt og grafið lax og silung, búið til kavíar úr laxahrognum og nýlega er ég byrjaður að reykja fiskinn heima sem hefur gengið vonum framar.“ Hreindýrið hefur svo til allt verið nýtt, segir hann. „Þannig grilla ég hjartað, nota lifrina í paté og súta skinnið svo dæmi séu tekin. Gæsina hef ég ýmist reytt og sviðið heila eða hamflett og úrbeinað. Gæsalifrina nota ég í paté en annan innmat, bein og afskorninga, notaði ég til að búa til soð. Síðustu jól eldaði ég gæsaleggja confit í vatnsbaði (sous-vide) sem var afbragð. En annars er eldamennskan mín á villibráð nokkuð hefðbundin og reyni ég að láta þetta úrvalshráefni fá að njóta sín.“



Haukur Guðmundsson, veiðimaður og fagurkeri. MYND/ANTON BRINK



## Lært af góðu fólki

Hauki hefur aldrei þótt leiðinlegt að borða að eigin sögn en áhugi hans á eldamennsku er að stórum hluta stjúpföður hans, Gilla, Sverri Gísla Haukssyni, að þakka. „Hann sá oftast um eldamennskuna í veiðiferðum og kenndi mér undirstöðuatriðin. Tengdamóðir mín, Ragnhildur, er algert séní þegar kemur að eldamennsku og hef ég líka lært ýmislegt af henni. Undanfarið hef ég verið að prufa mig áfram með hægeldun, súpur og kássur og lagt upp með að auka hlut grænmetis í matseldinni.“

Auk veiðinnar hefur Haukur mikinn áhuga á garðrækt og var í nokkur ár með lítinn grænmetisgarð þar sem fjölskyldan bjó í Norðurmýrinni í Reykjavík. „Ég stefni að því í framtíðinni að geta eldað fjölbreytta máltíð úr hráefni sem ég hef aflað sjálfur. Svo erum við hjónin að setja upp nýtt eldhús á nýjum stað og höfum ákveðið að setja upp gufuofn, sem ég er mjög spenntur fyrir að byrja að nota.“

Haukur gefur lesendum góða uppskrift að hreindýrakássu sem virkar einnig með nautakjöti. „Ég geri hana reglulega heima fyrir en hef einnig tekið hana með mér í útilegur og veiðiferðir. Kássan er síst verri upphituð á veiðislóð eða í veiðikofa.“

## Hreindýrakássa

Fyrir 4-5

**500-600 g hreindýra- eða nautagúllas**
**3 rauðar paprikur**
**6 vel þroskaðir tómatar**
**1 rauður chili**
**1 stór laukur**
**2 selleristilkar**
**3 gulrætur**
**2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**1 lítil rófa söxuð smátt**
**2-3 kartöflur saxaðar smátt**
**750 ml nautasoð**
**2 matskeiðar tómatpúrra**
**Ólífuolía**
**Kryddvöndur þar sem lárviðarlauf, timían og steinselja eru bundin saman í vönd**
**Salt og pipar**

Heppilegast er að nota þungan pott úr steypujárni. Paprikan og chili skorin í fernt og fræin fjarlægð. Tómatar skornir til helminga og öllu velt upp úr ólífuolíu og sett á ofnplötu með bökunarpappír. Grillað í ofni í 10 mín. eða þar til hýðið á paprikunni verður svart. Afhýðið grænmetið og skerið mjög smátt eða blandið saman í matvinnsluvél. Kjötið skorið í hæfilega munnbita og steikt upp úr ólífuolíu. Best er að þurrka kjötið með eldhúspappír og steikja það í 2-3 hollum svo það brúnist vel. Næst er laukurinn, selleríið, gulræturnar og hvítlaukurinn svissað í pottinum. Nautasoðinu bætt við og skófirnar í pottinum leystar upp. Næst er kjötinu, papriku-, chili- og tómatamaukinu og restinni af grænmeti og kryddi bætt út í og piprað vel. Kássan er bökuð með loki í 160°C heitum ofni í 2½ til 3 tíma eða þar til kjötið verður vel meyrt. Að lokum er kássan söltuð eftir smekk.






# Optibac fyrir þarmaflóruna

**Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér. Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu.**

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að mikið úrval sé á boðstólum af alls konar meltingargerlum. „Sem betur fer hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þarmaflórunnar en vanda þarf valið þegar maður kaupir meltingargerla,“ segir hún. „Þau hjá Optibac eru sérfræðingar í góðgerlum og nota bara gerla sem rannsóknir hafa sýnt fram á að virka vel.“



Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti.

## Heilbrigð þarmaflóra

„Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu. Flóran er ómissandi fyrir meltingu og upptöku næringarefna en hefur líka víðtæk áhrif um allan líkamann. Hún leikur til að mynda hlutverk í virkni heila og taugakerfis ásamt ónæmiskerfi,“ segir Ösp. „Hollt og fjölbreytt mataræði sem inniheldur nægilegt magn trefja er ómissandi til að viðhalda góðri flóru. Meltingarvandamál koma oft upp eftir inntöku á sýklalyfjum, ef ferðast er á framandi slóðir eða ef mataræði er einhæft. Þá getur verið mikil hjálp í því að taka inn öfluga blöndu vinveittra gerla.“




## Optibac for babies & children

„For babies & children er hágæða góðgerlablanda með prebiotic trefjum fyrir börn frá fæðingu. Optibac for babies & children er sérhönnuð fyrir þarfir barna. Ítarlegar rannsóknir á blöndunni hafa m.a. sýnt fram á að inntaka getur dregið verulega úr líkum á að fá öndunarfærasýkingar auk þess sem inntaka getur stytt þann tíma sem tekur að komast yfir veikindi,“ segir Ösp.

Blandan er einstaklega mild þó hún sé áhrifarík og hana má gefa heilbrigðum* ungbörnum allt frá fæðingu. Hana má blanda í vatn eða mjólk fyrir ungbörn og gefa með skeið, sprautu, í pelann eða með því að blanda þykkt og bera á geirvörtur áður en barnið fer á brjóst. Fyrir eldri börn má einnig blanda í safa, jógúrt, boost eða annan kaldan mat. Ekki skal blanda gerlana í heitan mat eða drykk eða súra drykki eins og appelsínusafa eða gosdrykki.



Optibac For babies & children góðgerlablandan er sérhönnuð með þarfir barna í huga frá fæðingu.

### Fyrir hvern er For babies & children?

Blandan hentar flestum** en hún getur gagnast ákveðnum hópum sérstaklega vel.

- **Skólakrakkar og leikskólabörn**
  1 skammtur á dag getur styrkt mótstöðu gegn veikindum og fækkað þeim dögum sem barnið þarf að vera heima vegna veikinda. Upplagt er að huga að þessu í upphafi skólaársins.
- **Börn með meltingarvandamál s.s. kveisu, hægðatregðu, bakflæði eða annað**
  Þarmaflóran leikur hlutverk í öllum meltingarvandamálum. Bæði reynsla og rannsóknir hafa sýnt að í mörgum tilfellum getur inntaka góðgerla dregið úr einkennum.
- **Börn fædd með keisaraskurði**
  Rannsóknir hafa sýnt að börn sem fæðast með keisaraskurði hafa oft veikari þarmaflóru fyrstu árin og eru því útsettari fyrir meltingarvandamálum. For babies & children er tilvalin leið til að styrkja flóruna þeirra.
- **Börn sem eru á pela**
  Pelabörn eru oft gjarnari á að fá hægðatregðu og önnur meltingarvandamál og geta góðgerlar oft hjálpað þeim mikið. Duftinu má blanda beint í pelann.
- **Barnshafandi konur og konur með barn á brjósti**
  Að hafa góða flóru við fæðingu er mjög mikilvægt því barnið fær sinn fyrsta gerlaskammt við fæðingu. Gerlarnir skila sér svo til barnsins með brjóstamjólkinni og geta þannig stutt við flóru þess.

**» Ítarlegar rannsóknir á blöndunni hafa m.a. sýnt fram á að inntaka getur dregið verulega úr líkum á að fá öndunarfærasýkingar.**

*Fyrirburar, börn með einhverja sjúkdóma eða þau sem taka inn lyf ættu ekki að taka gerlana nema að höfðu samráði við lækni.

**Gerlarnir eru ræktaðir á mjólkurgrunni og duftið getur því innihaldið snefil af mjólkurprótíni og hentar því ekki þeim sem hafa mjólkurofnæmi. Ef um mjólkursykursóþol er að ræða er varan í góðu lagi.

# Optibac For women

Leggöngin eru full af gerlum og þau eiga að vera það. Vandamálin skapast þegar ójafnvægi myndast í flórunni og þá geta sveppasýkingar og ýmis óþægindi gert vart við sig. For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim. For women er mest rannsakaða bakteríublandan fyrir kynfærasvæðið og hafa rannsóknir sýnt að við inntöku ná þessir gerlar að styðja við gerlaflóru legganganna. Margar konur lenda reglulega í vandræðum með flóru legganganna. Vandamál eru algeng eftir sýklalyfjanotkun og því sérstaklega mikilvægt að styðja við flóruna eftir sýklalyfjakúra. Gott hreinlæti er að sjálfsögðu ómissandi sem og holt og gott mataræði,“ segir Ösp.

Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum

### Optibac skilar árangri samkvæmt rannsóknum




Rannsóknir hafa sýnt fram á betri útkomu við sveppasýkingu þegar For women er tekið með sveppalyfjum.

Optibac For women inniheldur góðgerla sem komast í gegnum meltinguna, á kynfærasvæði og setjast þar að og byggja upp heilbrigða gerlaflóru.

- Gegn sveppa-, þvagrásar- og bakteríusýkingum
- Hentar konum á öllum aldri
- Má taka á meðgöngu og með brjóstagjöf
- 1-2 hylki á dag með mat, helst með morgunmat
- Má taka að staðaldri




Vegan | Mjólkurlaust | Glúten frítt | Öruggt á meðgöngu



**Ég hef alltaf verið með viðkvæman maga og útþaninn. Þess utan var ég með magaverki. Eftir að ég fór að taka Optibac For women er gerlaflóran komin í betra jafnvægi, maginn ekki lengur svona viðkvæmur, verkirnir nánast horfnir og ég er ekki útþanin.**

Birgitta Ýr Guðmundsdóttir
sjúkraliði

OptiBac probiotics
We're here to help, naturally

# Villtar jurtir í veisluskraut

**Villt blóm og greinar geta sett afar fallegan svip á veisluborð. Margar tegundir er hægt að tína allt árið eins og lyng, eini, mosa og greinar. Björg Sigtryggsdóttir blómaskreytir gefur góð ráð.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Hvaða villtu blóm og jurtir henta til skreytinga og geta staðið út veisluna?

„Þær eru sjálfsagt ótalmargar tegundirnar sem hægt er að nota til skreytinga. Aðalmálið er að ef maður hefur augastað á einhverri plöntu ætti að klippa hana, stinga í vatn og athuga hvort hún heldur sér og hversu lengi. Þær plöntur sem ég hef aðallega notað eru: birki, víðitegundir, fjalldrapi, bláberjalyng, sortulyng, beitilyng, umfeðmingur, rauðsmári, vallhumall, lúpína og sigurskúfur. Einnig eyrarrós, bláklukka og blágresi og ýmislegt fleira," segir Björg Sigtryggsdóttir, blómaskreytir á Akureyri.

*Er of langt liðið á sumarið eða er hægt að nýta einhverjar plöntur fram á haustið?*

„Núna er fínn tími til að ná í lyng svo sem berjalyng og beitilyng, einnig mosa, ber og greinar fyrir kransagerð. En svo kemur að því að plönturnar sölna og fella lauf og er það svolítið mismunandi eftir vaxtarstað og veðurfari. Sortulyng, eini og mosa er hægt að tína allt árið og lauflausar trjágreinar



Björg Sigtryggsdóttir blómaskreytir gefur ráð um notkun villtra plantna.

á veturna. Hins vegar gengur t.d. ekki að ætla að nota lúpínu í skreytingar í ágúst þar sem hennar blómgunartími er í júní-júlí og er því gott að hafa blómgunartíma plantna með í skipulagningunni yfir blóm sem hægt er að nota hverju sinni."

*Hvenær er best að tína það sem á að nota í veisluna?*

„Ef nota á plöntur í veislu finnst mér gott að ná mér í prufu af því sem ég ætla að nota viku áður til að athuga hvernig þær standa sig í vatni og ef á að stinga þeim í blómavamp er líka gott að prófa það. Ég tíni svo magnið sem ég þarf fyrir veisluna helst sólarhring áður



Villt blóm gefa veisluborðinu afar fallegt yfirbragð og fara vel í bland við afskorin búðablóm. NORDICPHOTOS/GETTY

> **„Lyktin af birki og lyngi finnst mér alltaf yndisleg þó hún sé kannski ekki mjög sterk. Það er talsverð lykt af vallhumli og sumum finnst hún virkilega vond.**

en ég þarf að vinna úr plöntunum, þá hafa þær dregið vel í sig vatnið og hægt er að fjarlægja þær sem ekki standa sig."

As Supply Chain Lead you will be part of the Steering Committee and participate in implementing business strategy for Supply Chain. You will be responsible for Manufacturing, Warehouse, Distribution and QESH – for both Reykjavík and Akureyri sites with approx. 90 employees. You will lead a team of Icelandic managers and be responsible for Supply Chain KPIs and continuous improvement.

You will also represent Supply Chain in Iceland in central projects within Coca-Cola European Partners and work with an international team of Supply Chain experts.

***This is a new, exciting role that offers great opportunities for the right candidate!***

For a more detailed job description, visit our career site www.ccep.com/careers. Applications should include both CV and cover letter in English and be made through our career site before **September 20th 2018.**
All enquiries will be treated as confidential.

Coca-Cola European Partners Iceland is a part of Coca-Cola European Partners, the world's largest Coca-Cola bottler in revenue, operating locally in 13 territories in Western Europe. If you want to be part of transformational times at the company and building a great workplace for the future, apply now!

Coca-Cola European Partners Iceland er hluti af Coca-Cola European Partners, sem er stærsta Coca-Cola átöppunarfyrirtæki heims, mælt í tekjum, og er starfrækt í 13 löndum í Vestur-Evrópu. Ef þú vilt taka þátt í breytingartímum hjá Coca-Cola á Íslandi og hjálpa okkur við að byggja upp frábæran vinnustað til lengri tíma, hvetjum við þig til að slá til!

Við bjóðum spennandi vinnustað í alþjóðlegu umhverfi þar sem við erum í sífelldum breytingum og umbótavinnu til að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Viðskiptavinahópurinn er fjölbreyttur og við viljum að starfsmenn okkar endurspegli þá fjölbreytni.

Sem Supply Chain Lead munt þú sitja í framkvæmdastjórn og taka þátt í innleiðingu stefnu fyrirtækisins fyrir vörustjórnunarsvið. Undir þig munu heyra framleiðsludeildir, vöruhús, dreifing og gæðadeild – bæði í Reykjavík og á Akureyri þar sem samtals starfa um 90 manns. Þú munt leiða teymi stjórnenda á Íslandi innan vörustjórnunarsviðs og vera ábyrg eða ábyrgur fyrir árangursmælikvörðum og stöðugum úrbótum.

Þú munt jafnframt taka þátt í miðlægum verkefnum Coca-Cola European Partners fyrir hönd vörustjórnunarsviðs á Íslandi og vinna í hópi alþjóðlegra sérfræðinga.

***Um er að ræða nýtt spennandi starf á alþjóðlegum vettvangi sem býður mikla möguleika fyrir réttan einstakling!***

Ítarlegri starfslýsingu má finna á ráðningarvef okkar www.ccep.com/careers. Umsóknir skulu innihalda bæði ferilskrá og kynningarbréf á ensku og fara í gegnum ofangreindan ráðningarvef fyrir **20. september 2018.** Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**For further information, please contact / Nánari upplýsingar veita:**

***Sonja M. Scott*** HR Business Partner *sonja@ccep.is*

***Timothy Stacey*** Operations Director Norway and Iceland *tistacey@cokecce.com.*

Coca-Cola
EUROPEAN PARTNERS
Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík - 525 2500 - Info@ccep.is

HEILSUGÆSLAN



# Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir eftir hjúkrunarfræðingum til starfa

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Heimahjúkrun HH, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda, auk geðheilsuteyma, Þróunarmiðstöðvar og skrifstofu.

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. september 2018**

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa hjúkrunarfræðingar við fjölbreytt verkefni heilsugæsluhjúkrunar, svo sem ung- og smábarnavernd, heilsuvernd skólabarna, heilsuvernd eldri borgara og öflugu forvarnastarfi. Einnig sinna þeir fjölbreyttum viðfangsefnum í móttöku, m.a. ráðgjöf, smáslysaþjónustu, heilsueflingu, sáraskiptingum og bólusetningum.

Laus eru til umsóknar störf hjúkrunarfræðinga við Heilsugæsluna í Garðabæ, Heilsugæsluna í Hamraborg, Heilsugæsluna í Miðbæ og Heilsugæsluna Seltjarnarnesi og Vesturbæ. Starfshlutfall er 80-100%

Nánari upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

## *Við bjóðum upp á*

- Fjölskylduvænan vinnustað
- Góðan starfsanda
- Teymisvinnu
- Fjölbreytt verkefni
- Sjálfstæði í starfi
- Tækifæri til þróunar í starfi
- Sérnám í heilsugæsluhjúkrun
- Tengsl við nærsamfélagið
- Þverfaglegt samstarf

## *Nánari upplýsingar*

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is). Sækja skal um starfið á www.starfatorg.is.

*Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun*

---

Fagval

## Fagval óskar eftir starfsmönnum

Fagval óskar eftir að ráða starfsmenn til starfa við smíði og uppsetningu á áhurðum og gluggum.

Fagval er rótgróið fyrirtæki og hefur áratuga reynslu af smíði á álhurðum, gluggum og sjálfvirkum rennihurðum. Verkstæðið er þrifalegt og vel tækjum búið.

Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af smíði en einnig kemur til greina að ráða laghentan mann og þjálfa upp frá grunni.

**Áhugasamir vinsamlegast leggið inn umsókn á netfangið fagval@fagval.is**

---

SÓLVANGUR

## Hjúkrunarfræðingar - nætur og helgarvaktir

Við á Sólvangi viljum bæta við okkar frábæra hóp, hjúkrunarfræðing í 50% stöðu næturvaktir, þar sem unnið er aðra hvora viku og hjúkrunarfræðing á helgarvaktir.
Á hjúkrunarheimilinu Sólvangi eru 59 heimilismenn og leggjum við áherslu á góða hjúkrunarþjónustu sem endurspeglar umhyggju, fagmennsku og virðingu fyrir heimilismanni. Í byrjun næsta árs flytur Sólvangur í nýtt húsnæði og því einstakt tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga til að hafa áhrif á uppbyggingu þjónustunnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
» Hjúkrun aldraðra

**Hæfnikröfur**
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Góð íslenskukunnátta
» Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.
Sótt er um starfið með því að senda starfsferilskrá á tölvupóstfangið: hildur@solvangur.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Umsóknarfrestur er til og með 24.9 2018**

*Hjúkrunarheimilið Sólvangur*
*Sólvangsvegi 2*
*220 Hafnafjörður*

---

# NÝTT STARF SVIÐSSTJÓRA STJÓRNSÝSLUSVIÐS

**Starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs í sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðis og Garðs er laust til umsóknar. Um nýtt starf er að ræða.**

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins og gegnir leiðandi hlutverki við stefnumótun í stjórnsýslunni. Hann ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins í samvinnu við fjármálastjóra og bæjarstjóra og hefur yfirumsjón með þróun rafrænnar þjónustu/stjórnsýslu og innleiðingar á gæðakerfi á bæjarskrifstofum, auk þess að bera ábyrgð á upplýsingagjöf og skjalamálum. Eitt af aðalverkefnum hans fyrstu árin felst í að verkefnastýra sameiningu sveitarfélaganna.
Sviðsstjóri ritar einnig fundargerðir bæjarstjórnar. Sviðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra og er staðgengill hans. Undir starfsemi stjórnsýslusviðs heyrir meðal annars fjármál, mannauðs- og launamál, skjalamál og þjónustumál.

**Umsóknarfrestur er til 10. september 2018.**

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið baejarstjorir@gardurogsandgerdi.is

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði eða tengdra greina er skilyrði.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnsýslufræða og/eða í stjórnun og stefnumótun er æskileg.
- Reynsla af stjórnun starfsmanna og verkefnastjórnun er æskileg.
- Þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og færni til að tjá sig í ræðu og riti er skilyrði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í síma 422-0200.
Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga BHM.

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið. Fagmennska – Samvinna - Virðing**




# DO YOU WANT TO BE A PART OF THE ÖSSUR TEAM?

If you are looking for an opportunity to make a real difference in people's lives, Össur might be the place for you.

## Process Analyst

In Global Process Development

Össur seeks a Process Analyst to identify, assess and propose process changes across an end-to-end business process. The Global Process Development team is responsible for providing a neutral and independent view of process performance based on qualitative and quantitative information.

### RESPONSIBILITIES

- Analyze and document business processes with focus on ensuring an optimal end-to-end process.
- Lead and facilitate process redesign workshops.
- Facilitate requirements gathering from all relevant stakeholders responsible for managing and operating business processes.
- Monitor, measure and analyze process performance as input into determining opportunities for change.
- Propose process changes that optimize the end-to-end business process for Össur.
- Apply process and project management methodologies to all change.

### QUALIFICATIONS

- University education.
- Minimum of 5 years' relevant experience.
- Strong analytical, consultative and problem solving capabilities.
- Experience in business case creation desirable.
- Project management skills, proactive aptitude and ability to work independently.
- Leadership skills.
- Experience in stakeholder management.
- Excellent oral and written communication skills.
- Highly proficient in spoken and written English.

## Mechanical Engineer / Certified Mechanical Technician

Össur seeks an ambitious and positive Mechanical Engineer / Certified Mechanical Technician in the Design for Manufacturing team. The engineer will be a part of a global CNC team working on redesigning and support with our CNC partners.

### RESPONSIBILITIES

- Redesigning on products for CNC machining.
- Communication with CNC suppliers and other Össur locations.
- Project management.

### QUALIFICATIONS

- University degree in Mechanical Engineering / Certified Mechanical Technician
- Minimum of 5 years' work experience in mechanical engineering.
- Self-driven and independatn but able to collaborate well within the team.
- Experience in CAD program (Solid Works for example).
- Experience / knowledge about CNC is a strong benefit.
- Excellent communication skills.
- Highly proficient in spoken and written English.

Application period ends on September 24th, 2018.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources +354 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2010–2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3000 employees in over 25 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM

# Ert þú í leit að framtíðarstarfi?

**Hagvagnar þjónusta ehf. óskar eftir að ráða lagermann á verkstæði í 100% starf.**

Í starfinu felst m.a. vörumóttaka, skráning og afgreiðsla vöru ásamt öðrum almennum lagerstörfum s.s. útkeyrsla o.fl.

**Hæfniskröfur**:
- Reynsla og þekking á lagerstörfum og -kerfum.
- Íslensku- og enskukunnátta skilyrði.
- Reynsla af dk er kostur.

**Eiginleikar**:
- Öguð vinnubrögð, metnaður, vandvirkni, góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.
- Stundvísi og áreiðanleiki.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

***Hægt er að senda inn umsóknir á atvinna@hopbilar.is eða hafa samband við Davíð í síma 599-6014.***

HÓPBÍLAR | Hagvagnar | Hagvagnar þjónusta | Airport Direct | REYKJAVIK SIGHTSEEING

# Leiðbeinandi - Ræstingar

Leiðbeinandi óskast til starfa í ræstingadeild Örtækni.
Vinnan felst í verkstjórn 4-5 starfsmanna
ásamt vinnu með þeim.

Um er að ræða 75-80% starf á dagvinnutíma, virka daga.

Góður vinnustaður í gefandi umhverfi.

**Áhugasamir sendi tölvupóst á thorsteinn@ortaekni.is**

# Vilt þú efla samfélagsábyrgð fyrirtækja?

Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð leitar að framúrskarandi verkefnastjóra í hálft starf til að miðla upplýsingum og skipuleggja viðburði um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Við leitum að verkefnastjóra sem getur unnið sjálfstætt og í góðu samstarfi við framkvæmdastjóra, félaga og samstarfsaðila Festu.

## Menntun og hæfniskröfur

Leitað er að kraftmiklum og skipulögðum einstaklingi með háskólamenntun sem nýtist í starfinu og áhuga á samfélagsábyrgð fyrirtækja. Reynsla af þjónustustjórnun á fyrirtækjamarkaði, viðburðastjórnun og miðlun upplýsinga eru kostir. Samskiptafærni, skipulögð vinnubrögð og lipur textavinnsla er mikilvæg hæfni.

## Helstu verkefni

- Umsjón með vef og samfélagsmiðlum
- Skipulagning og umsjón með fræðsluviðburðum og fundum
- Samskipti við aðildarfélög og samstarfsaðila
- Dagleg skrifstofustörf

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á netfangið **festa@samfelagsabyrgd.is fyrir 21. september** og miðað er við að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar er að finna á www.festasamfelagsabyrgd.is eða með því að hafa samband við Skúla Valberg, framkvæmdastjóra Festu í síma 599 6600.

## Um Festu

Framtíðarsýn Festu er að íslensk fyrirtæki verði þekkt fyrir samfélagsábyrgð sína, ábyrga umgengni um náttúruna og þann ávinning sem þau skapa fyrir samfélagið.

Hlutverk Festu er að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði.

Þau gildi sem Festa hefur að leiðarljósi í öllum sínum störfum eru **trúverðugleiki**, **þekkingarmiðlun** og **samvinna**.

FESTA
Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | 599 6600 | festasamfelagsabyrgd.is

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Ýmis störf**
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Karl
- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu

**Grunnskólar**
- Skrifstofustjóri í Hörðuvallaskóla
- Forfallakennari óskast í Kársnesskóla
- Forstöðumaður frístundar í Vatnsendaskóla
- Forstöðumaður í félagsmiðstöðinni Fönix
- Frístundaleiðbeinandi í Lindaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Álfhólsskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Salaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Smáraskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Snælandsskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Vatnsendaskóla
- Skólaliði í Smáraskóla
- Stundakennari í forfallakennslu í Smáraskóla
- Stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Stuðningsfulltrúi í Vatnsendaskóla

**Leikskólar**
- Deildarstjóri á leikskólann Austurkór
- Deildarstjóri á leikskólann Kópahvol
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni
- Leikskólasérkennari á leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari á leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í Arnarsmára
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari á leikskólann Baug
- Leikskólakennarar á leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari á leikskólann Dal
- Leikskólakennari í Marbakka
- Leikskólakennari í Núp
- Starfsmaður í sérkennslu í leikskólann Læk
- Starfsmaður á deild í leikskólann Læk
- Starfsmaður á deild í leikskólann Læk (hlutastarf)
- Starfsmaður í skilastöðu á leikskólanum Baug
- Starfsmaður í skilastöðu á leikskólanum Núpi

**Velferðarsvið**
- Deildarstjóri Roðasala
- Starfsfólk í félagslega heimaþjónustu
- Starfsmaður á áfangaheimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn í þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfi á heimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

# Viðskiptaþróunarstjóri *(Business Development manager)* & Þjónustustjóri *(Customer Service manager)*

Viðskiptaþróunardeild Coripharma ehf. leitar að sérfræðingum í viðskiptaþróun *(Business Development managers)* og þjónustustjóra *(Customer Service manager)*. Viðskiptaþróunardeild er ábyrg fyrir sölu og markaðssetningu á vörum og þjónustu við viðskiptavini félagsins.

## Viðskiptaþróunarstjóri

**Helstu verkefni:**

- að bjóða erlendum lyfjafyrirtækjum vörur og þjónustu Coripharma
- að þróa viðskipti með núverandi og nýjum viðskiptavinum fyrirtækisins
- gerð sölu- og þjónustusamninga við erlend lyfjafyrirtæki
- að vinna þvert á deildir Coripharma ehf. til að tryggja að viðskiptahagsmunir tengdum samningum fyrirtækisins nái fram að ganga
- að koma að stefnumótun fyrirtækisins

**Við leitum að einstaklingi:**

- sem er lyfjafræðingur eða með sambærilega menntun og hefur mikinn metnað fyrir starfinu
- með mikla reynslu í alþjóðlegum lyfjaviðskiptum
- sem hefur áhuga á sölumennsku og getur unnið undir álagi
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samkiptum og hefur léttleikann að leiðarljósi
- með góða enskukunnáttu

## Þjónustustjóri

**Helstu verkefni:**

- að taka við vörupöntunum og halda utan um vörupantanir
- að vinna náið með viðskiptavinum Coripharma ehf.
- að vinna þvert á deildir fyrirtækisins til að tryggja að vörupantanir séu afgreiddar til viðskiptavina á umsömdum tíma
- að vinna að uppbyggingu öflugs þjónustusviðs fyrirtækisins

**Við leitum að einstaklingi:**

- sem er viðskiptafræðingur eða með sambærilega menntum og hefur mikinn metnað fyrir starfinu
- með reynslu í alþjóðlegum lyfjaviðskiptum (kostur)
- með reynslu af starfsemi lyfjaframleiðslufyrirtækja (kostur)
- sem hefur áhuga á sölumennsku og getur unnið undir álagi
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samkiptum og hefur léttleikann að leiðarljósi
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

CORIPHARMA

Coripharma er nýtt íslenskt lyfjafyrirtæki sem nýlega keypti verksmiðju Actavis í Hafnarfirði þar sem framleidd eru lyf fyrir alþjóðamarkaði.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
**Torfi Rafn Halldorsson, M.Sc.Pharm,CCO,**
**S: 4206715 / torfih@coripharma.is.**

**Umsóknarfrestur er til 24. september 2018**
**Umsóknir óskast sendar til:**
**Ingag@coripharma.is**

Reykjavíkurborg
Mannauðsdeild

# Mannauðsráðgjafar

## Ertu að leita að starfi þar sem styrkleikar þínir fá notið sín?

Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða öfluga og metnaðarfulla mannauðsráðgjafa til starfa. Mannauðsráðgjafar eru hluti af mannauðsteymi sem veitir ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Mannauðsdeild hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu og vinnur að margs konar þróunarverkefnum á sviði mannauðsmála. Við bjóðum uppá fjölbreytt og krefjandi störf í metnaðarfullu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín.

Við bjóðum uppá þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna.

### Mannauðsráðgjafi á sviði starfsumhverfismála

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stefnumótun og innleiðing umbótaverkefna á sviði mannauðsmála
- Framþróun og nýsköpun í mannauðsmálum svo sem á sviði starfsumhverfis- og vinnuverndarmála
- Mótun verklagsreglna á sviði mannauðsmála
- Mannauðsráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna
- Þátttaka og stýring starfshópa

### Mannauðsráðgjafi á sviði starfsþróunar

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stefnumótun og innleiðing verkefna á sviði starfsþróunar og fræðslu
- Umsjón og þróun stjórnendafræðslu
- Framþróun og nýsköpun á sviði starfsþróunarmála
- Mótun rafræns fræðsluefnis
- Umsjón með innri miðlun mannauðsefnis
- Þátttaka og stýring starfshópa

Nánari upplýsingar um hæfniskröfur starfanna er að sjá á heimasíðu Reykjavíkurborgar og skulu umsóknir ásamt fylgiskjölum berast í gegnum vef borgarinnar www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri í síma 411 1111 eða ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til og með 24. september nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

# Skjól hjúkrunarheimili
# Aðstoðardeildarstjóri óskast

**Laus er staða aðstoðardeildarstjóra á Skjóli.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
Ábyrgð á stjórnun, rekstri, starfsmannamálum og mönnun deilda.
Vinnur í samráði við deildarstjóra að framþróun og skipulagningu á starfsemi deildar.

**Hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni

**Upplýsingar veitir:**
Guðný H. Guðmundsdóttir
forstöðumaður hjúkrunar í síma: 522 5600

Umsóknir sendist á gudny@skjol.is

Umsóknarfrestur er til 23. september nk.



*Á Skjóli hjúkrunarheimili eru 106 rými á fimm deildum. Skjól er stofnaðili að hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi og eru hjúkrunarheimilin rekin í nánu samstarfi. Áhersla er lögð á faglega hjúkrunar– og læknisþjónustu auk sjúkra– og iðjuþjálfunar.*



Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600

# Áhugaverð störf á góðum vinnustað



## Hópstjóri hugbúnaðarþróunar

Samgöngustofa óskar eftir að ráða hópstjóra hugbúnaðarteymis Samgöngustofu. Í boði er góður félagsskapur, vel búið starfsumhverfi með góðum tækjabúnaði, spennandi verkefni þar sem metnaður til framtíðar ríkir og tillitsemi gagnvart því að forritarar geti líka átt sér líf utan vinnu. Meginstarf viðkomandi er verkefnastjórnun, innan stofnunar og gagnvart ytri aðilum, virk þátttaka í þróun rafrænnar þjónustu stofnunarinnar til framtíðar og öflug samvinna við starfsfólk Samgöngustofu. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðarþróun.
- Þekking og reynsla af Agile.
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni.
- Viðkomandi þarf að búa yfir vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

## Forritari

Samgöngustofa óskar eftir að ráða forritara. Í boði er góður félagsskapur, vel búið starfsumhverfi með góðum tækjabúnaði, spennandi verkefni og tillitsemi gagnvart því að forritarar geti líka átt sér líf utan vinnu. Meginstarf viðkomandi er greining, hönnun, forritun og prófanir á nýjum og notuðum lausnum og viðhald eldri kerfa. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf eða reynsla sem nýtist í starfi forritara, t.d. próf í tölvunarfræði.
- Haldgóð reynsla af forritun.
- Þekking á Java, vefforritun og gagnagrunnskerfum er kostur.
- Grunnþekking á Linux.
- Viðkomandi þarf að búa yfir vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Umsóknarfrestur er til 24. sept. 2018**

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

**Í boði eru spennandi störf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# Erum við að **leita að þér?**

## Verkefnastjóri óskast til starfa hjá Akraneskaupstað



**Akraneskaupstaður er sveitarfélag í sókn og ætlar að fjölga atvinnutækifærum og stuðla ennfrekar að atvinnuþróun og nýsköpun í bæjarfélaginu. Kaupstaðurinn auglýsir tímabundna stöðu verkefnastjóra til tveggja ára lausa til umsóknar. Starfið sem um ræðir er fjölbreytt og fyrir framsækinn og kraftmikinn einstakling. Hlutverk verkefnastjóra er að sinna atvinnumálum fyrir bæjarfélagið og styðja bæjarstjóra í málaflokknum. Verkefnastjóri mun einnig sinna verkefnastjórnun á öðrum sviðum sem stuðla að framþróun bæjarfélagsins.**

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Innleiðing og stýring verkefna.
- Leiða vinnu við endurnýjun atvinnustefnu Akraneskaupstaðar.
- Kynna Akraness sem vænlegan kost til atvinnuuppbyggingar.
- Samstarf og samskipti við fyrirtæki, einstaklinga og hagsmunasamtök.
- Gagnavinnsla og úttektir um stöðu atvinnumála á Akranesi.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
- Vottun í aðferðarfræði verkefnastjórnunar er kostur.
- Framsetningar og greiningarhæfni á rekstri og öðrum gögnum.
- Mikil skipulags- og samskiptahæfni.
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð.
- Jákvætt viðmót og frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. september næstkomandi.**
**Nánari upplýsingar um starfið veitir Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, baejarstjori@akranes.is.**

**Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar. Umsóknum fylgi ítarleg ferilskrá ásamt greinargerð þar sem fram koma ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.**

Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð í stjórnsýslunni.




**Einkunnarorð sveitarfélagsins eru jákvæðni, metnaður og víðsýni.**

Akraneskaupstaður

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# Sálfræðingur við leik- og grunnskóla Borgarbyggðar



*Í Borgarbyggð búa um 3.800 íbúar, þar af um 700 börn í fimm leikskólum og tveimur grunnskólum.*

Skólaþjónusta Borgarbyggðar auglýsir lausa til umsóknar stöðu sálfræðings. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á starfsemi skóla. Í sveitarfélaginu er meðal annars unnið að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, samstarf fagsviða og stofnana, svo sem um þróun úrræða fyrir börn og foreldra.

Upplýsingar veitir Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sími 840-1522 og annamagnea@borgarbyggd.is

Umsóknarfrestur er til 15. september 2018.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sálfræðimenntun og löggilding v/starfsheitis
- Reynsla af starfi með börnum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Ráðgjöf til skóla vegna skólagöngu barna og ungmenna
- Athuganir og greiningar
- Ráðgjöf, leiðbeiningar og fræðsla til foreldra

BORGARBYGGÐ



BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES

# Björgunarsveitin Ársæll leitar að vélstjóra í hlutastarf

Björgunarsveitin Ársæll leitar að vélstjóra og umsjónarmanni á björgunarskipið Ásgrím S. Björnsson í Reykjavík. Um er að ræða hlutastarf.

**Menntun og hæfniskröfur :**
- Vélstjórnarréttindi VS.III að lágmarki 750kw óháð lengd, er skilyrði.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð – „lífið liggur við"
- Reynsla af tækja- og vélaviðgerðum, kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta, kostur.
- Reynsla af starfi í björgunarsveit, kostur

**Starfslýsing :**
- Viðhald og viðgerðir á björgunarskipinu Ásgrími S. Björnssyni og aðstöðu áhafnar.
- Umsjón með daglegum rekstri bátsins.
- Yfirsýn og utanumhald slipptöku annað hvert ár að jafnaði.
- Minniháttar innkaup á nauðsynlegum rekstrarvörum.
- Stuðla að góðri umgengni um bátinn og aðstöðu áhafnar.
- Vera aðalvélstjóri bátsins og sjá til þess að aðrir vélstjórar fái viðeigandi tilsögn.
- Tilfallandi viðgerð og viðhald á öðrum björgunarbúnaði eftir samkomulagi.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Áhugasamir sendið umsókn ásamt ferilskrá á sjosvid@bjorgunarsveit.is

**Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2018**



SAMGÖNGU- OG SVEITASTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ



# Starf lögfræðings hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Við leitum að metnaðarfullum og reynslumiklum lögfræðingi sem hefur áhuga á málefnum ráðuneytisins og innviðauppbyggingu samfélagsins. Helstu verkefni eru lögfræðileg ráðgjöf til yfirstjórnar, meðferð kærumála, úrlausn sérhæfðra verka á sviði lögfræði og álitsgerðir, samskipti við innlend stjórnvöld m.a. eftirlitsstofnanir ásamt því að styðja við eftirlitshlutverk ráðuneytisins.

**Umsóknarfrestur er til 24. september nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri, í síma 545 8200.

**Kröfur eru m.a.**
- Lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi
- A.m.k. 5 ára reynsla af lögfræðistörfum
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af stjórnsýslurétti
- Þekking á starfsmannarétti og upplýsingalögum er kostur

**Frekari upplýsingar má finna á starfatorg.is**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið • Sölvhólsgötu 7 • 101 Reykjavík • Sími 545-8200



MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

# Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi.

Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.
Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

## Laus störf til umsóknar:

**Umsjónarkennarastaða á unglingastigi,** 100% starfshlutfall, tímabundið þetta skólaár. Aðalkennslugrein er íslenska. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. október

**Íslenskukennsla á unglingastigi,** hlutastarf laust frá 1. janúar.

**Stuðningsfulltrúastaða,** 50% -60% starfshlutfall. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um stöðurnar er til 23. september 2018.**

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Teymisstjóri hjúkrunar

Leitað er eftir hjúkrunarfræðingi í stöðu teymisstjóra hjúkrunar við þjónustukjarna að Sléttuvegi í Reykjavík.
Um er að ræða afleysingu í eitt ár í 100% dagvinnustarfi frá 1. september 2018 eða eftir samkomulagi.

Við vinnum að þjónustu við fatlað fólk sem þarf aðstoð við athafnir daglegs lífs og sérhæfða hjúkrunarþjónustu inn á heimili sín.

Markmið þjónustunnar er að veita einstaklingsmiðaða og sveigjanlega hjúkrunarþjónustu.

**Umsóknarfrestur er til 23. september 2018**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um störfin veitir:
Bára Denný Ívarsdóttir, forstöðumaður
í síma 581 1322 / 665 5873 eða
bara.denny.ivarsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Teymisstjóri hefur yfirumsjón með starfsemi teymis og þeirri hjúkrunarþjónustu sem teymið veitir
- Fagleg ábyrgð á veittri þjónustu teymis
- Framkvæmd og eftirfylgd hjúkrunaráætlana
- Tengiliður í þverfaglegu samstarfi
- Samskipti við heilbrigðisstofnanir

**Hæfniskröfur:**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi, framhaldsnám er nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af hjúkrunarstörfum
- Reynsla af stjórnun kostur
- Frumkvæði, sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Góð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar

VIRÐING • VIRKNI • VELFERÐ



# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Skrifstofustjóri/sérgreinaritari | Landspítali, taugalækningar | Reykjavík | 201809/1682 |
| Aðstoðardeildarstjórar | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201809/1681 |
| Umsjónaraðili kaffistofu | Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið | Reykjavík | 201809/1680 |
| Verkefnisstjóri grunnnáms | Háskóli Íslands, Verkfr./náttúruv.svið | Reykjavík | 201809/1679 |
| Verkefnisstjóri fjármála | Háskóli Íslands, Verkfr./náttúruv.svið | Reykjavík | 201809/1678 |
| Fulltrúi | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201809/1677 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Miðbæ | Reykjavík | 201809/1676 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Garðabæ | Garðabær | 201809/1675 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Seltj.nesi og Vesturbæ | Seltjarnarnes | 201809/1674 |
| Sérfræðingur á byggingasviði | Mannvirkjastofnun | Reykjavík | 201809/1673 |
| Sérfræðingur á byggingasviði | Mannvirkjastofnun | Reykjavík | 201809/1672 |
| Sérkennari | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201809/1671 |
| Þýðendur | Utanríkisráðuneytið, þýðingamiðstöð | Reykjavík | 201809/1670 |
| Þýðandi á Ísafirði | Utanríkisráðuneytið, þýðingamiðstöð | Ísafjörður | 201809/1669 |
| Þýðandi á Seyðisfirði | Utanríkisráðuneytið, þýðingamiðstöð | Seyðisfjörður | 201809/1668 |
| Hópstjóri hugbúnaðarþróunar | Samgöngustofa | Reykjavík | 201809/1667 |
| Forritari | Samgöngustofa | Reykjavík | 201809/1666 |
| Starfsnám | Landspítali, hjúkrunar/ljósmóðurfræði | Reykjavík | 201809/1665 |
| Námsstöður deildarlækna | Landspítali, geðlækningar | Reykjavík | 201809/1664 |
| Hjúkrunarfræðingar, legudeild | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201809/1663 |
| Hjúkrunarfr., skólaheilsugæsla | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201809/1662 |
| Starfsmaður í tölvudeild | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201809/1661 |
| Verslunarstjóri | ÁTVR, Vínbúðin | Reykjanesbær | 201809/1660 |
| Lögfræðingur | Samkeppniseftirlitið | Reykjavík | 201809/1659 |
| Skrifstofustjóri/sérgreinaritari | Landspítali, taugalækningar | Reykjavík | 201809/1658 |
| Ljósmæður | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201809/1657 |
| Forstöðuhjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201809/1656 |
| Verkefnastj./aðst. deildarstjóra | Landspítali, móttökugeðdeild | Reykjavík | 201809/1655 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, heila/tauga/bækl.skurðd. | Reykjavík | 201809/1654 |
| Læknakandídatar | Landspítali, SAK, HVE, HH | Landið allt | 201809/1653 |
| Aðstoðarfólk í umönnun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201809/1652 |
| Lögfræðingur | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Reykjavík | 201808/1651 |
| Sérfræðingur | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Reykjavík | 201808/1650 |
| Sérfræðingur í gerð lesefnis | Þjónustu- og þekkingarmiðstöð | Reykjavík | 201808/1649 |
| Sérfr. í tölvu- og tækniráðgjöf | Þjónustu- og þekkingarmiðstöð | Reykjavík | 201808/1648 |

## Íbúðalánasjóður

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða starfsmann í tölvudeild sjóðsins. Íbúðalánasjóður er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Sauðarkróki og starfa 80 starfsmenn hjá sjóðnum. Viðkomandi starfsmaður mun starfa á rekstrarsviði á starfsstöð sjóðsins í Reykjavík.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Notendaþjónusta og kerfisumsjón
- Uppsetning á borðtölvum og fartölvum starfsmanna
- Aðkoma að rekstri netþjóna
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- MCSA vottun æskileg
- Þekking á Vmware er æskileg
- Þekking á Windows Server
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2018.** Umsókn óskast útfyllt á starfatorg.is og skal fylgja náms- og starfsferilskrá.

Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamnings ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Skilyrði er að viðkomandi hafi hreint sakarvottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar veita Arnór, kerfisstjóri (arnor@ils.is) eða Rut, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs (rut@ils.is) .

Íbúðalánasjóður starfar skv. lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál og ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda. Mannauðsstefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.

OPTIMA
Stofnað 1953

## Tæknimaður í Reykjavík

Optima óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf tæknimanns í Reykjavík sem sér aðallega um viðgerðir og þjónustu á tækjum í prentiðnaði. Viðkomandi starfsmaður kemur inn í sterkan hóp starfsmanna Optima ehf.

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf í síbreytilegu umhverfi þar sem tekist er á við flókin tæki og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis.

**Starfssvið:**

- Viðgerðir á tækjum s.s. prenturum, skönnum, ljósritunarvélum og öðrum tækjum sem fyrirtækið er með í sölu og þjónustu
- Uppsetning og viðhald tækja og hugbúnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni innan tæknisviðs

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði rafiðnfræði eða önnur sambærileg tæknimenntun
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Reglusemi og jákvætt hugarfar

**Umsóknarfrestur er til og með 23. sept. nk.** Umsóknum eiga að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.
Umsjón með starfinu hefur Þorsteinn G.A.Guðnason, netfang: radningar@optima.is

# Rótgróin efnalaug til sölu.

Traust og gott fyrirtæki sem hefur verið rekið undir sömu kennitölu í áratugi. Góð afkoma og reksturinn býður upp á mikla vaxtamöguleika. Fyrirtækið er mjög vel tækjum búið. Mikil og traust viðskiptavild.

Vinnustaðurinn er að jafnaði með 7-8 stöðugildi. Staðsetningin er góð, sjálft húsnæðið er sérlega hentugt. Góður langtímaleigusamningur með hagstæðum kjörum er um húsnæðið. Hentugt fyrirtæki fyrir samheldna fjölskyldu.

**Óskað er eftir tilboðum.**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:**

**Sverrir Pálmason, hdl.**
Löggiltur fasteignasali
s. 867 1001 - sverrir@jas.is
**Arnar Sölvason**
s. 896 3601

J Á S FASTEIGNIR

# ÚTBOÐ Í VÉLAVINNU

## SORPA BS. ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í VÉLAVINNU Á URÐUNARSTAÐ Í ÁLFSNESI

SORPA REQUESTS OFFERS FOR MACHINE WORK AT ITS WASTE LANDFILL SITE IN ÁLFSNES

SORPA rekur stærsta og þróaðasta urðunarstað landsins í Álfsnesi. Á árinu 2017 bárust alls tæp 200.000 tonn af úrgangi til urðunar eða endurnýtingar.

**Helstu verkþættir eru:**

- Urðun á ýmsum úrgangi í urðunarrein
- Daglegur frágangur urðunarreina
- Móttaka og ráðstöfun endurvinnsluefna
- Frágangur endanlegs yfirborðs á athafnasvæði urðunarstaðarins

Útboðsgögn verða birt þriðjudaginn 11. september kl. 9.00. Gögnin verða aðgengileg gegn 15.000 kr. gjaldi á sorpa.is.

Tilboð verða opnuð mánudaginn 8. október 2018 kl. 14.00 á skrifstofu SORPU bs.

Úboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og um það gilda lög nr. 120/2016 um opinber innkaup.

SORPA | Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is

SORPA

## Drög að tillögu að matsáætlun vegna nýs starfssvæðis Björgunar á Álfsnesi

Björgun kynnir nú drög að tillögu að matsáætlun vegna nýs svæðis fyrir starfsemi fyrirtækisins við Álfsnesvík. Þangað stendur til að fyrirtækið flytji starfsemi sína á um 10 ha. landssvæði sem verður að hluta á landi og að hluta á landfyllingu með höfn. Mat á umhverfisáhrifum er unnið samkvæmt lögum nr. 106/2000, en framkvæmdin er matsskyld vegna umfangs landfyllingar og hafnarmannvirkja.

Drög að tillögu að matsáætlun eru nú lögð fram til kynningar og eru gögnin aðgengileg á heimasíðu Björgunar, www.bjorgun.is.

Almenningur getur gert athugasemdir við áætlunina og er athugasemdafrestur til og með 26. september 2018. Athugasemdir skal senda með tölvupósti á alfsnes@bjorgun.is eða til Björgunar ehf. Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík.

BJÖRGUN

## ERTU Í LEIT AÐ DRAUMA-STARFINU?

**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Hagþenkir

félag höfunda fræðirita og kennslugagna

## AUGLÝSING UM FERÐASTYRKI OG ÞÓKNANIR

### Umsóknarfrestur rennur út 25. september

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um þóknanir og ferða- og menntunarstyrki, síðari úthlutun. Umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn 25. september kl. 16.

**Þóknanir vegna ljósritunar, stafrænnar fjölföldunar o. fl.**
Óskað er eftir umsóknum um þóknanir vegna ljósritunar og stafrænnar fjölföldunar úr fræðiritum og kennslugögnum í skólum og öðrum stofnunum hins opinbera 2016-2017.
Til úthlutunar eru allt að 5.000.000.- kr.

**Þóknanir til rétthafa á fræðslu- og heimildarmyndum**
Óskað er eftir umsóknum handritshöfunda, sem eru rétthafar á fræðslu- og heimildarmyndum og þáttum sem sýndir voru í sjónvarpi árin 2015–2017, um þóknanir sem Hagþenkir greiðir í framhaldi af gerðardómi um skiptingu tekna IHM, Innheimtumiðstöðvar gjalda, af geisladiskum, myndböndum og myndbandstækjum.
Til úthlutunar eru allt að 1.500.000.- kr.

**Ferða- og menntunarstyrkir 2017 – fyrir félagsmenn Hagþenkis, síðari úthlutun**
Óskað er eftir umsóknum um ferða- og menntunarstyrki Hagþenkis vegna síðari úthlutunar. Rétt til að sækja hafa þeir sem hafa verið félagar í Hagþenki í eitt ár og eru skuldlausir við félagið. Einungis er heimilt að sækja um vegna ferða sem hafa verið farnar. Umsækjendum senda umsókn og fylgiskjöl í gegnum heimasíðu Hagþenkis. Til úthlutunar eru allt að 2.000.000.- kr.

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur, rafræn umsóknareyðublöð og eyðublað fyrir skilagreinar eru á heimasíðu félagsins: www.hagthenkir.is Umsækjendur fá rafræna staðfestingu, kennimark, um að umsókn hafi borist og það gildir sem kvittun.

**Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna**
**Þórunnartún 2, 2 hæð. Skrifstofa nr. 7. 105 Reykjavík / Sími 551-9599**
**www.hagthenkir.is / hagthenkir@hagthenkir.is**







## SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 6

Fallegt tæplega 190 m² verslunarhúsnæði á frábærum stað neðarlega á Skólavörðustígnum.
Húsið er allt uppgert og klætt með sedrusvið. Á efri hæðinni er mikil lofthæð og útsýnisgluggi niður í Bankastræti. Húsið er laust fljótlega.
Langtímaleigusamningur í boði.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:**



BRANDUR GUNNARSSON
Lögg. fasteignasali
897 1401
brandur@fastborg.is



MÁNALIND
BYGGINGAFÉLAG

# Sölusýning Breiðakur 2-4 Garðabæ

**Laugardaginn 8. september frá 14:00 - 16:00**
**Sunnudaginn 9. september frá 14:00 - 16:00**

Glæsilegt nýtt, átta íbúða, fjölbýli með lyftu í vinsælu hverfi í Garðabæ
Þriggja og fjögurra herbergja íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna
Stærðir frá 122- 138 fm verð frá 66.9 millj.
Öllum íbúðum fylgja rúmgóð stæði í lokaðri bílageymslu
Aðalhönnuður hússins er Sigurður Hallgrímsson arkitekt
Afhending í október/nóvember 2018
Allar nánari upplýsingar á staðnum verið velkomin



**Thelma Víglundsdóttir lögg.fasteignasali**
thelma@manalind.is 860 4700
**Guðbjörg Guðmundsdóttir lögg.fasteignasali**
gudbjorg@manalind.is 899 5533

www.manalind.is Lágmúla 6 sími 511 1020

---

# GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 | gardatorg@gardatorg.is | www.gardatorg.is


Ragnar G. Þórðarson
ragnar@gardatorg.is
s: 8995901


Sigurður Tyrfingsson
sigurdur@gardatorg.is
s: 8983708


Haraldur Björnsson
haraldur@gardatorg.is
s: 7878727


Steinar S. Jónsson
steinar@gardatorg.is
s: 8985254

## JAÐARLEITI 8 • 103 REYKJAVÍK



TIL AFHENDINGAR STRAX - FULLBÚNAR ÍBÚÐIR

## SÖLUSÝNING

**Sunnudaginn 9. september frá kl: 12:00-13:00**

**Garðatorg eignamiðlun kynnir til sölu nýtt lyftuhús við Jaðarleiti 8.**

Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar og eru þær fullbúnar með gólfefnum, gluggatjöldum, ljósum og svalalokunum.

**2ja herbergja íbúðir stærðir 61,9 - 77,9 fm verð 42,9 - 48,9 m.**
**3ja herbergja íbúðir stærðir 81,8 – 82,6 fm verð 52,9 – 54,9 m.**
**4ra herbergja íbúð stærð 102,7 fm verð 59,0 m.**

## BOÐAÞING 18 - 20, KÓPAVOGI



TIL AFHENDINGAR STRAX - FULLBÚNAR ÍBÚÐIR

## SÖLUSÝNING

**Sunnudaginn 9. september frá kl: 14:00-15:00**

**Garðatorg eignamiðlun kynnir til sölu nýtt lyftuhús með stæðum í bílgeymslu við Boðaþing 18-20.**

Til sölu glæsilegar nýjar fullbúnar 2ja – 3ja herbergja íbúðir með og án stæði í bílageymslu Íbúðirnar eru fullbúnar með gólfefnum, gluggatjöldum, ísskáp og uppþvottavél. Stutt í þjónustumiðstöð Das við Boðaþing.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu í s: 545 0800

**Verð frá 45 – 65 milljónir**







# NÝJAR ÍBÚÐIR TIL SÖLU!

## EFSTALEITI 27, LÁGALEITI 1-3

**Hringdu í 520-9595 eða beint í sölumenn!**

Tæknivandamál urðu hins vegar útgáfunni erfiðust. Keypt hafði verið ævagömul blaðapressa sem reyndist til sífelldra vandræða og ekki bætti úr sök þegar eini maðurinn sem kunni í raun á gripinn lenti inn á spítala. Dyntirnir í pressunni gerðu það að verkum að stór hluti upplagsins var útklíndur af prentsvertu, sem gerði bæði blaðið ólæsilegra og lesendur svarta á fingrunum. Verra var þó að ómögulegt var að segja til um útgáfutímann. Þegar vel lá á pressunni var hægt að koma blaðinu út fljótlega upp úr hádegi en aðra daga var það ekki tilbúið fyrr en um kvöldmat. Þessi hringlandaháttur bitnaði vitaskuld á sölunni og gerði það líka að verkum að erfitt var að halda í blaðasölubörn, sem þó voru lífæð blaðsins. Í viðtölum hafa gamlir blaðamenn Myndar og Hilmar sjálfur allir nefnt prentunarvandræðin sem meginskýringuna á falli blaðsins.

En ef til vill voru ástæðurnar flóknari. Þegar Mynd hætti að koma út birtu hin dagblöðin kurteislegar kveðjugreinar um fallinn félaga. Í Þjóðviljanum velti Magnús Torfi Ólafsson fyrir sér ástæðum þess hvers vegna svo illa fór. Hann tiltók tæknivandamál og prentaraverkfall – en benti líka á að landsmönnum hefði þótt hið stóra brot óþægilegt og örstuttu fréttirnar full efnisrýrar, þar sem lesa mætti um sömu mál í öllum hinum blöðunum.

Aðalástæðuna taldi Magnús Torfi þó vera þá að blaðið hefði í raun haft mjög lítið að segja. Það væri ekki nóg fyrir blað að kalla sig óháð og ofar stjórnmálaflokkum, það yrði að taka sína óháðu afstöðu til manna og málefna sem efst væru á baugi á hverjum tíma. Þetta hafi Mynd alltof oft látið undir höfuð leggjast. Almenningur hafi keypt það í byrjun af forvitni, en síðan misst áhugann þegar í ljós kom að blaðið var að mestu laust við sjónarmið eða afstöðu í nokkrum hlut.

Að mörgu leyti má taka undir greiningu Magnúsar Torfa. Hraðlestur í gegnum tölublöðin 28 sem út komu af Mynd skilur ekki eftir sig skýra mynd af boðskap eða markmiði. Helsta róttæknin fólst í því að birta dagskrá Kanasjónvarpsins, sem önnur dagblöð þorðu ekki að prenta – auk þess sem ritstjórninni var augljóslega mjög uppsigað við áfengislöggjöfina og þess fullviss að reykvískir bareigendur hlunnfæru viðskiptavini sína með fölskum sjússamælum! Það var þó kannski ekki með öllu óvænt lína frá ritstjórn einvörðungu skipaðri ungum blaðamönnum ...


KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

# GLEÐIN Í BÓKINNI!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




**Nú brosir nóttin**
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 6.499.-




**Soralegi Havanaþríleikurinn**
**VILDARVERÐ: 5.199.-**
Verð: 6.499.-




**Þetta var bróðir minn...**
**VILDARVERÐ: 2.899.-**
Verð: 3.499.-




**Syndaflóð**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Homo sapína**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




**Tinna trítlimús - Vargur í Votadal**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.899.-




**Korkusögur**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.899.-




**Gleðin að neðan**
**VILDARVERÐ: 3.899.-**
Verð: 4.699.




**Pétur og Halla við hliðina - Útilegan**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.899.-




**Óboðinn gestur**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Stúlkan með snjóinn í hárinu**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Verstu börn í heimi 2**
**VILDARVERÐ: 3.359.-**
Verð: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

| | | | |
|---|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Álfabakka 16, Mjódd | Hafnarfirði - Strandgötu 31 | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Kringlunni norður | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Vestmannaeyjum - Bárustíg 2 |
| Laugavegi 77 | Kringlunni suður | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 | Húsavík - Garðarsbraut 9 |
| Hallarmúla 4 | Smáralind | Akranesi - Dalbraut 1 | |

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 10. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Theodór Jóhannesson**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
mánudaginn 3. september.
Útförin fer fram í kyrrþey.

**Björn Theodórsson** **Valgerður Kristjónsdóttir**
**Helga Theodórsdóttir** **Örn Friðrik Clausen**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Kærar þakkir færum við öllum
þeim sem sýndu okkur hlýju og
samhug við andlát og jarðarför

**Hiltrudar Hildar Guðmundsdóttur**

sem jarðsett var á Akranesi þriðjudaginn
4. september síðastliðinn.

**Guðmundur Guðmundsson**
**börn, tengdabörn og aðrir aðstandendur.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og
útför ástkærs eiginmanns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurðar Karls Leóssonar**

Sérstakar þakkir fyrir góða umönnun
fá læknarnir Friðbjörn Sigurðsson,
Nicholas Cariglia og hjúkrunarfræðingar Heimahlynningar
á Akureyri.

**Hólmfríður Guðmundsdóttir**
**Lára Ósk Sigurðardóttir** **Jóhannes H. Ásbjarnarson**
**Ingunn Karen Sigurðardóttir** **Jóhann Sigurðsson**
**Bryndís Gunnarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Guðmundur Viðar Gunnarsson** **Margrét Svanlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Katrín Stella Briem**

Mörkinni, Suðurlandsbraut 58,
áður Laugarásvegi 54,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi 27. ágúst sl. Útförin fer fram
frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. september klukkan 15.00.

**Friðrik Á. Guðmundsson** **Rúna Hauksdóttir Hvannberg**
**Pétur Alan Guðmundsson**
**Snorri Örn Guðmundsson** **Lisa Knutsson**
**Rúna Friðriksdóttir** **Mattia Pozzi**
**Katrín Stella Briem Friðriksdóttir**
**Maja Snorradóttir**
**Arna Snorradóttir**
**Leo Guðmundur Leif Snorrason**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
isleifur@usr.is
www.usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




Kransar, krossar og
kistuskreytingar

**Blóm í miklu úrvali**

BJARKARBLÓM
Vefverslun:
**Bjarkarblom.is**



**Útivist, hundar og hestar eru helstu áhugamál Ólínu sem er á útkallslista hjá Landsbjörg.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ólína fagnar nýjum áratug á Suðurlandi

**Ólína Þorvarðardóttir, þjóðfræðingur og fyrrverandi þingmaður, er sextug í dag. Hún hefur flakkað milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Nú hefur hún uppgötvað Suðurlandið.**

Ég er komin í borgina og með annan fótinn út úr henni aftur,“ segir Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir þjóðfræðingur sem er sextug í dag. „Við hjónin fluttum búferlum frá Ísafirði í fyrrahaust en nú var maðurinn minn að ráða sig sem kennara við Menntaskólann á Laugarvatni. Ég er bara í sjálfstæðum verkefnum sem rithöfundur og fræðimaður og get unnið hvar sem er.“

Ólína er dóttir Þorvarðar Kjerúlf Þorsteinssonar og Magdalenu Thoroddsen. Hún kveðst hafa slitið barnsskónum í Reykjavík og gengið í Hlíðaskóla. „Ég flutti á Ísafjörð fjórtán ára þegar pabbi var ráðinn þar sýslumaður. Svo gekk ég í Menntaskólann á Ísafirði og kynntist þar manninum mínum. Við vorum einn vetur á Húsavík eftir stúdentspróf, kenndum þar einn vetur og fórum svo í háskólanám til Reykjavíkur. Fluttum vestur aftur 2001 þegar ég var ráðin skólameistari Menntaskólans á Ísafirði. Svo varð ég alþingismaður 2009. Eftir að þingmennskunni lauk fluttum við suður. Þetta hefur verið svona kaflaskipt hjá okkur.“

Eiginmaður Ólínu er Sigurður Pétursson sagnfræðingur og á Laugarvatni ætlar hann að kenna sögu og félagsgreinar, að sögn Ólínu. Sjálf er hún að skoða elstu heimildir um íslenskar lækningar og vonar að niðurstöður rannsóknar hennar líti dagsins ljós, í formi bókar, innan tíðar. En hver eru helstu áhugamálin fyrir utan fræðin?

„Útivist, hundar og hestar. Ég og björgunarhundurinn minn hann Skutull höfum verið í leitarteymi á útkallslista Landsbjargar í fjöldamörg ár. Eigum að baki eitthvað á fimmta tug útkalla og mörg hundruð æfinga. Eftir að ég hætti í hestamennskunni fór ég í hundana, eins og ég orða það stundum. Svo er tónlistin mikill gleðigjafi í mínu lífi og ég syng í kvennakórnum Cantabile sem Margrét Pálmadóttir stjórnar.

> **Ég er í sjálfstæðum verkefnum sem rithöfundur og fræðimaður og get unnið hvar sem er.**

Ætlarðu að halda upp á afmælið? „Já, ég held upp á það á föstudagskvöldið með nánum vinum og samstarfsfólki, svo það teiti verður afstaðið þegar þetta viðtal birtist. En ég ætla á tónleika að kvöldi afmælisdagsins (í kvöld) með eiginmanninum. Við ætlum að hlusta á Helga Björns, skólabróður okkar, eins og fleiri Ísfirðingar sem munu fjölmenna þangað. Auk þess verður sennilega lítið kökuboð fyrir barnabörnin um helgina, svo þau fái líka afmælisveislu með ömmu sinni.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar og amma,

**Kristjana Jóna Brynjólfsdóttir**

frá Broddadalsá,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
á Hólmavík 1. september.
Útför hennar fer fram frá Hólmavíkurkirkju
13. september kl. 14.

**Brynja Guðbjörg Valgeirsdóttir**
**Sæmundur Gunnarsson** **Guðrún Gígja Karlsdóttir**
**Hafdís Gunnarsdóttir** **Hjörtur Númason**
**Brynjólfur Gunnarsson** **Fanney Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Unnsteinn Þorsteinsson**

Miðleiti 3,

lést föstudaginn 31. ágúst á
Landspítalanum í Fossvogi. Útför
hans fer fram frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 13. september kl. 15.00.

**Rut Árnadóttir**
**Þorsteinn Unnsteinsson**
**Árni S. Unnsteinsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**Sigurlaug K. Unnsteinsdóttir** **Þorsteinn J.J. Brynjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Kristín Halla bindur vonir við að þjóðin hjálpi henni að þekkja fólkið á myndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kannski á hillu hjá ömmu

**Hver er á myndinni? nefnist greiningarsýning í Þjóðminjasafninu sem opnuð er í dag. Þar eru myndir af fólki sem safnið vantar nöfn á, teknar af Alfreð D. Jónssyni.**

Vonandi þekkir fólk sjálft sig eða ættingja sína hér á veggjum safnsins. Myndirnar eru unnar upp af glerplötum og væntanlega eru pappírsmyndirnar til á hinum ýmsu heimilum. Kannski uppi í hillu hjá ömmu," segir Kristín Halla Baldvinsdóttir, sérfræðingur á Þjóðminjasafni. Þar verður opnuð greiningarsýning í dag á myndum eftir Alfreð Dreifus Jónsson sem rak ljósmyndastofu í Reykjavík á árunum 1931-1952, fyrst á Klapparstíg 37 og síðan á Laugavegi 23.

„Þetta eru óþekktar myndir sem Ljósmyndasafni Þjóðminjasafnsins voru gefnar til varðveislu af erfingjum Alfreðs. Hluti safnsins er skráður en þær myndir sem hanga hér á veggjum eru allar ómerktar og eru ábyggilega nærri þúsund talsins. Allt mannamyndir. Alfreð var alþýðuljósmyndari, það er ekki margt þekkt fólk í hans safni. Við vonum að einhverjir geti hjálpað okkur með greiningu á myndunum, áður en það verður um seinan. Erum með blöð sem við biðjum fólk að fylla út."

Áður hefur Þjóðminjasafnið verið með álíka gamlar myndir á greiningarsýningum, þó aðallega af bæjum og stöðum, að sögn Kristínar Höllu. „Fólk var okkur mjög hjálplegt við að merkja þær. Það hafa allir gaman af gátum svo sýningarnar gáfust vel og vöktu lukku," segir hún. „En við höfum sjaldan verið með jafn margar myndir í salnum og nú. Við prentuðum þær út á renninga og þetta er bara eins og mósaík á veggjunum. Fólk getur farið hér deginum og komið aftur og aftur og skráð niður á þar til gerð blöð það sem það."

Kristín Halla getur þess að samhliða sýningunni verði óþekktar myndir Alfreðs settar inn á vefinn sarpur.is og þar verði einnig settar inn greiningar á myndunum jafnóðum og þær koma. En er ekki erfitt að sannreyna hvort fólk hefur rétt fyrir sér eða ekki? „Við treystum því að fólk þekki foreldra sína, afa og ömmur. Svo erum við með stórt safn mannamynda fyrir og getum tvítékkað í því, ef við erum komin með nafn."

Sýningin er á jarðhæðinni, rétt hjá kaffihúsinu og ókeypis er inn á hana."

gun@frettabladid.is



Þekkir þú þessa myndarlegu fjölskyldu? MYND/ALFREÐ D. JÓNSSON



Hverjar skyldu þær vera, þessar ungu dömur? MYND/ALFREÐ D. JÓNSSON

---



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Hörður Garðarsson**

Háteigi 21b, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 4. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 11. september kl. 13.

**Elísabet Jensdóttir**

| | |
|---|---|
| **Kristján Gunnarsson** | **Guðrún Jóna Jónsdóttir** |
| **Garðar Haukur Gunnarsson** | **Harpa María Sturludóttir** |
| **Gunnar I. Gunnarsson** | **Sigfríður H. Sólmundard.** |
| **Sigríður Gunnarsdóttir** | **Sveinn Júlíus Adolfsson** |
| **Ásta Gunnarsdóttir** | **Emil Ágúst Georgsson** |
| | **Sólveig Jónsdóttir** |
| **Jóel E. Gunnarsson** | **Inga Steinunn Ágústsdóttir** |
| **Guðmundur R. Gunnarsson** | **Guðrún Björnsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Ingi Jónsson**

Heiðarbrún 6, Keflavík,

lést þriðjudaginn 28. ágúst. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 14. september kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á björgunarsveitirnar.

**Helga Jakobsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Jón Gunnar Ólafsson** | |
| **Hjördís Ólafsdóttir** | **Brynjar Freyr Níelsson** |
| **Eiríkur Ingi Ólafsson** | **Sæunn Reynisdóttir** |
| **Ólafur Frosti Brynjarsson** | |

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug og hinum látna virðingu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Helga Þrastar Valdimarssonar**

**Guðrún Agnarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ásgeir Rúnar Helgason** | |
| **Valdimar Helgason** | **Helena Margrét Jóhannsdóttir** |
| **Birna Huld Helgadóttir** | **Timothy Sebastian Perris Moore** |
| **Agnar Sturla Helgason** | **Anna Rún Atladóttir** |
| **Kristján Orri Helgason** | **Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Óli Sveinn Bernharðsson**

vélstjóri, Birkihlíð 21, áður Hátúni 10, Vestmannaeyjum,

lést hinn 23. ágúst á sjúkrahúsi á Tenerife. Útför hans fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum þann 15. september kl. 14.

| | |
|---|---|
| **Bernharð Ólason** | **Soffía Eiríksdóttir** |
| **Hafþór Ólason** | **Bryndís Hauksdóttir** |
| **Hrafnhildur Hlöðversdóttir** | **Brynjólfur Sigurðsson** |

**og fjölskyldur.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Huldu Sigríðar Ólafsdóttur**

áður Básenda 1.

| | |
|---|---|
| **Hallgrímur Jónasson** | **Guðríður Kristófersdóttir** |
| **Guðrún Jónasdóttir** | **Eiríkur Páll Eiríksson** |
| **Helga Jónasdóttir** | |
| **Elísabet Jónasdóttir** | |
| **Ólafur Jónasson** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

Sparið 50.000 krónur



FULLT VERÐ: ~~199.950~~

# 149.950



**ICEBERG TUNGUSÓFI MEÐ INNBYGGÐUM RAFMAGNSHÆGINDASTÓLI**
Rafstýrður fótskemill og stillanlegir höfuðpúðar. Grátt eða blátt tauáklæði. Fáanlegur með hægri eða vinstri tungu. 1710x1030x780 cm. Vnr. 88800002072, 88800002074

31 árs

Sparið 50.000 krónur



FULLT VERÐ: ~~169.950~~

# 119.950



**DELANO TUNGUSÓFI MEÐ INNBYGGÐUM RAFMAGNSHÆGINDASTÓLI**
Rafstýrður fótskemill. Ljóst tauáklæði. Fáanlegur með hægri eða vinstri tungu. 258x165x100 cm. Vnr. 8880002059, 8880002060



Sparið 30.000 krónur

FULLT VERÐ: ~~89.950~~

# 59.950

**HAMILTON RAFMAGNSLYFTISTÓLL**
Grátt tauáklæði. Fjarstýring fylgir. Vnr. 8880002056

**DAVIS TUNGUSÓFI**
Rúmgóður tungusófi með gráu tauáklæði. Fáanlegur með vinstri eða hægri tungu. 207x330x157 cm. Vnr. 8880001995



Sparið 80.000 krónur

FULLT VERÐ: ~~249.950~~

# 169.950

## VIÐ GEFUM 25.000 KR. GJAFABRÉF
Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR Í DAG LAUGARDAG



Sparið 30.000 krónur

FULLT VERÐ: ~~99.950~~

# 69.950

**BARING RAFMAGNSLYFTISTÓLL**
Fæst í svörtu og beige. Leður á slitflötum. Fjarstýring fylgir. Vnr. 8880002057, 8880002058

31 árs



Sparið 30.000 krónur

FULLT VERÐ: ~~169.950~~

# 139.950

**HUDSON TUNGUSVEFNSÓFI**
Glæsilegur svefnsófi fáanlegur með svörtu NEW PU áklæði. B255 x H82 x D222 cm. Í svefnstöðu: 120x185 cm. Vnr. 8880001059

50% afsláttur




*Dýna + botn + fætur*

*120x200 cm*

FULLT VERÐ: ~~79.900~~

# 39.950

**DREAMCLOUD RÚM**
Góð miðlungsstíf dýna með 280 pokagormum pr. m². Botn og fætur fylgja með. Áföst yfirdýna. 120x200 cm. Vnr. 8880002091

MEMORY FOAM



30% afsláttur

90x200 cm ~~9.995~~ nú **6.995**
120x200 cm ~~12.950~~ nú **8.995**
140x200 cm ~~14.950~~ nú **10.450**
160x200 cm ~~16.950~~ nú **11.850**

**EGGJABAKKALÖGUÐ YFIRDÝNA ÚR MEMORY FOAM SVAMPI**
Eggjabakkalöguð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi sem eykur þægindi og vellíðan. Svampurinn er sérhannaður með þrýstijafnandi eiginleika og veitir líkamanum góðan stuðning. Þykkt: 5 cm. Vnr. 810-10-1001

NÚ VERÐ FRÁ:

# 6.995



VIÐ FÖGNUM
31 ÁRS AFMÆLI
OG BJÓÐUM FRÁBÆR TILBOÐ
SPARIÐ
ALLT AÐ
70%
31 árs
30% afsláttur
FULLT VERÐ: ~~3.995~~
2.795
ANTONI VEGGHILLA
60x60x16 cm.
Vnr. 328-17-1040
Myrkvunargardína
31 árs
45% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
985
TOMMA MYRKVUNARGARDÍNA
Svört, ljósgrá, grá, grábrún eða beige.
60x170 cm ~~1.795~~ nú **985** 80x170 cm ~~1.795~~ nú **985**
90x210 cm ~~2.695~~ nú **1.480** 100x170 cm ~~1.795~~ nú **985**
120x170 cm ~~3.095~~ nú **1.695** 140x170 cm ~~3.595~~ nú **1.975**
180x170 cm ~~3.995~~ nú **2.195**
Vnr. 5523409
PARMA FERÐATÖSKUR
Lítil ~~3.995~~ nú **1.195**
Miðstærð ~~6.995~~ nú **1.995**
Stór ~~8.995~~ nú **2.695**
Vnr. 327-11-1012, 327-11-1013, 327-11-1014
70% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
1.195
60% afsláttur
DÖNSK GÆÐAVARA
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
FULLT VERÐ: ~~4.995~~
1.995
HALDI KODDI
Góður koddi sem minnir í flesta staði á góðan dúnkodda. Fylltur með 800 g af sílikonhúðuðum polyesterholtrefjum. Áklæði úr 100% bómull. 50x70 cm. Þolir þvott við 60°C. Vnr. 4217604
Sparið 10.000 krónur
50% afsláttur
Bómullarsatín
KRONBORG OF DENMARK
GOLD EINSTÖK GÆÐI
FULLT VERÐ: ~~3.995~~
1.995
NELL SÆNGURVERASETT
100% bómullarsatín. Hvítt, grátt eða svart. 140x200 cm.
Koddaver 50x70 cm. Vnr. 1259480
Allar ábreiður 35% afsláttur
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 11.09
Moskusdúnsæng
GOLD EINSTÖK GÆÐI
DÖNSK GÆÐAVARA
NOMITE
SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
19.990
RINGSTED DUN
RINGSTED IMPERIAL MOSKUSDÚNSÆNG
Lúxussæng fyllt með 90% af hvítum evrópskum moskusdúni og 10% af moskusfjöðrum. Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Fylling: 600 g. Burðargeta 11. Sængurtaska fylgir. 135x200 cm ~~29.990~~ nú **19.990**
135x220 cm ~~34.990~~ nú **24.990** Vnr. 4031450, 4031451, 4231404

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**KARTÖFLUGARÐUR**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist góðgæti sem margir hafa eflaust lagað nýlega eða eru að fara að laga. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. september“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Syndaflóð** eftir **Kristinu Ohlsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Óskar H. Ólafsson, Selfossi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Spil gerir sjúkum dvölina bærilegri (11)
**11** Hliðarverkanir eru í lágmarki (10)
**12** Eirðarlaus tittur Ármanns saknar stríðsáranna (11)
**13** Held ég berji Boris með viðeigandi þöll (10)
**14** Kjarnorkuúrgangur er hárréttur þar sem þessi er annars vegar (11)
**15** Þessi má fá það sem hún getur sótt sjálf (6)
**16** Á línu með hálfkveðnu loforði (7)
**17** Áltakan auðveldar mér að læra réttu tökin (9)
**20** Er hræin voru rannsökuð sýndi sig þetta voru villtar finkur (6)
**22** Tel þennan farða alveg búinn en tegundin er enn til (8)
**24** Hindra för heldra fólks, það er mitt helsta viðkvæði (8)
**26** Fannst yndislegt að vera þar sem við dveljum með ákveðnum klaufum (8)
**28** Bara við tvö tökum undir með atómunum (8)
**31** Þetta fínlega krakkaóhræsi sprettur út um allt land (8)
**33** Meiðir mig er þú skerðir hár mitt og skegg (5)
**34** Umkringi Spán með illum fyrirboðum (9)
**35** Það sem spillir gleði getur kostað mannslíf (8)
**37** Ég á kollótt fé og reikult (5)
**38** Stefnir himinháum fiskum í hættu (11)
**39** Eltu nú og veltu svo gumsið hangi saman (7)
**40** Garðahreinsir veldur kraftaverki (5)
**42** Feður drekka gin ef þokkinn fer í rugl (8)
**43** Höfuð þessa flota vantar nettan hnall (8)
**44** Angið eins og sólasvið (5)
**45** Tími Freys og Demeters (6)
**46** Hér dorgar borgarstjóri til hádegis (7)
**47** Skrappst í brekkuna, smeygðir undir þig þotunni og líst vaða (7)

### LÓÐRÉTT

**1** Kenni það sem koffort geymir og eigandi þess lærir (10)
**2** Les í brunaleifar kallanna og greini þar áhrif ákveðinna samsæta (10)
**3** Sæki bor í hús, enda haldinn þjófsótta miklum (8)
**4** Vesæl með bobbum sem við kenndum í brjósti um (8)
**5** Fyrir nú utan að sá eini á listanum setti sig þar sjálfur (9)
**6** Buslað í polli við Ráðhúsið (11)
**7** Rjúka í heyskapinn með pulsinn í 110 (11)
**8** Riddarakross fæst fyrir góða frammistöðu í krossgátunni (11)
**9** Óþrifin bulluðu með óþrifnum? (10)
**10** Alla ævi kenni ég bara einnar konu – er það ekki tómt rugl? (8)
**18** Orti bálk um blíðuhæng (9)
**19** Björninn tekur 49 skref að utan (8)
**21** Af auðlindaverði og tilkalli til nýtingar hans (9)
**23** Böl jarðar sem bitin er niður í rót (12)
**25** Jarðvegur fyrir nefndahópa og annað svikahyski (11)
**27** Þegar festa verður föðurland (7)
**29** Banvænn sníkill berst í fólk sem hyllir Ra á bökkum stórfljóts (10)
**30** Í þessum tilteknu hljóðritunum er greint frá byrjuninni (10)
**32** Greini mjúkt nauð frá háskólafólki í uppnámi (9)
**33** Gera lítið úr misræminu enda er það ekki neitt neitt (9)
**36** Þar gólu geð ill og öll úr lagi drottins gengin (7)
**41** Illska heitir hún, og ég tek hana með mér á bak (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Guðfinnur Kjartansson átti leik gegn Kristni Bjarnason hjá Ásum fyrir skemmstu.

**1. ... Bh3! 2. g3 Bxf1 3. Dxf1 Rxg3+! 4. gxh3 Dh5+ 0-1.**
Blómlegt líf er hjá eldri skákmönnum og teflt flesta daga. Yfirlit yfir starfsemina má finna á mótaáætlun á www.skak.is. NM barna- og grunnskólasveita hefst í dag.
**www.skak.is:** Ólympíufarinn.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## Dýr vörn

Sveit Hótels Hamars (sem margir telja sterkustu sveit landsins) vann næsta öruggan sigur á sveit Binga og vina í þriðju umferð Bikarkeppni Bridgesambands Íslands 88-27. Í leiknum græddi sveit H. Hamars 14 impa á þessu spili. Allir voru á hættu og Bernódus Kristinsson í sveit Binga hóf sagnir í vestur með „multisögninni“ 2♦ (undir opnun og 6 spil í hálit). Allir á hættu og vestur gjafari:

**Norður**
♠ Á862
♥ K7
♦ G642
♣ 1052

**Vestur**
♠ KD10954
♥ Á3
♦ 1083
♣ 97

**Austur**
♠ 3
♥ D842
♦ KD975
♣ DG4

**Suður**
♠ G7
♥ G10965
♦ Á
♣ ÁK863

Ingvaldur Gústafsson í austur sagði 2♠ (ef liturinn er hjarta vil ég spila meira) eftir pass Aðalsteins Jörgensen í norður. Matthías átti vandræðahönd en kom inn á 3♥ á suðurhöndina. Þá sögn hækkaði Aðalsteinn í 4♥ og útlitið var ekki gott. Útspilið var spaðakóngur sem var drepinn í blindum á ás og litlu laufi spilað. Vörnin var svo vinsamleg að fara upp með drottningu. Vestur hélt að spilafélagi í austur ætti KD og þegar hjarta var spilað var rokið upp með ás og laufníu spilað til að fá stungu. Hún fékkst ekki en laufaliturinn var orðinn tapslagalaus. Matthías var ekki í vandræðum með að vinna spilið eftir þetta og græddi 14 impa í samanburðinum (3 grönd í NS sem voru 3 niður). Nú eru aðeins 4 sveitir eftir í bikarkeppninni og úrslitakeppnin fer fram um helgina. Hinir leikirnir í 8 liða úrslitum fóru þannig: Sveit Kópavogs 1 vann betri ferðir 105-62, Kristján Blöndal vann Rúnar Einarsson 103-64 og Vopnabræður unnu Leikni 101-62. Í úrslitum eigast við Kristján Blöndal-Hótel Hamar annars vegar og Kópavogur 1 og Vopnabræður hins vegar.


VÍSINDI

SKÖPUN

SJÁLF-
STYRKING



DANS

TÓNLIST


**KLIFIÐ**
SKAPANDI SETUR

# HAUST 2018 SKAPANDI NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN & FULLORÐNA



## SPJALDTÖLVUMYNDLIST

Skapandi hugsun og persónulega tjáning, þroska vinnubrögð og tilfinningu fyrir spjaldtölvumyndlist · 6-9 og 10-12 ára



## SÖNGUR EINKATÍMAR

Einkatímar fyrir Complete VocalTechnique einkatímar sérhönnaðir að hverjum og einum nemanda · f. 16 ára og eldri



## SÖNGNÁMSKEIÐ

Skapandi námskeið þar sem lagt er áherslu á tjáningu og framkomu, tónlistarsköpun, ein- og samsöng · 5 -16 ára



## MYNDLISTARNÁMSKEIÐ

Áhersla á persónulega tjáningu og undirstöður sjónlista m.a. formhugsun, myndbyggingu og litafræði · 6-7 & 8-9 ára og styrkleikum · 7 - 10 ára



## TEIKNING

Að getað tjáð sig með blýanti og blaði. Grunnur í teikningu opnar gáttir að heimi hugmynda og sköpunar · 10-12 ára



## TEIKNING FINNDU ÞINN STÍL

Spennandi teikninámskeið þar sem unnið er með frásagnarhæfni nemenda ásamt almennri tækni í teiknun · 13-16 ára



## BÍLSKÚRSBANDIÐ

Viltu vera með í hljómsveit? Þátttakendur semja sjálfir frá grunni, fyrir byrjendur og lengra komna. · 11-14 ára



## GRUNNTEIKNING

Kenndar verða mismunandi aðferðir og helstu undirstöðuatriði þegar kemur að teikningu · Fullorðnir



## SLAGVERK · EINKATÍMAR

Farið yfir alla helstu tónlistarstíla með rytma í aðalhlutverki. Áhugasvið nemandans í forgrunni · Börn & fullorðnir



## FITNESS FJÖR

Skemmtilegar og fjölbreyttar æfingar með Zumba, trampólín, stöðvaþjáflun og jógateygjum · 14-17 ára



## LEIKLIST OG DANS · JÚLÍ HEIÐAR

Skemmtilegt & skapandi dansnámskeið þar sem farið er um víðan völl, allt frá hip hop yfir í framkomu og leiklist · 5-16 ára



## SAUMANÁMSKEIÐ · FERMINGARFLÍK

Kennt verður að sníða og sauma flík. Nokkur einföld snið verða í boði sem hægt verður að útfæra eftir eigin höfði · 13-14 ára



## PÍANÓ · GÍTAR · TROMMUR

Sérsniðin hljóðfæranámskeið sem eru aðlöguð að getu og áhugasviði hvers og eins · Börn og fullorðnir



## LEIKLISTARNÁMSKEIÐ

Öll leiklistarnámskeið Leynileikhússins byggjast fyrst og fremst upp á leikgleði fyrir · 7-13 ára



## UNDIR HEILLASTJÖRNU

Hugleiðsla, sjálfstyrking og jafnvægi hentar börnum sem glíma við kvíða og spennu· 11-12 ára



## GÍTARINN OG NÚVITUND

Lærðu að finna máttinn og gleðina í núinu við tónlistaræfingar og iðju. Fyrir lengra sem styttra komna · 13+ ára



## VATNSLITANÁMSKEIÐ

Hér er farið í mismunandi gerðir pappírs, liti og það helsta sem þarf til að ná góðri stjórn á vatnslitamálun · Fullorðnir



## BADMINTON

Badminton í góðra vina hópi. Við bjóðum upp á velli til útleigu fyrir vini, pör og fjölskyldur. Ath. aðeins 1 völlur laus fim

**SKRÁÐU ÞIG NÚNA! WWW.KLIFID.IS · KLIFID@KLIFID.IS · S: 5650600**

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 317

„Jæja þá, tvær sudoku gátur," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær," bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | 2 | | 8 | 7 |
| 4 | 7 | 6 | | | 8 | 2 | 9 | |
| | | | 4 | | | | | 5 |
| | 5 | | 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | |
| 9 | | 7 | | 8 | | 5 | | 6 |
| | 1 | 8 | | 4 | 5 | | 3 | |
| 7 | 3 | | 2 | | | 8 | 5 | 4 |
| 8 | | | | 9 | 4 | 1 | | 3 |
| 1 | | 2 | 8 | 5 | | 6 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 2 | | 5 | | | 6 |
| | | | | 1 | | | 8 | 2 |
| 2 | 3 | | | 9 | 8 | | 5 | |
| | | 2 | | | 1 | | | 3 |
| 3 | | 9 | 6 | 5 | | 8 | | 4 |
| 5 | 6 | | | 3 | 4 | | | |
| | 8 | 4 | | 6 | | 2 | | 7 |
| | 5 | | 4 | 2 | | 6 | 3 | |
| 6 | | | 1 | | 7 | 9 | 4 | |

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?





Katrínu Elsu langar að verða leikskólakennari. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vaknaði með tönn úr vinkonu undir koddanum

**Katrín Elsa Andradóttir** hefur gaman af að lesa og á morgnana gluggar hún í Fréttablaðið til að sjá hvað er að gerast í heiminum.

Hún Katrín Elsa Andradóttir er sjö ára gömul og er búin að læra að lesa. Það nýtir hún sér óspart til bóklesturs. Og hún les fleira. Ég les alltaf Fréttablaðið á morgnana til að sjá hvort það sé eitthvað spennandi að gerast.

**Er eitthvað sérstakt í Fréttablaðinu sem þú skoðar dagsdaglega?** Já, skrípóið og krakkasíðan um helgar.

**Í hvaða skóla ertu?** Hjallastefnuskólanum í Hafnarfirði.

**Hlustar þú á tónlist?** Já, stundum.

**Hvaða lag er í uppáhaldi?** Uppáhaldslagið mitt er High Top Shoes.

**Áttu uppáhaldssöngvara eða söngkonu?** Jo Jo Siwa er best.

**Finnst þér sjálfri gaman að syngja?** Nei, það finnst mér ekki.

**Hvernig leikur þú þér helst?** Mér finnst skemmtilegast að leika úti. Ég er alltaf á trampólíni og svo er líka mjög skemmtilegt í fótbolta.

**Hvað gerðir þú skemmtilegt í sumarfríinu?** Ég fór til Spánar til ömmu og afa og synti í sundlaug á hverjum degi. Ég fór líka í dýragarð og vatnsrennibrautagarð og tívolí.

„SAMT SVÁFUM VIÐ EKKI Í SAMA RÚMI. ÞETTA VAR MJÖG SKRÝTIÐ.

**Hvaða dýr er í mestu uppáhaldi hjá þér?** Gíraffi, hundur og köttur. Stóra systir mín á kött sem heitir Nico og er mjög skemmtilegur.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur lent í?** Einu sinni þegar Sísí vinkona mín gisti hjá mér setti hún tönnina sína undir koddann sinn en svo þegar ég vaknaði þá var tönnin hennar komin undir minn kodda. Samt sváfum við ekki í sama rúmi. Það var mjög skrýtið.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Leikskólakennari, því mér finnst lítil börn svo krúttleg og skemmtileg.

## Lestrarhestur vikunnar Alexander Demian

Alexander Demian er tólf ára.

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Maður getur upplifað alls konar ævintýri og mismunandi tilfinningar, t.d. gleði, sorg, spennu og hræðslu.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Reimleikar heitir bókin og er blanda af mörgum íslenskum draugasögum.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Greppikló var uppáhaldsbókin.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Fyndnar, spennandi og hræðilegar.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Í kringum einu sinni í mánuði.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ölduselsskóla.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Helstu áhugamálin mín eru handbolti og fótbolti.




Alexander ánægður með Íslandsbókina.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi, veljið eitt pappírsdýr sem þið finnið á safninu, skrifið nafn, símanúmer, aldur og nafn á áhugaverði bók sem þið hafið lesið og takið þannig þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.


BÓKA
MARKAÐUR
Á FISKISLÓÐ 39
OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19
GRILLAÐAR PYLSUR OG DJÚS
FORLAGIÐ
ÆVAR VÍSINDAMAÐUR
LES UPP ÚR BÓKUM SÍNUM
KL. 15 Í DAG
ÆVARSPAKKI
2.490 kr.
BONITA AVENUE
PETER BUWALDA
99 kr.
ALDREI MEIRA ÚRVAL
STRÍÐSÁRIN 1938–1945
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
80% afsláttur
100 stk. á
3.990 kr.
KORT
1.290 kr.
LEE CHILD
EFTIRLÝSTUR
VILLIBRÁÐ
FÓRNARDAUÐI
Lee Child – pakki
1.490 kr.
Litabókin hans Nóa
690 kr.
Mundu mig, ég man þig
490 kr.
HANN KALLAR Á MIG
999 kr.
SMÁRÉTTIR NÖNNU
990 kr.
GÖNGULEIÐIR AÐ FJALLABAKI
990 kr.
*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðaustan og austan 5-13 og rigning á Suðausturlandi í dag, rigning með köflum sunnan og vestan til en úrkomulítið í öðrum landshlutum. Hiti 8 til 16 stig. Hlýjast fyrir norðan.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 19° | Oslo 17° | Stokkhólmur 22° | Gautaborg 15° | Helsinki 22° | Þórshöfn 11° | Nuuk 6° |
| London 16° | Amsterdam 16° | Paris 22° | Berlín 21° | Madríd 22° | Brussel 18° | Róm 28° |
| Boston 18° | New York 19° | Orlando 23° | Moskva 24° | Singapúr 27° | Tókýó 25° | Sydney 12° |











### Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↘2 | 10° ↑4 | 9° ↑5 | 8° ↘2 | 8° ←6 |

### Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↓2 | 7° ↗6 | 7° ↗6 | 5° ↘4 | 6° ←3 |

### Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↙2 | 8° →5 | 8° ↗8 | 8° ↘2 | 6° ↘2 |

### Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↖1 | 9° ↗1 | 10° →5 | 8° ↗1 | 9° ↗1 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ←5 | 11° →4 | 9° ↑3 | 9° ↓1 | 8° ←2 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Við erum
1 árs!
Komdu í afmælisveislu!
Við höldum upp á eins árs afmæli Panduro á Íslandi um helgina í Smáralind. Prófaðu, skoðaðu og nældu þér í frábærar föndurvörur á ótrúlegu verði. Tilboð og dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
Laugardagur, kl. 14-16
Blöðrulistamaður frá Sirkus Íslands kemur í heimsókn og Júlíus leirsnillingur kennir gestum og gangandi á Fimo leirinn.
Sunnudagur, kl. 14-16
Villimey, mangateiknari, teiknar andlitsmyndir af viðskiptavinum í mangastíl.
Glæsileg afmælis-tilboð
BIO ORGANIC
JUNIOR
2+ YEARS
6 X 100 G
Stickers
panduro
draumaverslun föndrarans

# Fjölbreytt leikár fram undan



**Sigríður Jónsdóttir, leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, fjallar í sviðsannál um leikárið 2018-2019. Á nýju leikári kennir ýmissa grasa hvað varðar íslenska leikritun og allnokkuð er um ný andlit.**






Haustið ber með sér súld, slabb og kalda vinda en blessunarlega líka splunkunýtt leikár. Leikhúsin keppast nú við að auglýsa sýningar sínar og þá er tilvalið að rýna í úrvalið, taka púlsinn á íslenska sviðslistaheiminum og fara í startholunar fyrir komandi leikhúsvetur.

### Þarf að styðja við leikskáld

Áður en lengra er haldið er þó nauðsynlegt að horfa um öxl og fjalla um Grímuna, uppskeruhátíð sviðslista á Íslandi, sem sjónvarpað var beint á RÚV í júní síðastliðnum. Það er synd að ekki virðist vera hægt að sýna hátíðina í heild sinni en mörg verðlaunanna eru afhent áður en bein útsending hefst. Uppröðunin í ár var þó sérstaklega slæm. Að íslensk leikritun og leikskáld fái ekki pláss í útsendingu Grímunnar er gjörsamlega óafsakanlegt. Sömuleiðis er líka ótækt að aðlaganir séu settar í sama flokk og frumsamin verk. Frá 2013 hafa fjórar leikgerðir unnið til verðlauna. Einnig hefur nafni verðlaunanna verið breytt, ekki er lengur talað um leikskáld ársins heldur leikrit ársins. Smáatriðin skipta máli og heildarniðurstaðan er sú að sífellt er dregið úr mikilvægi leikskáldsins.

Samkvæmt nýlegri breskri könnun seljast fimm sinnum fleiri miðar þar í landi á leiksýningar byggðar á annaðhvort bókum eða kvikmyndum en á frumsamin leikrit. Forvitnilegt væri að gera svipaða könnun hér þar sem aðlaganir taka oft mikið pláss. Aftur á móti bera íslenskir áhorfendur líka ábyrgð og verða að styðja betur við leikskáld sem skrifa fyrir samtímann. En ekki er öll nótt úti enn, ferskir vindar blása og vindáttin boðar gott.

### Einstök einleikjahátíð

Einleikjahátíðin Act Alone á Suðureyri hefur löngum markað byrjun leikársins og var hún haldin hátíðleg í sextánda sinn í byrjun ágúst. Áhorfendur eru hvattir til að leggja land undir fót á næsta ári og skoða hvers megnug landsbyggðin getur verið enda er hátíðin, leidd af frumkvöðlinum Elvari Loga Hannessyni, algjörlega einstök.

Leikfélag Akureyrar, þar sem Marta Nordal hefur tekið við sem listrænn stjórnandi, spilar fram áhugaverðu leikári. Nýklassíski söngleikurinn Kabarett hefur leikinn og leikárið endar með fjölbreyttu samspili af nýjum leikverkum, þar á meðal heimildarverkinu Skjaldmeyjar hafsins sem fjallar um reynsluheim eiginkvenna sjómanna. Mikil grasrótarvinna er í gangi á landsbyggðinni og allar líkur á því að hún skili sér margfalt til baka á næstu misserum.

### Sárt saknað

Leikárið á höfuðborgarsvæðinu byrjar að jafnaði um miðjan september. Fyrsta frumsýning Borgarleikhússins er einleikurinn Allt sem er frábært eftir Duncan Macmillan, þriðja leikverkið eftir höfundinn sem húsið sýnir á tæpu ári, en hópurinn sem fer fyrir sýningunni er fyrsta flokks.

Fyrsta frumsýning Þjóðleikhússins átti að vera gamanleikurinn Fly Me to the Moon eftir Marie Jones, sem leikstýrir sjálf, en hún er kannski þekktust fyrir að semja hið vinsæla Með fulla vasa af grjóti. Upphaflega áttu Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir að fara með aðalhlutverkin en sú síðarnefnda dró sig út úr sýningunni og Anna Svava Knútsdóttir tekur við. Ástæða þess að Steinunn Ólína forfallaðist voru þær hryggilegu fréttir að eiginmaður hennar, leikarinn Stefán Karl Stefánsson, lést undir lok ágústmánaðar eftir langvinna og erfiða baráttu við krabbamein. Hann var einungis 43 ára að aldri og verður sárt saknað.

### Ný íslensk leikritun

Á þessu leikári kennir ýmissa grasa hvað varðar nýja íslenska leikritun, sem er skref í rétta átt. Í Þjóðleikhúsinu má finna fjögur ný íslensk verk að þessu sinni; Insomnia eftir Amalie Olesen og leikhópinn Stertabendu, Velkomin heim! eftir Maríu Thelmu Smáradóttur í samvinnu við Trigger Warning og grínverkið Súper eftir Jón Gnarr.

Í Borgarleikhúsinu má sjá Tvískinnung eftir ljóðaslammskáldið Jón Magnús Arnarsson, Ég dey eftir Charlotte Bøving og Club Romantica eftir Friðgeir Einarsson í samvinnu við leikhópinn Kriðpleir. Að auki teflir leikhúsið fram nýskáldunum Hildi Selmu Sigbertsdóttur, Matthíasi Tryggva Haraldssyni og Þórdísi Helgadóttur í Núna 2019 sem Kristín Jóhannesdóttir leikstýrir. Þetta er frábært framtak og einstaklega snjallt að tefla kynslóðunum saman á þennan máta.

**EKKI ER EINUNGIS HÆGT AÐ STÓLA Á ÞÁ EINSTAKLINGA SEM SLÁ Í GEGN SAMSTUNDIS HELDUR VERÐUR AÐ RÆKTA HÆFILEIKA MEÐ ALÚÐ OG STUÐNINGI.**

### Ný leikrit í Tjarnarbíói

Ný leikrit eru hornsteinn leikársins í Tjarnarbíói sem er sannar hversu mikilvægt er að sjálfstæða sviðslistasenan eigi fast heimili, sem Reykjavíkurborg verður að styðja betur við fjárhagslega. Þar má finna fimm ný leikrit; Svartlyng eftir Guðmund Brynjólfsson, Griðastað eftir Matthías Tryggva Haraldsson, Rejúníon eftir Sóleyju Ómarsdóttur, Það sem við gerum í einrúmi úr smiðju Smartílab og kómíska einleikinn Istan eftir Pálma Frey Hauksson. Einnig hýsir Tjarnarbíó tilraunakenndar tónlistarsýningar, dans og sviðslistahátíðina Spectacular, samvinnuverkefni Lókal og Reykjavík Dance Festival.

### Hin óviðjafnanlega Ronja

Framboð af nýjum barnaleikritum er ekki ýkja mikið í stóru leikhúsunum en þess í stað stóla þau á kanónur af stærri gerðinni.

Þjóðleikhúsið frumsýnir hina óviðjafnanlegu Ronju ræningjadóttur í byrjun september með Sölku Sól fremsta í flokki á Stóra sviðinu og Ævar Þór Benediktsson, betur þekktur sem Ævar vísindamaður, færir fjölþætta sagnabálkinn sinn upp á svið undir nafninu Þitt eigið leikrit á nýja árinu.

Litlu leikhúsgestir Borgarleikhússins þurfa að bíða fram á næsta ár til að finna eitthvað nýtt þar í húsi. Þá mætir Matthildur eftir Roald Dahl á svið í öllu sínu veldi í uppfærslu eftir leikskáldið Dennis Kelly og uppistandarann Tim Minchin. Leikhópurinn Lotta hefur fundið sér fast heimili í Tjarnarbíói og sýnir Rauðhettu þar á nýju ári, einnig verða bæði dans- og jólasýningar fyrir smæstu gestina þar í húsi.

### Einræðisherrar mætast

Leikhúsið keppist við að endurspegla samtímann og sálarlíf mannfólksins og miðað við hvernig heimurinn er í dag getur ekki verið tilviljun að valdaþyrstir einræðisherrar ráði lögum og lofum í jólasýningum ársins. Þar mætast Ríkharður III í Borgarleikhúsinu og kómísk útgáfa af Adolf Hitler í Þjóðleikhúsinu, en sú sýning er dönsk uppfærsla á kvikmyndinni Einræðisherranum sem Charlie Chaplin gerði ódauðlega.

Bæði stóru leikhúsin leita til klassíkurinnar til að loka leikárum sínum. Áhugavert verður að sjá hversu vel Kæra Jelena eftir Ljúdmílu Razumovskaju eldist og hvernig Loddarinn eftir Moliére verður framreiddur af Stefan Metz.

### Ný andlit

Mikið er um ný andlit á þessu ári sem er ánægjulegt og forvitnilegt verður að sjá þetta unga fólk feta sín fyrstu spor í leikhúsinu. Aftur á móti verður að undirstrika hversu mikilvægt er að hlúa að þessu nýja sviðslistafólki sem alltof oft hverfur af sviðinu áður en það hefur fengið tækifæri til að sanna sig almennilega. Þetta fólk er framtíðin og ekki er einungis hægt að stóla á þá einstaklinga sem slá í gegn samstundis heldur verður að rækta hæfileika með alúð og stuðningi.

Ekki má gleyma frábæru leikhúsbíósýningunum í Bíói Paradís, sem gefa íslenskum leikhúsunnendum tækifæri til að sjá hvað er á fjölunum í London. Í haust verður hægt að horfa á Ian McKellen glíma við Lé konung eftir William Shakespeare og nýja útgáfu af Ungfrú Júlíu eftir August Strindberg.

### Líklegar til gæða

Leikhúsáhorfendur landsins hafa úr nægu að velja á þessu leikári en nokkrar sýningar verður að nefna sérstaklega sem líklegar til gæða.

Báðar Shakespeare-sýningarnar, Ríkharður III og Jónsmessunæturdraumur, lofa góðu. Sömuleiðis nýju erlendu verkin Samþykki í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur og Dúkkuheimili, annar hluti, í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur. Og miðað við útkomu síðustu ára eru allar líkur á því að Matthildur í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar eigi eftir að slá í gegn. Einnig skal nefna enn og aftur hversu mikilvægt er að styðja við öll þau nýju íslensku leikrit sem eru í boði.

Nú er lag að leikhúsáhorfendur kaupi sem flesta miða í leikhús, styðji þétt við bakið á íslenskri leikritun, fari út fyrir þægindarammann og hvetji ungt leikhúsfólk til dáða.

Góðar leikhússtundir!

**Sigríður Jónsdóttir**

# FJALLALAMB
# Á FRÁBÆRU VERÐI




FJALLALAMBSLÆRI
FROSIÐ
999 KR.KG

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI · VESTURBERG · ARNARBAKKI · GLÆSIBÆR · STAÐARBERG · HAFNARGATA · KAUPANGUR



Bílabúð Benna
Kynntu þér Opel og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 8. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Matador bash á Prikinu
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Rapparinn Birnir kemur fram á Prikinu laugardaginn 8. september. Tilefnið er fagnaður vegna fyrstu útgáfu hans, plötunnar Matador, nú á dögunum. Ásamt öðrum gestum er það Young Nazareth sem verður á spilurunum og Birni til halds og trausts frá 22.00 til miðnættis.

**Hvað?** Helgi Björns | Ammæli í Höllinni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugardalshöll
Helgi Björns varð 60 ára þann 10. júlí og af því tilefni blæs hann til glæsilegra stórtónleika í Laugardalshöllinni laugardaginn 8. september. Sérstakir gestir: Emmsjé Gauti, Högni og Ragga Gísla. Helgi fer yfir allan ferilinn dyggilega studdur af húsbandi skipuðu færustu hljóðfæraleikurum landsins og ekkert verður til sparað í umgjörðinni til að tónleikarnir verði sem eftirminnilegastir.

**Hvað?** Skítamórall á Spot
